MOSFELLINGUR

11. TBL. 25. ÁRG. FIMMTUDAGUR 5. NÓVEMBER 2026 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

Þegar koma tveir regnbogar í röð



Mynd/Myndó

Tvöfaldur regnbogi skein í gegn og blessaði miðbæ Mosfellsbæjar á þungum haustdegi. „Þegar koma tveir góðviðrismorgnar í röð á Íslandi, þá er einsog allar áhyggjur lífsins hafi kvatt fyrir fult og alt". Halldór Laxness, Heimsljós.



Mosfellingurinn **Gylfi Þór Þorsteinsson** *sviðsstjóri hjá Rauða krossinum*

Segi sjaldnast nei ef starfið er spennandi

»30

EIGN VIKUNNAR www.fastmos.is



Úugata 3-9

Ný og glæsileg um 170 m2 raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsin eru með þremur svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum á efri hæð og gestasnyrtingu á neðri hæð. Húsin afhendast fullbúin án parkets Vandaðar innréttingar og fullfrágengin lóð. Afhending í mars 2027.

V. 137,5 - 139,9 m.





Fasteignasala Mosfellsbæjar

FYLGSTU MEÐ OKKUR á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

MOSFELLSBAKARÍ

TÖKUM VEL Á MÓTI YKKUR

BJARKARHOLT 3-5 | HÁALEITISBRAUT 58-60 | S: 566 6145 | MOSFELLSBAKARI.IS



FJÖLSKYLDU JÓLA BINGO
1.DESEMBER

Fullt af flottum vinningum
Þar á meðal risa jóla matarkarfa fyrir alla fjölskylduna og gjafabréf út að borða
3.490kr fyrir pizzahlaðborð og bingo spjald

BÓKIÐ Á BLIKBISTRO.IS

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf
Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS

BÍLALEIGA Á STAÐNUM

CAB CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

MOSFELLINGUR

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Gerplustræti 4, sími: 698 6987

Ábyrgðarmaður: Sigmar Vilhjálmsson, *simmi@immis.is*

Ritstjórn:
Hafrún Hafliðadóttir *ritstjóri, hafrun@mosfellingur.is*

Blaðamenn:
Einar Karl Sigmarsson *íþróttir, mosfellingur@mosfellingur.is*
Ruth Örnólfsdóttir *blaðamaður, ruth@mosfellingur.is*
Prófarkalestur: Lýdía Huld Grímsdóttir, *lydiahuld@mosfellingur.is*
Prentun: Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Aftureldingu.
Umbrot og hönnun: Davíð Gunnarsson, *david@mosfellingur.is*
ISSN 2547-8265

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og greinar skulu berast fyrir kl. 17:00 föstudag fyrir útgáfudag.

Haustið komið í Mosó

Nóvember er genginn í garð, dagarnir styttast og við förum að eyða meiri kósítíma innandyra. Það er eitthvað notalegt við þennan árstíma þótt ég verði að viðurkenna að ég er ekki alveg tilbúin að kveðja birtuna strax. Áður en við vitum af verða þó jólaseríurnar komnar upp í gluggana og aðventan farin að banka upp á.

Það er oft á þessum tíma árs sem maður staldrar aðeins við og hugsar um hvað það er sem gerir bæinn okkar að góðum stað til að búa á. Við tölum gjarnan um fallega náttúru, góðar gönguleiðir, skóla, íþróttastarf og nálægðina við borgina. Allt skiptir þetta máli en þegar upp er staðið held ég að það sé fyrst og fremst fólkið sem gerir Mosfellsbæ að því samfélagi sem hann er. Bærinn heldur áfram að stækka og breytast. Nýjar fjölskyldur setjast hér að, börn vaxa úr grasi og kynslóðirnar taka við hver af annarri.



Í þessu tölublaði kynnumst við áhugaverðu fólki sem hefur hvert með sínum hætti látið að sér kveða. Það er einmitt eitt það skemmtilegasta við að vinna að Mosfellingi að fá að heyra sögur fólksins sem býr hér, starfar og lætur drauma sína rætast.

Hafrún Hafliðadóttir, ritstjóri Mosfellings

ÍSFUGL

www.isfugl.is

KJÚKLINGUR KALKÚNN UM ÍSFUGL ÍSFUGLSBÆNDUR

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 26. NÓVEMBER

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ... ÁRIÐ 2007



Mosfellskt tónlistarteymi fyrir utan Norðurlandahúsið í Þórshöfn að loknum tónleikum hinn 15. júní. Talið frá vinstri: Jón Halldór Finnsson, Hjördís Elín Lárusdóttir, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Anna Guðný Guðmundsdóttir, Sigurður Snorrason, Þorkell Jóelsson og Sigurður Þorbergsson.

Mosfellingar gerðu garðinn frægan með Sinfóníuhljómsveit Íslands 2007

Stormandi lukka í Færeyjum

Dagana 14. og 15. júní árið 2007 hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands (fær. Íslendska symfoniorkestrið) tónleika í Norðurlandahúsinu í Færeyjum og flutti einkum gömul íslensk dægurlög. Söngkonur með hljómsveitinni voru Mosfellingarnir Hjördís Elín Lárusdóttir og Sigrún Hjálmtýsdóttir og gerðu þær stormandi lukku á tónleikunum. Að auki léku fimm hljóðfæraleikarar úr Mosfellsbæ með hljómsveitinni svo óhætt er að segja að Mosfellingar hafi gert garðinn frægan hjá frændum okkar Færeyingum



Söngdívurnar úr Mosfellsbæ, þær Sigrún Hjálmtýsdóttir og Hjördís Elín Lárusdóttir, ásamt íslensku ræðismannshjónunum í Færeyjum, Eiði Guðnasyni og Eygló Helgu Haraldsdóttur.

Umsjón: Birgir D. Sveinsson *(birgird@simnet.is)*

HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?







KRANABILLINN.IS

SÍMI 780 5400

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór Einarsson
Lögg. fasteignasali



Sigurður Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil Karlsson
Lögg. fasteignasali



Steingrímur Benediktsson
Lögg. fasteignasali



HULDUGATA 2-4

Falleg og vel skipulögð 64,6 m2, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi í nýlegu lyftuhúsi. Falleg HTH eldhúsinnrétting með AEG heimilistækjum. Afgirt hellulögð verönd í suðurátt. Frábær staðsetning, stutt í skóla, leikskóla, strætóstoppistöð og fallegar gönguleiðir. **V. 60,9 m.**



KOLBRÚNARGATA 1-3

Fallegar og vel skipulagðar 2ja og 3-4ra herbergja íbúðir í nýju fimm íbúða fjölbýlishúsi við Kolbrúnargötu 1. Eignirnar afhendast fullbúnar í nóvember 2026 með gardínum, gólfefnum, innréttingum frá HTH og innbyggðum eldhústækjum. Rúmgóðar svalir/verönd í suðurátt með fallegu útsýni.
V. 69,9m, 89,5m og 91,5 m.



DESJAMÝRI 7

43,5 m2 geymsluhúsnæði á afgirtu lokuðu svæði við Desjamýri 7 í Mosfellsbæ. Búið er að setja upp salernisaðstöðu í bilinu, bílalyftu (2ja pósta), gott geymsluloft með skápum og epoxý á gólf. 3ja fasa rafmagn er í húsnæðinu. Hámarks lofthæð 4,2 m. Engin vskkvöð er á eigninni.
V. 25,9 m.



SNÆFRÍÐARGATA 5

Mjög falleg og vel skipulögð 106,6 m2, 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérinngangi í fimm íbúða húsi. Fallegar innréttingar og gólfefni. Stór timburverönd í suðurátt með fallegu útsýni. Frábær staðsetning. Stutt er í skóla, leikskóla, göngu- og hjólastíga og ósnortna náttúru.
V. 87,6 m.



LÓUGATA 24

Nýtt - Fullbúið - Glæsilegt 250,1 m2, einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Eignin afhendist fullbúnin með vönduðum innréttingum, gólfefnum, hljóðdúk í lofti með innbyggðri lýsingu, free@home hússtjórnarkerfi og loftskiptikerfi. Hellulögð verönd og bílaplan.
V. 197,0 m.



GERPLUSTRÆTI 2

Falleg og vel skipulögð 128,4 m2, 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð (3. hæð) með glæsilegu útsýni í lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Stórar svalir (15,5 m2) með svalalokun í suðvesturátt. Frábær staðsetning, rétt við nýjan leikskóla og Helgafellsskóla.
V. 91,9 m.



REYKJAVEGUR 64

Rúmgott og nýlegt 258,2 m2 einbýlishús á einni hæð með stórum innbyggðum bílskúr á 1.000 m2 eignarlóð við Reykjaveg 64 í Mosfellsbæ. Stórt steypt bílastæði og stór timburverönd sem snýr í suðvesturátt. Fjögur rúmgóð svefnherbergi og tvö baðherbergi. Góð hljóðvist, gólfhiti og loftskiptakerfi. **V. 168,5 m.**



ÚUGATA 14-24

Ný og glæsileg fullbúin um 230 m2 raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Glæsilegar innréttingar og vönduð gólfefni. Lóð frágengin með steyptu bílaplani. Húsið er hannað með það í huga að það væri auðvelt að útbúa auka íbúð á jarðhæð þar sem það eru tveir inngangar á jarðhæð.
V. 155,9 - 159,9 m.



ÚUGATA 6-8

Nýjar og glæsilegar 3-5 herbergja íbúðir í byggingu. Bílastæði í bílakjallara með hverri íbúð. Frábært útsýni af báðum hæðum. Vandaðar innréttingar. Eignirnar afhendast við kaupsamning.

86,8 - 127,9 m.



ÚUGATA 72-74

Nýtt og glæsilegt 209,0 m2 parhús á tveimur hæðum með bílskúr í byggingu. Eignin afhendist tilbúin til innréttinga á byggingarstigi B3. Að auki er búið að draga víra í allar raflagnir innanhúss ásamt því að lóð er fullfrágengin. Hægt er að fá eignina fullbúna fyrir 159,9 m.

V. 139,9 m.



ÞVERHOLT 7

Falleg og vel skipulögð 100,2 m2, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð. Björt stofa með mikilli lofthæð og útgengi á svalir í suðurátt. Tvö svefnherbergi og sérgeymsla á hæðinni. Frábær staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ, stutt í alla helstu þjónustu.

V. 69,9 m.



LAXATUNGA 72

Fallegt og vel skipulagt 160 m2 endaraðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Tvö svefnherbergi og rúmgóð sjónvarpsstofa. Fallegar innréttingar frá HTH og mikil lofthæð. Afgirt timburverönd með heitum potti, steypt bílaplan og hleðslustöð.

V. 128,9 m.



SUNNUKRIKI 3

Falleg og björt 126,7 m2, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi með glæsilegu útsýni. Rúmgóð stofa, tvö baðherbergi og sérþvottahús. Stórar svalir og sérgeymsla í kjallara. Frábær staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ, stutt í alla helstu þjónustu.

V. 84,5 m.



HAFRAVATNSVEGUR 50

Nýtt og glæsilegt 130 m2 heilsárshús/sumarhús á 5.836,5 m2 eignarlóð við Hafravatn. Eignin er með þremur svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum og fallegu opnu alrými með mikilli lofthæð og gólfsíðum gluggum. Yfirbyggð verönd í suðurátt. Eignin afhendist fullbúin að utan og innan í janúar 2027. Aðeins um 10 mínútna akstur frá höfuðborgarsvæðinu. **V. 139,5 m.**



Leikskólalíf komin út

Bókin *Leikskólalíf*, sem fjallar um líf og starf í leikskólum landsins, er komin út. Höfundurinn, Steinunn B. Geirdal, tengist Mosfellsbæ sterkum böndum, enda starfaði hún í 16 ár hjá bænum og segist enn líta á sig sem dálítinn Mosfelling.

Bókin byggir meðal annars á viðtölum við leikskólastjóra og í henni má einnig finna smásögur úr daglegu starfi leikskólanna og samskiptum starfsfólks við börn og barnanna sín á milli.

Í bókinni eru viðtöl við þrjá Mosfellinga þar sem meðal annars er fjallað um upphaf leikskólastarfs í Mosfellsbæ og þróun þess.

Steinunn segir leikskólastarfið oft hafa fengið minni athygli en aðrir hlutar skóla- og menntasögunnar þegar saga sveitarfélaga hefur verið skráð. Hún bendir á að leikskólinn sé mikilvægur grunnur að áframhaldandi menntun og þroska barna og það hafi meðal annars verið kveikjan að ritun bókarinnar.

Leikskólalíf fæst í Pennanum/Eymundsson og segir höfundur bókina henta öllum sem hafa áhuga á leikskólastarfi og menntamálum.

Öflug helgi hjá yngri flokkum Aftureldingar í blaki

Fyrsta yngriflokkamót vetrarins fór fram um helgina og tefldi Afturelding fram alls níu liðum í mismunandi aldursflokkum.

Fimm U12-lið léku í Fagralundi, þar af tvö skipuð U10-krökkum, og náði eitt liðanna öðru sæti. U14-stúlkur Aftureldingar stóðu sig einnig vel og enduðu í öðru sæti eftir langa keppnishelgi.

Í U16-stúlkum enduðu Afturelding rauðar í 5. sæti og Afturelding svartar í 9. sæti. U20-stúlkurnar náðu svo öðru sæti en þær leika sem gestalið í sínum flokki.

Þá tóku tveir strákar úr Aftureldingu þátt með Keflavík og léku bæði í U14 og U16.

Opnað fyrir almenning innan skamms

Ullarsýningin í Álafosskvos vígð



Einn vinsælasti sýningargripurinn er gagnvirk stöð sem býður gestum að hanna sína eigin ullarpeysu



Frá vinstri: Lemke, Kristín, Sammi, Tobia frá Gagarin, Hrólfur frá Basalt og Hringur frá Gagarín.



Verslunin er glæsileg og hönnun í sérflokki.

Ný sýning um sögu ullariðnaðarins og Álafosskvosar var formlega vígð laugardaginn 31. október að Álafossvegi 23. Um var að ræða vígsluathöfn sýningarinnar en verslunin, kaffihúsið og önnur starfsemi í húsinu verða opnuð almenningi innan skamms.

Sýningin er hluti af umfangsmiklum breytingum á húsnæðinu þar sem Álafossverslunin hefur lengi verið til húsa. Þar verður áfram verslun en jafnframt kaffihús, sýning um sögu ullariðnaðar á Íslandi og Álafosskvosar auk rýma fyrir námskeið, viðburði og aðra menningarstarfsemi.

Að verkefninu standa meðal annars bræðurnir Lárus og Hafsteinn Guðbjartssynir ásamt Ístex, sem á óvenju sterk og djúp tengsl við sögu ullariðnaðar í Mosfellsbæ.

Ístex er órjúfanlegur hluti þeirrar sögu sem sýningunni er ætlað að miðla. Ullarvinnsla hefur verið stunduð samfellt í Mosfellsbæ frá árinu 1896, áður undir merkjum Álafoss, en Ístex tók við starfseminni árið 1991. Fyrirtækið rekur í dag spuna- og bandverksmiðju í Mosfellsbæ, meðhöndlar um 99% allrar íslenskrar ullar og vinnur að því að skapa sem mest verðmæti úr henni. Þá eru rúmlega 80% fyrirtækisins í eigu íslenskra bænda og vörur þess seldar víða um heim.

Sarah Emma O'Neill mun stýra nýju versluninni og leiða daglegan rekstur hennar þegar starfsemin verður opnuð almenningi. Sarah Emma er frá Írlandi og hefur mikinn áhuga á ull, handverki og ullariðnaði.

Gagarín sá um hönnun sýningarinnar sjálfrar og hefur þar verið lögð áhersla á að miðla sögu svæðisins og ullariðnaðarins á lifandi og aðgengilegan hátt. Basalt Arkitektar komu hins vegar að forhönnun breytinga á húsnæðinu.

Uppbyggingin á sér nokkurn aðdraganda. Mosfellsbær og Desjamýri 11 ehf. undirrituðu viljayfirlýsingu um verkefnið



Helga Jónsdóttir við hlið myndar af sér 14 ára gamalli.



Sagan er sögð á veggjum, borðum og í lofti.

með það að markmiði að varðveita og miðla sögu svæðisins og styrkja Álafosskvos sem menningar- og áfangastað.

Við breytingarnar hefur jafnframt verið lögð áhersla á að húsnæðið nýtist bæði nærsamfélaginu og gestum. Þar verður meðal annars aðstaða fyrir prjónanámskeið, barnahorn og fjölnota rými fyrir tónleika og aðra viðburði.

Vígslan 31. október markaði mikilvægan áfanga í verkefninu, þótt enn sé beðið eftir formlegri opnun allrar starfseminnar. Þegar verslun, kaffihús og sýning hafa verið opnuð að fullu verður til nýr áfangastaður í hjarta Álafosskvosar þar sem saga, handverk, menning og mannlíf mætast



Verslunin er eins og listasafn.

KIRKJUSTARFIÐ



HELGIHALD Í LÁGAFELLSKIRKJU

Sunnudaginn 8. nóvember
Taizé-messa í Lágafellskirkju kl. 20:00.
Sr. Sigurður Grétar Helgason þjónar.
Organisti er Sveinn Arnar Sæmundsson.

Sunnudaginn 15. nóvember
Messa í Lágafellskirkju kl. 20:00.
Sr. Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir þjónar.
Organisti er Bjarmi Hreinsson.

Sunnudaginn 22. nóvember
Messa í Lágafellskirkju kl. 20:00.
Sr. Sveinbjörn Einarsson þjónar.
Organisti er Bjarmi Hreinsson.



Ósom fundir
Fyrir 13–15 ára.
Alla þriðjudaga kl. 20:00–21:30.

Úlfastund
Fyrir alla fjölskylduna.
Fimmtudaga kl. 17:00–19:00.
Sjá nánar á lagafellskirkja.is.

JEEP® WRANGLER FORSALAN ER HAFIN

Jeep®

3.6L V6 BENSÍNVÉL

DRÁTTARBEISLI MEÐ
2.268 KG DRÁTTARGETU
(800 KG MEIRI EN 4XE)



35" DEKK • 17X8 FELGUR
(37" PASSAR BEINT UNDIR)

HÁIR BRETTAKANTAR MEÐ
BREIKKUN FYRIR 35"-37" DEKK

100% DRIFLÆSINGAR
AÐ FRAMAN OG AFTAN

7 ÁRA ÁBYRGÐ

JEEP® WRANGLER RUBICON X - V6 BENSÍNVÉL

8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
MEÐ FLIPUM Í STÝRI

4,5 SEK. Í 100 KM HRAÐA



6.4L V8 SRT HEMI
BENSÍNVÉL

470 HESTÖFL

35" DEKK • 17X8 FELGUR
(37" PASSAR BEINT UNDIR)

7 ÁRA ÁBYRGÐ

JEEP® WRANGLER MOAB 392 - V8 BENSÍNVÉL

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • ISBAND.IS • JEEP.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10–17

Fjórir valkostir voru skoðaðir

Nýr leikskóli rís í stað Hlaðhamra



Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt samhljóða að núverandi húsnæði leikskólans Hlaðhamra verði fjarlægt og nýtt leikskólahúsnæði reist á svæðinu við leikskólann Hlíð. Stefnt er að því að nýja húsnæðið verði tekið í notkun haustið 2029 og verða leikskólarnir tveir reknir sem ein heild.

Hlaðhamrar eru elsti leikskóli Mosfellsbæjar og hafa kynslóðir Mosfellinga stigið þar sín fyrstu skref í skólastarfi. Starfsemin hefur hins vegar verið í leikskólanum Sumarhúsum síðustu misseri eftir að loka þurfti húsnæði Hlaðhamra vegna rakaskemmda.

Umfangsmiklar viðgerðir ekki taldar hagkvæmar

Ástandsskoðanir sem gerðar voru á húsnæðinu á árunum 2024–2026 leiddu í ljós að verulegra og kostnaðarsamra viðgerða væri þörf.

Elsti hluti húsnæðisins var upphaflega byggður sem íbúðarhús árið 1948 og síðar aðlagaður að leikskólastarfi. Auk umfangsmikilla rakaskemmda í eldri og nýrri byggingarhlutum uppfyllir húsið ekki þær kröfur sem nú eru gerðar til aðgengis og aðbúnaðar leikskóla.

Fjórir valkostir voru skoðaðir áður en ákvörðunin var tekin. Ráðgjafar mæltu ekki með endurbyggingu núverandi húsnæðis vegna ástands þess, kostnaðar og óvissu sem fylgir eldri byggingarhlutum. Niðurstaðan varð því að nýbygging tengd Hlíð væri hagkvæmasta og farsælasta leiðin til framtíðar.

Betri aðstaða og fleiri leikskólapláss

Með nýju húsnæði skapast tækifæri til að hanna leikskóla frá grunni með þarfir barna og starfsfólks að leiðarljósi. Áhersla verður lögð á heilnæmt umhverfi, öryggi, gott aðgengi og fjölbreytt rými fyrir leik og nám.

Uppbyggingin á einnig að styðja við fjölgun leikskólaplássa í Mosfellsbæ og bæta þjónustu við börn og fjölskyldur miðsvæðis í bænum. Áætluð opnun haustið 2029 tekur mið af spám um þörf fyrir leikskólapláss á þeim tíma.

Rekstur Hlaðhamra og Hlíðar sem einnar heildar á jafnframt að skapa aukin tækifæri til faglegs samstarfs og betri nýtingar húsnæðis og aðstöðu.

Starfsfólk tekur þátt í mótuninni

Verkefnið er enn á undirbúningsstigi. Fram undan eru þarfagreining, hönnun og nánari áætlanagerð og verður sú vinna unnin í samstarfi við stjórnendur, starfsfólk og aðra sem málið varðar. Fundað hefur verið með starfsfólki beggja leikskóla og foreldrar upplýstir um ákvörðunina.

Engin endanleg ákvörðun hefur enn verið tekin um stærð og afmörkun leikskólalóðarinnar eða framtíðarnýtingu núverandi lóðar Hlaðhamra. Hugmyndateikningar sem liggja fyrir sýna mögulegar útfærslur en teljast ekki endanleg hönnun.

Ekki hefur heldur verið tekin ákvörðun um breytingar á uppeldis- og menntastefnu Hlaðhamra. Við áframhaldandi vinnu verður horft til styrkleika beggja leikskóla og þeirrar reynslu sem byggst hefur upp í gegnum árin, þar á meðal tengsla við náttúruna og áherslu á útiveru.

Þótt gamla húsnæðið víki markar ákvörðunin því ekki endalok Hlaðhamra heldur upphaf nýs kafla í sögu elsta leikskóla bæjarins.



Stórstjörnur á stórtónleikum Lions til styrktar BUGL

Fjöldi þekktra tónlistarmanna kemur fram á árlegum stórtónleikum Lionsklúbbsins Fjörgyn í Grafarvogskirkju fimmtudagskvöldið 12. nóvember. Tónleikarnir eru haldnir til styrktar Barna- og unglingageðdeild Landspítalans, BUGL, og líknarsjóði klúbbsins. Miðasala er þegar hafin á Tix.is.

Þetta er í 22. sinn sem Lionsklúbburinn Fjörgyn stendur fyrir tónleikunum og hefur fjöldi fremstu tónlistarmanna landsins komið þar fram í gegnum árin. Listamennirnir gefa vinnu sína og rennur ágóði kvöldsins til góðgerðarmála.

Sannkallaður stjörnufans er á dagskránni í ár. Karlakórinn Esja, Dísella Lárusdóttir, Gissur Páll Gissurarson, Herbert Guðmundsson, KK, Mugison, Páll Óskar Hjálmtýsson og Rebekka Blöndal eru meðal þeirra sem stíga á svið. Herbert mun meðal annars koma fram ásamt syni sínum Guðmundi.

Ung söngkona, Aþena Rut Friðriksdóttir, verður einnig meðal flytjenda. Hún hefur sjálf notið þjónustu BUGL og segir að ákveðið teymi þar hafi reynst ómetanlegur styrkur í veikindum sínum. Með þátttöku í tónleikunum vill hún þakka fyrir þá aðstoð sem hún fékk á leið sinni til bata.

Undirleik annast öflugur hópur tónlistarfólks, meðal annars Steingrímur Teague, Ásgeir Ásgeirsson, Pálmi Sigurhjartarson og Lára Bryndís Eggertsdóttir, organisti Grafarvogskirkju. Bæði flygill og orgel kirkjunnar munu því fá að njóta sín á kvöldinu.

Felix Bergsson verður kynnir tónleikanna og samkvæmt tilkynningu frá aðstandendum er jafnvel von á að Gunni Helga láti sjá sig.

Lionsklúbburinn Fold verður jafnframt með veitingasölu á staðnum til styrktar líknarsjóði sínum. Klúbburinn hefur meðal annars styrkt Konukot, Bergið og Einstök börn.

Tónleikarnir fara fram í Grafarvogskirkju fimmtudaginn 12. nóvember og er miðasala á Tix.is.





Nafnarnir og snillingarnir Gissur Páll Gissurarson og Páll Óskar Hjálmtýsson verða í hinum mikla stjörnufans kvöldsins í Grafarvogskirkju.



Mugison.



Herbert Guðmundsson.



KK.

BAUHAUS®

Eitt mesta úrval landsins

Kíktu á
jólablaðið
á bauhaus.is

















25%

AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM JÓLALJÓSUM UM HELGINA

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ



























Tilboðin gilda frá fimmtudeginum 5. nóvember til og með sunnudeginum 8. nóvember

Með fyrirvara um myndbrengl, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - bauhaus@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Framkvæmdir í Akur-, Byggðar- og Markholti halda áfram

Framkvæmdir við endurnýjun lagna og heimæða í Akur-, Byggðar- og Markholti eru á mismunandi stigum og mun vinna á svæðinu halda áfram fram eftir hausti og vetri.

Í Akurholti er endurnýjun stofnlagnar og hluta heimæða lokið í bili. Búið er að lagfæra skurði og malbika að hluta. Áframhaldandi framkvæmdir við endurnýjun heimæða og lagna eru fyrirhugaðar næsta sumar og verða íbúar boðaðir á kynningarfund áður en þær hefjast.

Í Byggðarholti hafa lagnir og heimæðar gefið sig að undanförnu og því hefur þurft að ráðast í bráðaviðgerðir. Gert er ráð fyrir að endurnýjunarframkvæmdir verði boðnar út og hefjist næsta sumar. Einnig verður haldinn kynningarfundur með íbúum næsta vor.

Mest umfang er nú í Markholti. Þar er lagningu stofnlagna fráveitu lokið og nýjar vatnsveitulagnir komnar niður. Malbikun götunnar var áætluð í tveimur áföngum í lok október og stefnt er að því að steypa gangstétt um miðjan nóvember.

Samhliða er unnið að lagningu rafmagns, götulýsingar og hitaveitu í gangstéttinni og hafa nýir ljósastaurar verið reistir. Þá er áfram unnið að nýjum heimæðum inn í tengirými húsa og verða húsin tengd nýju lagnakerfi í áföngum. Sú vinna mun halda áfram inn í veturinn.

Mosfellsbær bendir á að allar tímasetningar séu áætlaðar og geti breyst eftir veðri og framvindu framkvæmda. Íbúum er jafnframt þakkað fyrir þolinmæði og tillitssemi á meðan verkin standa yfir.

Núverandi veggur talinn frá um 1960

Endurbætur við Álafoss að hefjast

Framkvæmdir við stoðvegg og útsýnispall við Álafoss hefjast í nóvember og munu standa út árið 2027. Ákvörðun um framkvæmdirnar var tekin eftir ástandsskoðun sem leiddi í ljós að núverandi stoðveggur við Varmá er orðinn óstöðugur og þarfnast endurnýjunar.

Bæjarráð samþykkti í byrjun september að ráðast í verkefnið, sem er hluti af stærri uppbyggingu í Álafosskvos. Samhliða er unnið að samstarfi um ullarsögusýningu í gömlu Álafossverksmiðjunni og er markmiðið að styrkja svæðið sem áfangastað fyrir bæði íbúa og ferðafólk.

Með endurbótunum á að bæta öryggi og aðgengi við Álafoss og Varmá og skapa betri aðstöðu til að upplifa náttúru og sögu svæðisins í sömu heimsókn.



Nýr stoðveggur reistur innan við þann gamla

Framkvæmdirnar taka til endurnýjunar stoðveggjar og endurbóta á pallinum við gamla Ullargólfið, meðfram verksmiðjuhúsunum við Álafossveg.

Nýr stoðveggur verður reistur um einum metra innan við núverandi vegg og verður verkið unnið frá pallinum. Þegar nýi veggurinn er fullgerður verður eldri veggurinn fjarlægður með stýrðum hætti til að koma í veg fyrir að hann falli í Varmá.



Vinnusvæðið verður girt af meðan á framkvæmdum stendur og verður aðgengi íbúa að húsnæði sínu tryggt. Reikna má með tímabundnu ónæði og aukinni umferð vinnuvéla á svæðinu meðan verkið stendur yfir.

Talið er að núverandi stoðveggur og pallur hafi verið reistir um 1960, samhliða byggingu ullarþvottastöðvar sem áður stóð við ána.

Við ástandsskoðun kom í ljós að efri brún veggjarins hallar í átt að Varmá, veggurinn hefur losnað frá steyptu plani og á nokkrum stöðum rennur áin undir hann. Vegna þessa var talið nauðsynlegt að ráðast í endurbætur.

Framvinda verksins og tímalengd einstakra verkþátta munu ráðast af veðri og aðstæðum á framkvæmdasvæðinu en stefnt er að því að ljúka verkinu á árinu 2027.

KLÖRUKAUP
– handverksbúð í Brúarlandi, Háholti 3
OPINN AUKADAGUR LAUGARDAGINN 21. nóvember kl. 13–15:30 (í staðinn fyrir basar). Gerið góð kaup fyrir jólin.
Posi á staðnum.

Minnum á KLÖRUKAUP sem er handverksverslun í Brúarlandi, opin mán.–fim. kl. 11–16 og fös. kl. 13–16. Allur ágóði sem inn kemur rennur til góðgerðarmála hér í Mosfellsbæ. Alls konar fallegar handverksvörur unnar af ást og alúð.

Fluguhnýtingar
– hópur byrjar 3. nóvember
Við hittumst kl. 16:00 í Brúarlandi, Háholti 3, á þriðjudögum í vetur. Allir eru velkomnir að vera með, á öllum aldri. Nánari upplýsingar fást í síma 586-8014 eða með því að senda póst á netfangið felagsstarf@mos.is.

Hittumst í Hlégarði
Samvera fyrir fólk sem vill hittast og t.d. prjóna, hekla, spila billjard, tefla, stunda pokakast eða bara ræða málin.
Kaffi og meðlæti er alltaf í boði og það kostar ekkert að mæta.
Alla þriðjudaga kl. 13:00 og allir velkomnir.

SPIL SPIL SPIL SPIL
Kanasta er spiluð þriðjudaga kl. 13 í Brúarlandi. Kínaskák er spiluð fimmtudaga kl. 13 í Brúarlandi. Brids er spilað miðvikudaga kl. 13 á Eirhömrum. Félagsvist er spiluð föstudaga kl. 13 á Eirhömrum. Ef þig langar að spila önnur spil láttu okkur vita.



Opið hús/menningarkvöld FaMos 2026. Stefnir í Hlégarði
Annað opna hús/menningarkvöld vetrarins 2026 verður í Hlégarði mánudaginn 9. nóvember klukkan 20:00. Karlakórinn Stefnir mun skemmta okkur og syngja svo undir tekur í Esjunni undir stjórn Kára Allanssonar. Kórinn mun flytja úrval laga sem hann hefur alla jafna á takteinum. Kaffinefndin verður að venju með sitt kaffihlaðborð. Aðgangseyrir er 2.000 kr. (posi er á staðnum). Með kveðju, Menningar- og skemmtinefnd FaMos.

JÓLABINGÓ Í HLÉGARÐI 1. DES
Jólabingó kl. 13:30 í Hlégarði. Fullt af glæsilegum vinningum og verðið á spjaldinu er 1.000 kr.





Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir,* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos í Brúarlandi er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16. Sími: 883-5123, opinn kl. 10-16 (fim)



FÉLAG ALDRAÐRA
í Mosfellsbæ og nágrenni
famos@famos.is
www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Formaður **Þorsteinn Birgisson**
thorsteinn.birgis@gmail.com

Varaformaður **Hrund Hjaltadóttir**
hrundhj@simnet.is

Gjaldkeri **Ólafur Guðmundsson**
polarafi@gmail.com

Ritari **Helga Einarsdóttir**
helgaein57@gamil.com

Meðstjórnandi **Guðrún K. Hafsteinsdóttir**
gunnasjana@simnet.is

Meðstjórnandi **Ásdís Geirsdóttir**
asdisgeirs@gmail.com

Varamaður **Ingibjörg G. Guðmundsdóttir**
igg@simnet.is

NIVEA

MÍN HÚÐ
MITT LANGLÍFI



EPIGENETIC LONGEVITY RANNSÓKNIR

NIVEA Cellular Epigenetics, sem er byggt á **15 ára** rannsóknarvinnu, vinnur á rót orsaka öldrunar á frumustigi. Byltingarkennda virka efnið **Epicelline** endurvirkjar starfsemi frumna og stuðlar að langlífi húðarinnar.

SANNANLEGA UNGLEGRI HÚÐ

Epicelline snýr við líffræðilegum aldri húðarinnar. Öflugu serumin okkar tvö vinna markvisst gegn 10 einkennum öldrunar, þar á meðal hrukkum og fínum línum, minnkandi stinnleika, ójafnri áferð, skorti á ljóma og bólgum undir augum.

26 framúrskarandi fyrirtæki í Mosfellsbæ

MOSFELLSBÆJARFYRIRTÆKIN 2026

Fyrirtæki · framkvæmdastjóri · stærðarflokkur

- **100 bílar ehf.** — Októ Þorgrímsson — LÍTIÐ
- **Á. Óskarsson og Co ehf.** — Heiðar Reyr Ágústsson — MEÐALSTÓRT
- **Afltak ehf.** — Kristín Ýr Pálmarsdóttir — MEÐALSTÓRT
- **Alefli ehf.** — Magnús Þór Magnússon — MEÐALSTÓRT
- **Ari Oddsson ehf.** — Ari Hermann Oddsson — MEÐALSTÓRT
- **Aval ehf.** — Albert Marel Róbertsson — MEÐALSTÓRT
- **Berg Verktakar ehf.** — Davíð Fjeldsted — STÓRT
- **Bogaverk ehf.** — Bogi Arason — MEÐALSTÓRT
- **Borg byggingalausnir ehf.** — Sigurður Þór Snorrason — MEÐALSTÓRT
- **Borgarplast ehf.** — Hilmar Arnfjörð Sigurðsson — MEÐALSTÓRT
- **Flísa- og Múrkompaníið ehf.** — Birgir Magnús Björnsson — MEÐALSTÓRT
- **Garðaþjónusta Sigurjóns ehf.** — Sigurjón Örn Steingrímsson — MEÐALSTÓRT
- **Hásteinn ehf.** — Jónas Henningsson — STÓRT
- **Húsasteinn ehf.** — Arnar Guðnason — MEÐALSTÓRT
- **Ísfugl ehf.** — Jón Magnús Jónsson — STÓRT
- **Ístak hf.** — Karl Andreassen — STÓRT
- **Landsblikk ehf.** — Sigurður Böðvar Hansen — MEÐALSTÓRT
- **Malbikstöðin ehf.** — Vilhjálmur Þór Matthíasson — STÓRT
- **Mosfellsbakarí ehf.** — Hafliði Ragnarsson — LÍTIÐ
- **Nonni litli ehf.** — Ragnar Þór Ragnarsson — LÍTIÐ
- **Nýja bílasmiðjan hf.** — Ágúst Þór Ormsson — LÍTIÐ
- **Rafís ehf.** — Einar Bjarki Hróbjartsson — MEÐALSTÓRT
- **Reykjabúið ehf.** — Kristín Sverrisdóttir — STÓRT
- **Spíssar ehf.** — Hjörtur Sigurpálsson — MEÐALSTÓRT
- **Umbúðamiðlun ehf.** — Hilmar Arnfjörð Sigurðsson — STÓRT
- **Útungun ehf.** — Jón Magnús Jónsson — LÍTIÐ

Heimild: Creditinfo - Framúrskarandi fyrirtæki 2026. Framkvæmdastjórar samkvæmt lista Creditinfo fyrir Mosfellsbæ.

Framúrskarandi fyrirtæki 2026

Það er ánægjulegt að sjá öflugt atvinnulíf í Mosfellsbæ skila sér í góðum árangri en alls eru 26 fyrirtæki í bænum á lista Creditinfo yfir Framúrskarandi fyrirtæki árið 2026. Þar af eru sjö flokkuð sem stór fyrirtæki, fjórtán sem meðalstór og fimm sem lítil.

Creditinfo hefur um árabil greint rekstur íslenskra fyrirtækja og veitt þeim sem standast ströng skilyrði útnefninguna Framúrskarandi fyrirtæki. Markmiðið er að draga fram fyrirtæki sem byggja rekstur sinn á sterkum og stöðugum stoðum.

Til þess að komast á listann árið 2026 þarf fyrirtæki meðal annars að vera í lánshæfisflokki 1–3, hafa skilað ársreikningum á réttum tíma og sýna jákvæðan rekstur síðustu þrjú reikningsár. Rekstrartekjur þurfa að hafa verið að minnsta kosti 60 milljónir króna árlega árin 2023–2025, rekstrarhagnaður og ársniðurstaða jákvæð og eiginfjárhlutfall að minnsta kosti 20%. Eignir þurfa jafnframt að nema að lágmarki 120 milljónum króna. Stærri fyrirtæki þurfa auk þess að uppfylla sérstakar kröfur sem tengjast meðal annars sjálfbærni.

Fjórir aðilar úr Mosfellsbæ koma nýir inn á listann í ár: Bogaverk, Borg byggingalausnir, Flísa- og Múrkompaníið og Spíssar. Þá sker Ísfugl sig sérstaklega úr en fyrirtækið hefur verið á lista Framúrskarandi fyrirtækja öll þau ár sem gögnin ná yfir.

Framúrskarandi fyrirtæki í Mosfellsbæ 2026:

- **Stór fyrirtæki:** Ístak hf., Malbikstöðin ehf., Umbúðamiðlun ehf., Berg Verktakar ehf., Reykjabúið ehf., Ísfugl ehf. og Hásteinn ehf.
- **Meðalstór fyrirtæki:** Ari Oddsson ehf., Aval ehf., Bogaverk ehf., Alefli ehf., Húsasteinn ehf., Á. Óskarsson og Co ehf., Afltak ehf., Borg byggingalausnir ehf., Borgarplast ehf., Garðaþjónusta Sigurjóns ehf., Flísa- og Múrkompaníið ehf., Spíssar ehf., Landsblikk ehf. og Rafís ehf.
- **Lítil fyrirtæki:** Mosfellsbakarí ehf., Nýja bílasmiðjan hf., Útungun ehf., Nonni litli ehf. og 100 bílar ehf.

Listinn sýnir mikla breidd í atvinnulífi Mosfellsbæjar, allt frá byggingar- og verktakastarfsemi yfir í matvælaframleiðslu, iðnað, þjónustu, bílasölu og landbúnað.

Mörg önnur fyrirtæki í bænum myndu komast á þennan lista en skrá þarf fyrirtæki á hann og því er þessi upptalning ekki tæmandi.

Mosfellsbær óskaði eftir heildstæðri greinargerð um vandann

Samtalsfundur forráðamanna SORPU og GAJU

Forráðamenn SORPU og GAJU í Álfsnesi buðu íbúum til samtalsfundar í Hlégarði 20. október þar sem fjallað var um starfsemina og þær úrbætur sem unnið er að vegna lyktarmengunar. Góð mæting var á fundinn og umræður gagnlegar.

Á fundinum kom fram að lyktarmengun frá Álfsnesi væri aðallega frá GAJU. SORPA hætti að urða lífrænan úrgang í Álfsnesi í lok árs 2023 en lífrænn úrgangur hefur verið langstærsti orsakavaldur lyktarmengunar undanfarin misseri.

Endurbætur hjá GAJU vegna lyktarmengunar:

- Stýring á útblæstri bætt og gufur meðhöndlaðar í lífsíum.
- Fimm færanlegir ensímúðarar hafa verið keyptir til lyktarvarna.
- Tveir í notkun frá haustinu 2025.
- Þrír til viðbótar frá og með október 2026.
- Fjárfest hefur verið í nýju loftræstikerfi – stefnt að því að koma því í fulla virkni fyrir áramótin 2026/2027.
- Virkni lífsía verður aukin til að minnka mögulega lyktarmengun og einnig verður skipt um trjákurl í lífsíum.
- Markmiðið er að framleiða lyktarminni gæðamoltu til afhendingar vorið 2027 með breytingum á búnaði og vinnsluferlum.
- Samhliða er unnið að endurbótum og viðhaldi vinnslubúnaðar, í raun endurskipulagningu á öllu ferlinu með aðstoð innlendra og erlendra sérfræðinga.

Gripið hefur verið til eftirfarandi aðgerða á urðunarstað:

- Kortlagning á mögulegum gasuppsprettum og aukið yfirlag lagt yfir urðað efni til að draga úr gaslosun.
- Endurbætur á gassöfnunarkerfi, sérstaklega á þeim svæðum þar sem losun er mest.
- Nýr gasbrennari sem verður tekinn í notkun haustið 2026.
- Úðabúnaður notaður til að vökva og úða lyktarvarnarefnum yfir svæði þar sem hætta er á lyktarmengun.

Hilmar Gunnarsson bæjarstjóri opnaði fundinn og þakkaði fulltrúum SORPU fyrir að taka samtalið og kynna stöðu mála. Hann sagði að Mosfellsbær hefði óskað eftir heildstæðri greinargerð um orsakir vandans þar sem kæmi fram hvaða aðgerða hefði þegar verið gripið til og tímasetningar frekari umbóta. Hann lagði áherslu á að Mosfellsbær myndi standa með íbúum bæjarins í þessu máli og fylgja því eftir af festu.



Hilmar Gunnarsson bæjarstjóri opnaði fundinn.

Jólakvöld

Húsgagnahallarinnar
í Reykjavík og á Akureyri

Í kvöld 5. nóvember
kl. 19–22

Upplifðu yndislega jólastemningu með okkur.

Léttar veitingar og ljúfir jólatónar.

Sjáumst hress í Höllinni!



25%
af öllum* vörum ásamt fleiri bombum

100
fyrstu sem versla fyrir 10.000 eða meira fá gjöf.
Reykjavík

50
fyrstu sem versla fyrir 10.000 eða meira fá gjöf.
Akureyri

*Gildir ekki af sérpöntunum né Skovby.

Reykjavík Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
lokað sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

HÚSGAGNA HÖLLIN



Listasalur Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum um þátttöku í Jólasýningu 2026

Listasalur Mosfellsbæjar kallar eftir listafólki til að taka þátt í Jólasýningu 2026. Sýningin er ætluð öllu listafólki sem hefur áhuga á að selja list sína á sameiginlegri sölusýningu sem verður opnuð 28. nóvember og stendur til 19. desember.

Takmarkað pláss er í boði. Þau sem hafa ekki áður tekið þátt ganga fyrir í ár.

Hægt er að senda inn umsókn á vef Mosfellsbæjar, mos.is, til og með 3. nóvember 2026.



Nýr fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll fyrir MosVeitur

Nýverið fjárfestu MosVeitur í nýrri fjórhjóladrifinni rafmagnsbifreið. Rafmagnsbifreiðar hafa reynst MosVeitum vel en þetta er þriðja rafmagnsbifreiðin sem fjárfest hefur verið í, þannig að nú eru allar þjónustubifreiðar þeirra orðnar rafdrifnar.

Nýja bifreiðin er af gerðinni JAC T9 EV 4x4 og er mikilvæg viðbót við rekstur MosVeitna þar sem þetta er fyrsta fjórhjóladrifna bifreið þeirra. Kaupin eru í samræmi við stefnu Mosfellsbæjar um sjálfbæra þróun. Rafdrifinn skúffubíll dregur úr losun og styður við markmið sveitarfélagsins um vistvænar samgöngur og umhverfisvænar lausnir í rekstri.

Íslenskir spilastokkar til sjálfsræktar

Mosfellingurinn Kristín Snorradóttir hefur gefið út þrjá íslenska kortastokka sem ætlað er að styðja við sjálfsrækt, ró og ígrundun í daglegu lífi.

Stokkarnir nefnast Vitund, Flökkutaugin og Leiðarljós. Þeir innihalda meðal annars spurningar til sjálfsskoðunar, einfaldar æfingar sem ætlað er að róa taugakerfið og eflandi skilaboð dagsins.

Kristín er þroskaþjálfi, ACC-vottaður markþjálfi og jógaþerapisti og rekur Fagvitund ehf. Stokkarnir eru hannaðir af henni sjálfri og prentaðir á Íslandi.

Í nóvember býður Kristín jafnframt upp á ókeypis vefkynningar á spilunum auk sex vikna námskeiðs í kyrrðarjóga.

Consensa í alþjóðlegt samstarf

Mosfellskt ráðgjafarfyrirtæki tekur þátt í evrópsku samstarfi



Birgir Örn Birgisson t.h. er eigandi Consensa og Sævar Birgisson, sérfræðingur.

Consensa, ráðgjafarfyrirtæki í Mosfellsbæ sem sérhæfir sig í opinberum innkaupum, er orðið hluti af alþjóðlegu samstarfi lögfræðinga og innkaupasérfræðinga sem veitir opinberum aðilum víðs vegar um Evrópu sérhæfða ráðgjöf. Fyrirtækið var stofnað árið 2019 af Birgi Erni Birgissyni lögfræðingi og hefur frá upphafi unnið að undirbúningi og framkvæmd útboða fyrir sveitarfélög og opinberar stofnanir hér á landi.

Fyrr á þessu ári tók Consensa þátt í útboði Evrópusambandsins ásamt Corvers og EY Consulting. Nú liggur fyrir að samstarfshópurinn hefur hlotið samninginn og er framkvæmd verkefnisins að hefjast.

Samningurinn er hluti af verkefninu European Assistance for Innovation Procurement, EAFIP, sem miðar að því að efla nýsköpun með opinberum innkaupum. Verkefnið er fjármagnað innan Horizon Europe, rannsókna- og nýsköpunaráætlunar Evrópusambandsins, sem Ísland tekur þátt í.

Með samstarfinu getur Consensa veitt ríkisstofnunum, sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum í Evrópu aðstoð við undirbúning og framkvæmd innkaupa sem ætlað er að stuðla að þróun nýrrar tækni og lausna. Ráðgjöfin getur meðal annars falist í þarfagreiningu, markaðskönnunum, gerð útboðsgagna og samninga auk framkvæmdar útboða.

Consensa er þar með hluti af evrópsku sérfræðineti þar sem lögð er áhersla á að opinberir kaupendur fái ráðgjöf á eigin tungumáli og í samræmi við lög og reglur í viðkomandi landi.

Consensa veitir jafnframt hér á landi alhliða ráðgjöf á sviði opinberra innkaupa og tekur að sér framkvæmd útboða óháð tegund innkaupa. Fyrirtækið aðstoðar einnig fyrirtæki og aðra bjóðendur við þátttöku í opinberum innkaupum.

Birgir Örn hefur sérhæft sig í málaflokknum um árabil og starfaði áður sem lögfræðingur hjá Ríkiskaupum. Með þátttökunni í EAFIP fær sú sérþekking sem byggð hefur verið upp hjá Consensa í Mosfellsbæ nú einnig vettvang í alþjóðlegu samstarfi.

Fyrirtækið leitar nú að hentugu skrifstofuhúsnæði í Mosfellsbæ. Birgir Örn segir vilja standa til þess að halda áfram að byggja upp starfsemina í heimabænum og finna húsnæði sem geti stutt við framtíðarvöxt fyrirtækisins.

Auglýsingarnar fjarlægðar af gluggum Nikulásar



Ánægjulegt þegar brugðist er við athugasemdum. Efri myndin er tekin þann 23. október en neðri myndin 31. október.

Áberandi gluggamerkingar nikótínverslunarinnar Nikulásar í miðbæ Mosfellsbæjar hafa verið fjarlægðar eftir að Mosfellsbær gerði athugasemdir við merkingarnar og krafðist úrbóta.

Auglýsingarnar höfðu vakið athygli og nokkra óánægju meðal bæjarbúa, meðal annars vegna þess hversu áberandi þær voru og vegna nálægðar verslunarinnar við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ.

Hilmar Gunnarsson bæjarstjóri staðfesti við mbl.is að merkingarnar hefðu verið fjarlægðar og sagðist ánægður með skjót viðbrögð við athugasemdum bæjarins.

„Það er fyrst og fremst ánægjulegt þegar brugðist er við athugasemdum. Það kom mér skemmtilega á óvart að taka eftir þessu í morgun," sagði Hilmar.

Merkingarnar ekki í samræmi við reglur

Að sögn bæjarstjóra fengu eigendur húsnæðisins kröfu frá Mosfellsbæ um úrbætur þar sem merkingarnar væru ekki í samræmi við reglur. Skilti af þessu tagi séu byggingarleyfisskyld og því þurfi að sækja um leyfi áður en þau eru sett upp.

Eigendum voru gefnir nokkrir dagar til að finna lausn á málinu og niðurstaðan varð sú að merkingarnar voru fjarlægðar af gluggum verslunarinnar.

Hilmar hrósaði viðbrögðunum og sagði eigendur hafa brugðist hratt og vel við.

Málið hafði áður verið til umfjöllunar eftir að bæjarbúar komu á framfæri athugasemdum við ásýnd verslunarinnar og markaðssetninguna. Hilmar hafði þá sagt mikilvægt að fara varlega í markaðssetningu sem gæti höfðað til ungs fólks.

Hann þakkaði jafnframt íbúum fyrir ábendingarnar og sagði jákvætt að Mosfellingum væri annt um bæði ásýnd bæjarins og heilsu íbúanna.

orka

Bókaðu tíma í
framrúðuskitpi á
orka.is

Uppfyllum **þínar óskir**

*Aðeins ef óskirnar tengjast
framrúðuviðgerðum



Stórhöfði 37, Reykjavík 110 | Bugðufljót 7, Mosfellsbær 270 | orka@orka.is | 586-1900

Skálatún fær nýtt hlutverk til framtíðar

Íbúum á Skálatúnssvæði fækkar og búsetuúrræðið Fagrahlíð lagt niður

Bæjarráð ákvað á fundi sínum þann 29. október að búsetuúrræðið Fagrahlíð yrði lagt niður sem sjálfstæð rekstrareining. Íbúum þess hefur verið boðin þjónusta í öðrum búsetuúrræðum Mosfellsbæjar sem rekin eru á Skálatúnssvæðinu.

Fagrahlíð er minnsta búsetuúrræðið af þeim fimm sem rekin eru á svæðinu og þar eru nú aðeins þrír íbúar. Nýlega hafa losnað þrjú búseturými á svæðinu og skapar það svigrúm til að skipuleggja þjónustu við íbúa Fögruhlíðar innan annarra úrræða.

Ákvörðunin byggist á þessum aðstæðum, smæð Fögruhlíðar og fyrirliggjandi samkomulagi um framtíðarnýtingu svæðisins.

Markmiðið með þessum breytingum er að tryggja íbúum áfram góða þjónustu, nýta húsnæði og mannafla vel og stuðla að sjálfbærum rekstri. Breytingarnar hafa í för með sér að starfsfólki Fögruhlíðar hefur verið sagt upp störfum, alls 12 starfsmönnum í 8,4 stöðugildum.



Framtíðaruppbygging Farsældartúns

Samkvæmt samkomulagi Mosfellsbæjar, Farsældartúns og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá árinu 2023 mun Skálatún fá nýtt hlutverk til framtíðar í þágu barna og fjölskyldna þeirra. Í samræmi við samkomulagið mun Mosfellsbær hafa afnot af húsnæði Skálatúns á meðan þörf krefur vegna núverandi íbúa og áfram verður íbúum Skálatúns tryggð örugg búseta.



Leitað eftir dýrmætri innsýn íbúa



Fram undan er úttekt á fjárhag og rekstri Mosfellsbæjar með það að markmiði að skila forgangsraðaðri umbótaáætlun til að vinna að markvissri hagræðingu og til að styrkja reksturinn til lengri tíma.

Við leitum eftir sjónarmiðum íbúa um hvernig bæta má þjónustu bæjarins og nýta fjármuni betur. Íbúar hafa dýrmæta innsýn í hvaða þjónusta gengur vel og hvað mætti gera betur.

Ábendingarnar geta m.a. snúið að afgreiðslu eða verkferlum, útgjöldum eða stafrænum lausnum sem gætu sparað tíma og fjármuni.

Ráðgjafafyrirtækið ARCUR annast úttektina og ábendingarnar verða eingöngu til úrvinnslu hjá fyrirtækinu.

Allar ábendingar verða skoðaðar og ættu fyrstu niðurstöður að nýtast við gerð fjárhagsáætlunar 2027.

Niðurstöður úttektarinnar verða hluti af umbótaáætlun sem kynnt verður bæjarráði og íbúum.

Yfirskriftin er „Betri þjónusta – betri rekstur" og verður opið fyrir ábendingar til 16. nóvember.

mos.is/spara

Tilkynning frá Mosfellsbæ

iClean skilar gögnum til Eflingar og gerir úrbætur

Í tilefni af umfjöllun fjölmiðla um málefni starfsfólks iClean, sem annast ræstingar í stofnunum Mosfellsbæjar, vill sveitarfélagið upplýsa um viðbrögð sín við ábendingum Eflingar vegna starfsemi ræstingafyrirtækisins.

Mosfellsbær leggur ríka áherslu á að verktakar sem sinna verkefnum fyrir sveitarfélagið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt lögum, kjarasamningum og útboðsskilmálum.

Í kjölfar heimsókna Eflingar á vinnustaði í lok september gerði sveitarfélagið þá kröfu til iClean að bregðast við ábendingum og gera nauðsynlegar úrbætur. iClean hefur nú greint Mosfellsbæ frá því að vinnustaðaskírteini hafi verið gefin út fyrir allt starfsfólk fyrirtækisins.

Mosfellsbær áréttaði jafnframt við iClean að óásættanlegt væri að einstaklingar sem ekki væru í lögmætu ráðningarsambandi við verktaka sinntu störfum í húsnæði sveitarfélagsins, sér í lagi í skólabyggingum. iClean hefur upplýst Mosfellsbæ um að brugðist hafi verið við þeim athugasemdum. Fyrirtækið hefur einnig greint frá því að sá einstaklingur sem um ræðir hafi verið með hreint sakavottorð. Það breytir þó ekki þeirri afstöðu Mosfellsbæjar að þeir sem sinna störfum í húsnæði sveitarfélagsins þurfi að vera í lögmætu ráðningarsambandi og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfa þar.

Þá hefur iClean afhent Eflingu gögn um launakjör starfsfólks og skipulag ræstinga í stofnunum Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær leggur áherslu á að eiga góð og málefnaleg samskipti við bæði stéttarfélög og verktaka sem sinna þjónustu við sveitarfélagið, enda hafa allir sameiginlega hagsmuni af því að réttindi starfsfólks séu virt og að aðilar uppfylli þær skyldur sem á þeim hvíla.

Leita eftir innsýn íbúa í rekstur Mosfellsbæjar

Mosfellsbær hefur óskað eftir sjónarmiðum og ábendingum frá íbúum um hvernig megi bæta núverandi þjónustu sveitarfélagsins og nýta fjármuni betur. Ábendingarnar verða nýttar í umfangsmikilli úttekt á fjárhag og rekstri bæjarins sem fram fer á næstu misserum.

Markmið úttektarinnar er að greina hvar tækifæri séu til að hagræða, einfalda verkferla og styrkja rekstur Mosfellsbæjar til lengri tíma. Að vinnunni lokinni verður lögð fram forgangsröðuð umbótaáætlun.

Yfirskrift verkefnisins er „Betri þjónusta – betri rekstur“ og verður opið fyrir ábendingar frá íbúum til 16. nóvember.

Ekki kallað eftir nýjum framkvæmdum

Áherslan að þessu sinni er ekki á nýjar framkvæmdir eða hugmyndir að nýrri þjónustu. Þess í stað er leitað eftir reynslu íbúa af þeirri þjónustu og starfsemi sem þegar er til staðar.

Mosfellsbær bendir á að íbúar sem nýta þjónustu sveitarfélagsins búi yfir mikilvægri þekkingu á því hvað gangi vel og hvar megi gera betur.

Ábendingarnar geta meðal annars snúið að afgreiðsluferlum sem þykja óþarflega flóknir eða tímafrekir, verkferlum sem mætti einfalda, útgjöldum sem íbúar telja ekki skila tilætluðum árangri eða stafrænum lausnum sem gætu sparað bæði tíma og fjármuni.

Þannig er markmiðið að fá fram raunverulega reynslu þeirra sem eiga samskipti við bæinn og nýta þjónustuna í daglegu lífi.

ARCUR annast úttektina

Ráðgjafafyrirtækið ARCUR annast úttektina fyrir Mosfellsbæ. Ábendingar íbúa verða eingöngu teknar til úrvinnslu hjá fyrirtækinu og verða allar innsendar ábendingar skoðaðar með það fyrir augum að þær geti nýst við greininguna.

Gert er ráð fyrir að fyrstu niðurstöður vinnunnar liggi fyrir nægilega snemma til að hægt verði að nýta þær við gerð fjárhagsáætlunar Mosfellsbæjar fyrir árið 2027.


Þegar úttektinni lýkur verða niðurstöðurnar hluti af umbótaáætlun sem kynnt verður bæði bæjarráði og íbúum.

Markmiðið með verkefninu er að finna raunhæfar leiðir til að nýta fjármuni sveitarfélagsins betur, viðhalda góðri þjónustu og styrkja fjárhag og rekstur bæjarins til framtíðar.

Íbúar hafa til 16. nóvember til að koma á framfæri reynslu sinni og sjónarmiðum um hvað megi gera einfaldara, skilvirkara eða betur í núverandi starfsemi Mosfellsbæjar.

MOSFELLINGUR
KEMUR NÆST ÚT 26. NÓVEMBER





Stórtónleikar Grafarvogskirkju

Lionsklúbburinn Fjörgyn stendur fyrir tónleikum til styrktar

BUGL og líknarsjóði Fjörgynjar

Eftirtaldir listamenn koma fram og styrkja verkefnið

12. nóvember
2026 kl. 19:30



tix

miðaverð 7.500kr

Saman fyrir öflugra atvinnulíf

Markaðsstofa Mosó



Fjölbreytt atvinnulíf er ein af mikilvægustu stoðum öflugs samfélags. Í Mosfellsbæ starfa fjölmörg fyrirtæki sem leggja sitt af mörkum til atvinnusköpunar, þjónustu og verðmætasköpunar. Mosfellsbær hefur margt fram að færa. Þar má finna fjölbreytt fyrirtæki í verslun og þjónustu, iðnaði, matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu, heilsu, skapandi greinum og tækni. Að auki er fjöldi listamanna, rithöfunda og einyrkja starfandi innan bæjarfélagsins. Þessi fjölbreytni er mikilvæg auðlind sem vert er að kynna og nýta enn betur.

Markaðsstofa Mosó er hugmynd systranna Örnu Kristínar og Katrínar Daggar. Þær hafa báðar sterkar taugar til bæjarins enda uppaldar í Mosfellsbæ og eru sammála um að hvergi sé betra að búa og starfa. Þær vilja leggja sitt af mörkum til að samfélagið og atvinnulífið haldi áfram að blómstra í bænum og því kviknaði hugmyndin að Markaðsstofunni.

Fyrsti fundur Markaðsstofu Mosó fer fram í endurbættri verslun Álafoss í Álafosskvos þann 11. nóvember kl. 18:00. Nánari upplýsingar um skráningu má finna á https://markadsstofamoso.is.

Samstarf til vaxtar og framþróunar

Markaðsstofan er samstarfsvettvangur fyrirtækja í Mosfellsbæ til að auka sýnileika þeirra, efla tengsl og skapa enn fleiri tækifæri til vaxtar og framþróunar. Aukið samstarf fyrirtækja gerir fólki kleift að kynnast, miðla reynslu, deila þekkingu og finna ný samstarfstækifæri.

Markaðsstofan skipuleggur morgunfundi, vinnustofur og fræðslu eftir óskum fyrirtækja og skapar þannig vettvang fyrir samtal og hugmyndir sem geta þróast í raunveruleg verkefni.

Markaðsstofa Mosó styður við kynningu fyrirtækja með miðlægri fyrirtækjaskrá, samfélagsmiðlum og sameiginlegu markaðsstarfi. Þannig verður auðveldara fyrir viðskiptavini að uppgötva þá fjölbreyttu þjónustu sem er í boði í bænum.

Samhliða þessu er lögð áhersla á að hvetja íbúa til að versla og nýta þjónustu í heimabyggð. Með því að velja fyrirtæki í Mosó styðjum við atvinnu, styrkjum nærumhverfið og stuðlum að því að verðmæti haldist innan samfélagsins.

Stofnfundur – opinn öllum, stórum sem smáum

Öll fyrirtæki í Mosfellsbæ geta tekið þátt, óháð stærð, aldri eða starfsgrein. Bæði ný og rótgróin fyrirtæki hafa mikilvægu hlutverki að gegna í uppbyggingu bæjarins.

Öflugt atvinnulíf verður ekki til af sjálfu sér. Það byggist á frumkvæði einstaklinga, trausti, stuðningi samfélagsins og samvinnu. Markaðsstofa Mosó vill vera drifkraftur þeirrar þróunar og stuðla að því að Mosfellsbær verði enn betri staður til að reka fyrirtæki, starfa og versla.

Leiðrétting: Hákon Örn sigraði

Í síðasta tölublaði Mosfellings birtist frétt um bardaga Hákons Arnar Arnórssonar á Glacier Fight Night 3 í Framheimilinu. Þar sagði ranglega að Hákon hefði tapað bardaga sínum gegn Bretanum Stephen Shipway.

Hið rétta er að Hákon Örn **sigraði** í bardaganum með einróma dómaraákvörðun, eftir sterka og glæsilega frammistöðu.

Þetta eru mistök af okkar hálfu og við biðjum Hákon, fjölskyldu hans, þjálfara og liðsfélaga innilegrar afsökunar, sem og lesendur okkar, sem fengu rangar upplýsingar.

Það er sérstaklega leiðinlegt að gera svona mistök þegar ungur Mosfellingur nær framúrskarandi árangri og á skilið að fá rétta umfjöllun um afrek sitt. Fréttin hefur verið leiðrétt á vef okkar, mosfellingur.is.

Hákon fær að auki það pláss sem hann verðskuldar í næsta tölublaði, þar sem við förum yfir sigurinn og ferilinn.

Innilegar hamingjuóskir með sigurinn, Hákon!

Mosfellingur



Mikið líf hjá Skólahljómsveit Mosfellsbæjar

Mikið líf er í starfsemi Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar þessa dagana. Sextán nemendur úr C-sveit hljómsveitarinnar tóku þátt í landsmóti skólalúðrasveita í Reykjanesbæ dagana 9.–11. október, þar sem um 300 ungir tónlistarmenn af öllu landinu komu saman.

Á landsmótinu voru það elstu og lengst komnu nemendur skólahljómsveitanna sem hittust, æfðu saman yfir helgina og undirbjuggu fjölbreytta efnisskrá. Nemendum var skipt í þrjár stórar hljómsveitir og lauk helginni með glæsilegum lokatónleikum í Ljónagryfjunni í Njarðvík.

Landsmótin eru mikil upplifun fyrir þátttakendur. Þar fá nemendur tækifæri til að spila í allt að 100 manna lúðrasveitum og kynnast jafnöldrum úr öðrum skólahljómsveitum víðs vegar af landinu. Engin keppni fer fram á mótunum, heldur er áhersla lögð á samvinnu, tónlistargleði og jafningjagrundvöll.

Skólahljómsveitamót hafa verið haldin reglulega frá árinu 1969 og tengist saga þeirra Mosfellsbæ sterkum böndum. Birgir D. Sveinsson, stofnandi Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar, var lengi ein helsta driffjöður starfsins á landsvísu. Hann beitti sér meðal annars fyrir stofnun Sambands íslenskra skólalúðrasveita, sem varð að veruleika í Varmárskóla árið 1983. Birgir var einn af fyrstu formönnum sambandsins og gegndi því starfi í rúma tvo áratugi. Hann hlaut riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2005, var gerður að heiðursfélaga sambandsins árið 2019 og að heiðursborgara Mosfellsbæjar árið 2024.

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar hefur sjálf verið órjúfanlegur hluti af tónlistar- og menningarlífi bæjarins frá stofnun árið 1964. Hljómsveitin hefur komið fram á helstu hátíðum bæjarins og var útnefnd fyrsti bæjarlistamaður Mosfellsbæjar árið 1995.



Skólahljómsveit Mosfellsbæjar er gríðalega góður félagsskapur.

Daði Þór Einarsson tók við stjórn hljómsveitarinnar af Birgi árið 2004 og stýrði henni til ársins 2024. Núverandi stjórnandi er Daníel Friðjónsson.

Næsti viðburður er fimmtudaginn 19. nóvember kl. 17 þegar B- og C-sveitir Skólahljómsveitarinnar halda tónleika í sal Varmárskóla. Þar verður boðið upp á fjölbreytta efnisskrá. Tónleikarnir eru öllum opnir og aðgangur ókeypis.

Enn eru jafnframt nokkur pláss laus á málmblásturshljóðfæri, þ.e. trompet, horn, básúnu, barítónhorn og túbu, og eru áhugasöm börn hvött til að mæta á tónleikana og kynna sér starfið.

NAGLAR SEM AÐLAGA SIG AÐ VETRINUM

Nokian Hakkapeliitta 01

Nokian Hakkapeliitta 01 var valið **Besta nagladekkið** í umfangsmiklu nagladekkjaprófi sænska bílablaðsins Vi Bilägare.

Fyrsta nagladekkið í heiminum sem aðlagar sig sjálfkrafa að hitabreytingum og vegskilyrðum. Naglar dekksins fara sjálfkrafa á milli tveggja stillinga eftir hitastigi.

Hakka Ábyrgð® Nokian Tyres er fáanleg fyrir þetta dekk.



ViBilägare
Nokian Hakkapeliitta 01
BESTA NAGLADEKKIÐ

Kynntu þér dekkið á max1.is

MAX1
BÍLAVAKTIN

Ólík fyrirtæki undir sama þaki

MosóTorg með pop-up verslunarhelgi í nóvember

Ýmislegt líflegt er að gerast í Bjarkarholti 2 í Mosfellsbæ, í húsinu sem margir þekkja sem Háholt 14. Þar hefur MosóTorg byggst upp sem sameiginlegur vettvangur fyrir verslun, handverk, sköpun, ljósmyndun og persónulega þjónustu.

Undir merkjum MosóTorgs starfa nokkur ólík fyrirtæki sem eiga það sameiginlegt að bjóða upp á vörur og þjónustu með persónulegum blæ.

Sigurbjörg.net er prjónaverslun fyrir áhugafólk um prjón og handavinnu, Instaprent.is býður upp á prentun eigin mynda og hönnunar á persónulegar gjafir og þar er einnig Myndó ljósmyndastofa með vinnustofu. Þá má finna Slikkerí á svæðinu þar sem meðal annars er boðið upp á vörur og búnað tengdan brjóstsykursgerð.

Helgina 6.–8. nóvember verður sérstök pop-up verslunarhelgi á MosóTorgi þar sem fleiri verslanir og söluaðilar bætast tímabundið í hópinn. Markmiðið er að skapa líflega stemningu og bjóða gestum upp á fjölbreytt úrval vara á einum stað.

Á föstudeginum verður opið frá kl. 12 til 20 og frá kl. 17 verður boðið upp á léttar veitingar. Á laugardag og sunnudag verður opið frá kl. 12 til 18.

Aðstandendur MosóTorgs segja vilja standa til þess að skapa vettvang þar sem fólk geti fundið eitthvað öðruvísi, fengið hugmyndir og kynnst fjölbreyttri starfsemi í bænum.

Pop-up helgin verður því gott tækifæri til að líta við, skoða úrvalið, gera góð kaup og jafnvel hefja jólaundirbúninginn.

MosóTorg er að Bjarkarholti 2 í Mosfellsbæ, í húsinu sem margir þekkja sem Háholt 14.

Vinnustaðanáms-sjóður auglýsir eftir umsóknum

Vinnustaðanámssjóður hefur auglýst eftir umsóknum um styrki til fyrirtækja sem taka á móti nemendum í vinnustaðanám og starfsþjálfun sem er skilgreindur hluti starfsnáms samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Markmið sjóðsins er að hvetja fyrirtæki til að taka við nemendum og gera þeim þannig kleift að ljúka þeim verklega hluta starfsnáms sem krafist er samkvæmt námskrá.

Breyting hefur orðið á umsóknarferlinu en rafræn ferilbók er nú forsenda styrkveitingar. Tenging milli umsóknarkerfis Vinnustaðanámssjóðs og rafrænu ferilbókarinnar hefur verið sjálfvirknivædd og þurfa umsækjendur því ekki lengur að setja ferilbókina sjálfir inn með umsókn.

Fyrirtæki eru hvött til að undirbúa umsóknir tímanlega og ganga úr skugga um að vinnustaðanámssamningar í rafrænni ferilbók séu fullfrágengnir.

Jafnframt er mælt með því að fyrirtæki skrái nemendur inn í umsóknarkerfið þegar opnað hefur verið fyrir umsóknir og safni saman nauðsynlegum fylgigögnum, svo sem launaseðlum eða öðrum gögnum sem staðfesta vinnustaðanámið.

Rannís annast umsýslu Vinnustaðanámssjóðs fyrir hönd mennta- og barnamálaráðuneytisins.

Nánari upplýsingar um sjóðinn og umsóknarferlið má finna á Ísland.is en ráðgjöf um rafræna ferilbók er veitt hjá Nemastofu.

Umsóknarfrestur er til 10. nóvember 2026 kl. 15.

Vilma Home með opnunarpartí

Það var glatt á hjalla þegar Vilma Home fagnaði opnun nýrrar verslunar og sýningarrýmis (*e. showroom*) á Esjumelum, steinsnar frá Mosfellsbæ, heimabæ Vilmu. Stemningin var frábær, boðið var upp á veitingar og drykki og Svala Björgvinsdóttir söng fyrir gesti.

„Vilma Home hefur fengið svo frábærar viðtökur og það er yndislegt að sjá gildin okkar skila sér," segir Vilma. „Við þekkjum það öll að vera með marga bolta á lofti en við megum ekki gleyma okkur sjálfum. Við þurfum að gera vel við okkur og láta okkur líða vel."

Með nýja rýminu getur Vilma boðið upp á enn betri þjónustu, því nú getur fólk komið, skoðað úrvalið og mátað á staðnum. „Það er dásamlegt að geta tekið á móti fólki með þessum hætti og við erum bara rétt að byrja."

























ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



Erum staðsett í Mosfellsbæ

þegar góð þjónusta flytur í betra umhverfi!

3 ár í Mosfellsbæ

SMURPJÓNUSTA | VARAHLUTIR | BILANAGREINING | VIÐGERÐIR

Við sinnum öllum almennum bílaviðgerðum.

Áralöng reynsla og mikil þekking.
Höfum sérhæft okkur í Toyota viðgerðum síðan 1995.
Við vinnum samkvæmt ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðfii.

TOYOTA VIÐGERÐIR

bsi ISO 14001 Environmental Management CERTIFIED

OPNUNARTÍMI

Mán. – fimmtud.
8:00 – 17:00

Lokað á föstudögum

Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf.
Desjamýri 8, 270 Mosfellsbæ

587 1350

bifkop.is

KYNNING

Hundar bíta sjaldan án viðvörunar



Flestir hundar reyna að segja okkur hvernig þeim líður löngu áður en þeir glefsa eða bíta. Vandamálið er að við tökum ekki alltaf eftir skilaboðunum. Hundar og kettir geta vissulega ekki talað við okkur með orðum en þeir eru stöðugt að eiga samskipti. Með líkamsstöðu, svipbrigðum, augnaráði, eyrum og skotti láta þeir okkur vita hvort þeim líði vel eða hvort þeir séu óöruggir, stressaðir eða vilji einfaldlega fá frið.

Hundar dilla ekki bara skottinu þegar þeir eru glaðir

Margir halda að hundur sem dillar skottinu sé alltaf glaður. Það er hins vegar ekki svo einfalt. Hundur getur líka dillað skottinu þegar hann er spenntur, óöruggur eða stressaður. Til að skilja hvað hundurinn er raunverulega að segja þarf að skoða alla líkamstjáninguna í samhengi. Kettir dilla almennt ekki skottinu til þess að tjá sig heldur fyrir jafnvægi, við veiðar og til þess að sýna yfirráð.

Ef hundur er skammaður fyrir að urra getur hann hætt að gefa þessa viðvörun og brugðist beint við með glefsi eða biti

Þegar hundur urrar er hann ekki að vera „óþekkur“. Hann er að vara við því að honum líði óþægilega eða að hann ráði ekki við aðstæður. Urr er þannig samskiptaleið sem mikilvægt er að hlusta á og sé það farið að hafa hamlandi áhrif á samvistir hunds og fólks er ráðlegt að leita til fagaðila. Ef urr er stöðugt hunsað er hætt við að hundurinn leiti annarra ráða til að koma sér undan aðstæðum og er þá líklegt að hann bíti.

Mikilvægt er að börn og fullorðnir virði mörk dýra

Þess vegna skiptir máli að kenna bæði börnum og fullorðnum að virða mörk dýra. Hundur sem snýr höfðinu undan, leggur eyrun aftur, stífnar í líkamanum eða reynir að færa sig í burtu er oft að senda skýr skilaboð um að hann sé ekki sáttur við aðstæðurnar. Að sama skapi er köttur sem leggur eyrun aftur, stækkar augun og færir sig undan að biðja um að vera í friði.

Þekking á merkjamáli dýra getur aukið öryggi á heimilinu, styrkt tengsl milli manns og dýrs og hjálpað okkur að greina fyrr þegar eitthvað er að. Hegðunarbreytingar geta til dæmis verið fyrstu vísbendingar um streitu, vanlíðan eða jafnvel verki.

Skannaðu QR-kóðann til að fræðast nánar um merkjamál hunda og katta og um það hvernig þú getur skilið gæludýrið þitt betur.

Höfundur er Kristín Sara Georgsdóttir dýrahjúkrunarfræðingur.

Lestu meira hér!



Forseta hjónin heiðruðu samkomuna

Sjötíu ár frá komu ungversku flóttamannanna

Í ár eru liðin 70 ár frá því að 52 ungverskir flóttamenn komu til Íslands í kjölfar ungversku byltingarinnar árið 1956. Fyrstu dagana dvöldu þeir í Mosfellssveit þar sem Hlégarður gegndi lykilhlutverki í móttökunni og varð vettvangur samhjálpar og gestrisni íbúa sveitarinnar.

Flóttamennirnir komu til landsins aðfaranótt aðfangadags árið 1956 eftir að hafa flúið Ungverjaland í kjölfar þess að sovésk stjórnvöld bældu niður byltinguna þar í landi. Koma hópsins markaði tímamót, enda var þetta í fyrsta sinn sem íslensk stjórnvöld tóku á móti hópi flóttafólks með skipulögðum hætti.



Hilmar Gunnarsson bæjarstjóri, Erla María Jónsdóttir Tölgyes, barnabarn Mikaels Franssonar, eins þeirra sem komu hingað til lands 1956, og László Benkucs, ræðismaður Ungverjalands á Íslandi.

Fyrstu dagana eftir komuna dvöldu flóttamennirnir í Hlégarði og voru þar meðal annars í sóttkví. Þrátt fyrir óvenjulegar aðstæður var lögð áhersla á að skapa hlýlegt umhverfi yfir jólahátíðina. Kvenfélagskonur í Mosfellssveit sáu um matseld, fatnaði og leikföngum var safnað og skreytt jólatré beið gestanna. Hlégarður varð þannig tákn um þá móttöku sem hópurinn fékk hér á landi.

Af þessu tilefni bauð Ungverska menningarfélagið á Íslandi til sérstakrar minningarhátíðar í Hlégarði föstudaginn 23. október.

Halla Tómasdóttir forseti Íslands sótti hátíðina ásamt eiginmanni sínum Birni Skúlasyni. Þá voru Hilmar Gunnarsson bæjarstjóri og Gylfi Þór Þorsteinsson forseti bæjarstjórnar meðal gesta ásamt fjölmörgum öðrum.

Dagskráin hófst með sögusýningu þar sem koma flóttamannanna til Íslands og fyrstu skref þeirra í nýju landi voru rifjuð upp með ljósmyndum, skjölum og öðru efni frá árinu 1956.

Síðar um kvöldið var atburðanna í Ungverjalandi og komu flóttamannanna til Íslands minnst með ræðum og tónlist. Jafnframt var sjónum beint að þeim tengslum sem mynduðust milli Íslendinga og Ungverja fyrir 70 árum og hafa haldist síðan.

Hátíðinni lauk með kvöldverði með hefðbundnum ungverskum réttum og var þannig bundinn endahnútur á kvöld þar sem saga, minningar og tengsl þjóðanna tveggja voru í forgrunni.



Halla Tómasdóttir forseti Íslands sótti minningarhátíðina ásamt eiginmanni sínum, Birni Skúlasyni. Hér eru þau með Hilmari Gunnarssyni bæjarstjóra og Gylfa Þór Þorsteinssyni forseta bæjarstjórnar.





ROYAL CANIN



EINSTAKAR ÞARFIR

SÉRHÆFÐ NÆRING

Vel heppnað útgáfuhóf fyrir peysuna Árangur





Góð stemning ríkti á Reykjalundi miðvikudaginn 14. október þegar haldið var útgáfuhóf í tilefni af útgáfu prjónauppskriftarinnar að peysunni Árangur. Vel var mætt og nutu gestir kvöldsins í notalegu umhverfi þar sem handverk, tónlist og góð samvera fóru saman.

Handverkskúnst, sem er styrktaraðili verkefnisins, var á staðnum með fjölbreytt úrval af garni og nýttu margir gestir tækifærið til að velja sér liti í sína eigin Árangurspeysu.

Boðið var upp á léttar veitingar og tónlistaratriði. Ástrós Sigurjónsdóttir flutti bæði djasslög og frumsamið efni en Hildur Jónsdóttir og Þorvaldur Aðalsteinsson fluttu valdar dægurperlur við góðar undirtektir gesta.

Ellý Skúladóttir kynnti tilurð peysunnar og hugmyndina að baki verkefninu. Þá flutti Kolbrún Þorsteinsdóttir ávarp þar sem hún kynnti starf Hollvina Reykjalundar og mikilvægi stuðnings þeirra við starfsemina.

Uppskriftin að peysunni var til sölu í útgáfuhófinu og fékk góðar viðtökur. Sala hefur einnig farið vel af stað á netinu en uppskriftin er aðgengileg á heimasíðu Reykjalundar.

Allur ágóði af sölu uppskriftarinnar rennur til Hollvina Reykjalundar og mun nýtast við áframhaldandi uppbyggingu og þróun starfseminnar.

Margrét Lára Höskuldsdóttir sá um ljósmyndun fyrir uppskriftina og setja myndir hennar fallegan svip á verkefnið.

Aðstandendur verkefnisins þakka öllum sem komu í útgáfuhófið og þeim sem þegar hafa fest kaup á uppskriftinni fyrir góðar móttökur og stuðning.





Nýr leikvöllur tekinn í notkun við Asparlund



Nýr leikvöllur hefur verið tekinn í notkun við Asparlund, þar sem fjölbreyttum leiktækjum fyrir börn á ólíkum aldri hefur verið komið fyrir. Á svæðinu má meðal annars finna þrautabraut, kastala, hringrólu og rólusett með fjórum rólum.

Stefnt er að því að bæta tveimur barnarólusætum við rólusettið fyrir vorið. Hringrólan á svæðinu er sambærileg þeirri sem hefur notið mikilla vinsælda á leikvellinum í Rituhöfða og því var ákveðið að setja upp slíka rólu við Asparlund.

Við framkvæmdirnar var allur jarðvegur sem grafinn var upp nýttur áfram á svæðinu til að móta landslagið. Þannig hafa orðið til litlir hólar sem vonast er til að nýtist börnum til sleðaferða þegar snjór fellur.

Reykjamelsmegin við leikvöllinn er einnig blómaengi sem setti fallegan svip á svæðið í sumar. Framkvæmdum er þó ekki að fullu lokið því næsta vor verður haldið áfram að gróðursetja og fegra svæðið.

Nýi leikvöllurinn bætir útivistaraðstöðu í hverfinu og skapar fjölskyldum nýtt svæði til leiks og samveru.

Fuglavernd vill skoða aðrar leiðir en að skjóta álftir

Stjórn Fuglaverndar segir mikilvægt að brugðist verði við tjóni sem álftir valda á kornökrum en telur að áður en skotveiðar verði leyfðar eigi að kanna aðrar leiðir til hlítar. Þetta kemur fram í tilkynningu frá félaginu í kjölfar umræðu um aukið tjón kornbænda af völdum álfta.

Tilefni tilkynningarinnar er meðal annars umfjöllun RÚV þar sem kornbóndi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi kallaði eftir því að heimilt yrði að skjóta álftarunga vegna mikillar fjölgunar fuglsins og tjóns á ræktarlandi.

Fuglavernd segist taka áhyggjur bænda alvarlega og viðurkennir að álftir geti valdið verulegu uppskerutapi. Félagið telur hins vegar að umfang tjónsins hafi ekki verið metið nógu vel og að stjórnvöld hafi hvorki stutt bændur nægilega með ráðgjöf né fjármagni til að prófa aðrar lausnir.

Í tilkynningunni er bent á ýmsar fælingaraðferðir sem hafa verið notaðar erlendis, meðal annars fuglahræður, flugdreka og blöðrur sem líkja eftir ránfuglum, ljósendurkastandi borða, hljóðfælur, þjálfaða hunda og dróna. Að mati félagsins þarf að kanna hvaða aðferðir henti íslenskum aðstæðum og byggja aðgerðir á rannsóknum og mælanlegum árangri.

Fuglavernd minnir jafnframt á að álft hafi verið friðuð á Íslandi frá árinu 1914 og sé einnig friðuð samkvæmt Bernarsamningnum. Stofninn hefur þó stækkað á síðustu árum og var við úttekt árið 2020 talinn vera um 43 þúsund fuglar.

Félagið lýsir áhyggjum af því að verði almennar álftaveiðar heimilaðar gæti skapast hætta á ofveiði. Þá telur Fuglavernd ekki sjálfgefið að fækkun álfta myndi skila samsvarandi minni skaða á kornökrum, enda geti aðrir fuglar fljótt komið í stað þeirra sem yrðu felldir.

Stjórn Fuglaverndar kallar því eftir faglegri úttekt á tjóninu, prófun mismunandi fælingaraðferða og auknum stuðningi stjórnvalda við bændur. Markmiðið eigi að vera lausn sem taki tillit til hagsmuna bæði landbúnaðar og náttúruverndar.



Ai mynd

20% AFSLÁTTUR
tilboð alla vikuna

KJÖTBÚÐIN
www.kjotbudin.is

MÁN

Ungnautahakk
100% hreint íslenskt kjöt





Hakkabollur
í orientalsósu *(elduð vara)*

ÞRI

MIÐ

Nautapottréttur
í strokanoffsósu *(elduð vara)*





Grísasamloka
gamla góða *(elduð vara)*

FIM

FÖS

Ungnautalund
í steikum í trufflusveppamarineringu





Ungnauta file
í Black garlic marineringu

LAU

Kjötbúðin • Grensásvegi 48 • Sunnukrika 2 • Sími 571 5511 • kjotbudin@kjötbudin.is

SÆLKERAVERSLUN • GRILL- OG VEISLUÞJÓNUSTA • KJÖTVINNSLA

Svana Helen Björnsdóttir forstjóri Reykjalundar horfir björtum augum til framtíðar

„Ég sé fyrir mér að Reykjalundur verði myndarleg heilsu- og endurhæfingarbyggð“


SVANA HELENA KLÆDIST NÝJU ULLARPEYSUNNI ÁRANGUR

Svana Helen Björnsdóttir forstjóri Reykjalundar hefur komið víða við á sínum starfsferli. Hún er rafmagnsverkfræðingur, frumkvöðull og fyrrverandi fyrirtækjaeigandi sem hefur nú tekið að sér það verkefni að leiða eina mikilvægustu endurhæfingarstofnun landsins inn í nýja tíma. Þótt rekstur og húsnæðismál Reykjalundar hafi verið krefjandi undanfarin ár horfir Svana Helen björtum augum til framtíðar. Hún sér mikil tækifæri í uppbyggingu svæðisins og vill að Reykjalundur verði enn stærri og virkari hluti af samfélaginu í Mosfellsbæ.

Frá rafmagnsverkfræði til forystu í heilbrigðisþjónustu

Svana Helen fæddist í Reykjavík og er elst fjögurra systra. Hún dvaldi um tíma í Danmörku á barnsaldri þegar faðir hennar stundaði þar nám. Hún kynntist atvinnulífinu snemma en fjölskylda hennar rak fyrirtækið Fálkann, sem langafi hennar stofnaði árið 1904.

„Ég byrjaði ung að vinna um sumur og jól í Fálkanum,“ segir Svana Helen, sem sinnti þar ýmsum störfum, meðal annars sem sendill og afgreiðslustúlka og á rafmagnsverkstæði fyrirtækisins.

Eftir nám í Kvennaskólanum og Menntaskólanum í Reykjavík lá leið hennar í rafmagnsverkfræði við Háskóla Íslands. Þar kynntist hún eiginmanni sínum, Sæmundi E. Þorsteinssyni, sem er einnig rafmagnsverkfræðingur.

„Við erum bæði rafmagnsverkfræðingar – og getum bæði skipt um ljósaperur,“ segir hún létt í bragði.

Hjónin fóru saman í framhaldsnám til Þýskalands og störfuðu þar sem verkfræðingar áður en þau fluttu aftur heim og stofnuðu fjölskyldu. Þau eiga þrjá uppkomna syni og Svana Helen varð amma fyrr á þessu ári.

„Ég varð amma fyrr á árinu og það er fátt sem toppar það á hamingjukvarðanum.“

Starfsferill Svönu Helenar hefur verið fjölbreyttur. Hún stofnaði og rak eigið hugbúnaðarfyrirtæki í 27 ár þar sem þróaðar voru lausnir til að meta gæði heilbrigðisþjónustu og greina áhættu í rekstri. Hún seldi fyrirtækið árið 2019 og sneri sér í kjölfarið að vísindastörfum við Háskólann í Reykjavík.

Samhliða hefur hún gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, meðal annars sem formaður Samtaka iðnaðarins og Verkfræðingafélags Íslands. Hún hefur einnig setið í bæjarstjórn Seltjarnarness og tekið virkan þátt í félags- og kirkjustarfi.

Óvænt leið inn á Reykjalund

Það var ekki á langtímaplani Svönu Helenar að verða forstjóri Reykjalundar. Upphaflega höfðu forsvarsmenn Reykjalundar og SÍBS samband við hana og spurðu hvort hún gæti hugsað sér að taka við stjórnarformennsku stofnunarinnar.

Reksturinn stóð þá frammi fyrir verulegum áskorunum og Svana Helen tók sér nokkrar vikur til að íhuga verkefnið. Hún taldi þó að hægt væri að snúa rekstrinum við og sá jafnframt mikil tækifæri til framtíðar.

„Ég sá ekki fyrir mér að verða forstjóri Reykjalundar. Það gerðist þegar fyrri forstjóri ákvað óvænt að hætta störfum.“

Hún segir mikinn viðsnúning hafa orðið í rekstrinum og að árangurinn gefi tilefni til bjartsýni. Það sem heilli hana mest sé þó ekki eingöngu reksturinn heldur mikilvægi starfseminnar fyrir fólkið sem þangað leitar.

„Björt framtíð Reykjalundar heillar mig og sigursögur sjúklinga hafa sannfært mig um að það er vel þess virði að vera í liði með öllu því fólki sem vill stuðla að því að starfsemi Reykjalundar vaxi og dafni.“

Sigursögurnar snerta dýpst

Reykjalundur hefur verið samofinn sögu Mosfellsbæjar í meira en átta áratugi og skipar sérstakan sess í hugum margra Íslendinga. Svana Helen þekkti sjálf til starfseminnar löngu áður en hún tók við forstjórastarfinu.

Fjölskyldumeðlimir hennar höfðu notið endurhæfingar á Reykjalundi og aðrir ættingjar komið að uppbyggingu staðarins og sjálfboðastarfi þar.

Hún segir það hafa komið sér mest á óvart eftir að hún hóf störf hversu einstök starfsemin sé í raun.



„Það sem hefur komið mér mest á óvart er að það eru engar ýkjur hversu frábær Reykjalundur er í raun og veru.“

Ein þeirra sagna sem hafa snert hana sérstaklega er saga Nadíu Jóhannsdóttur, sem kom fram í landssöfnunarþætti RÚV. Svana Helen tengist Nadíu fjölskylduböndum og hefur þekkt hana frá barnæsku.

Nadía lenti í alvarlegu bílslysi tvítug að aldri og henni var vart hugað líf. Hún þurfti að takast á við langvarandi og erfiða endurhæfingu en hefur á þeim tíu árum sem liðin eru frá slysinu náð mikilvægum áföngum. Hún hefur menntað sig, eignast tvö börn og starfar nú sem framhaldsskólakennari.

„Ég hef dáðst að viljastyrk Nadíu og því baráttuþreki sem hún hefur sýnt í bataferli sínu.“

Svana Helen segir sögu Nadíu hafa sýnt sér mikilvægi endurhæfingar en að það hafi ekki verið fyrr en hún hóf sjálf störf á Reykjalundi sem hún áttaði sig til fulls á því hversu miklu máli hinir ólíku þættir þverfaglegrar endurhæfingar skipta.

Þjóðin tók höndum saman

Landssöfnunin Endurhæfum Reykjalund, sem fór fram í byrjun október, vakti mikla athygli og sýndi vel þann hlýhug sem þjóðin ber til stofnunarinnar. Um 122 milljónir króna söfnuðust í tengslum við söfnunarþáttinn og samkvæmt Svönu Helen hefur heildarupphæðin síðan nálgast 140 milljónir króna.

Þegar hún er spurð hvernig hún hafi upplifað þessa miklu samstöðu stendur ekki á svarinu.

„ÞAKKLÆTI er mér efst í huga,“ segir hún og nefnir alla þá fjölmörgu sem lögðu verkefninu lið, bæði fyrir framan myndavélarnar og á bak við tjöldin.

Hún segir samstöðu starfsfólksins hafa verið einstaka og þátttöku í ýmsum verkefnum tengdum söfnuninni hafa farið fram úr vonum. Þá hafi sögur sjúklinganna haft djúp áhrif á hana.

„Margar af þessum sögum snertu mig djúpt og ég mun minnast þessa kvölds svo lengi sem ég lifi.“



Vill opna Reykjalund enn frekar fyrir Mosfellingum

Svana Helen sér margt spennandi í nánara samstarfi Reykjalundar við Mosfellsbæ. Hún segir samskipti við bæjaryfirvöld, fyrirtæki og íbúa hafa verið afar góð og að hún finni fyrir miklum velvilja í garð stofnunarinnar.

„Við viljum vinna þétt með fólkinu í Mosó og vera jákvæður, uppbyggilegur og virkur aðili í samfélaginu hér.“

Ein þeirra hugmynda sem hún vill skoða er að nýta íþrótta- og heilsuræktaraðstöðu Reykjalundar betur utan hefðbundins endurhæfingartíma.

Hún nefnir meðal annars að hægt væri að bjóða Mosfellsbæ og Aftureldingu afnot af sundlaugum, íþróttahúsi og tækjasal síðdegis, á kvöldin og um helgar þegar aðstaðan er ekki í notkun fyrir endurhæfingu.

Slíkt samstarf gæti bæði nýst bæjarbúum og skapað Reykjalundi viðbótartekjur sem færu í endurnýjun og uppbyggingu.

Framtíðarsýn hennar nær þó mun lengra. Hún sér fyrir sér að Reykjalundarsvæðið þróist í heilsu- og endurhæfingarbyggð þar sem fallegt umhverfi, vandaðar byggingar og fjölbreytt þjónusta fari saman.

„Ég sé fyrir mér að Reykjalundur þróist og verði myndarleg heilsu- og endurhæfingarbyggð innan Mosfellsbæjar.“

Í þeirri framtíðarsýn eru meðal annars notalegt kaffihús eða veitingastaður, góðar göngu- og hjólaleiðir, útivistarsvæði og heilsuræktaraðstaða sem gæti laðað að sér bæði yngri og eldri Mosfellinga.

„Endurhæfing á ekki að byggjast á happdrætti“

Þrátt fyrir bjartsýnina er ljóst að mikil verkefni eru fram undan. Húsnæði Reykjalundar þarfnast endurbóta og Svana Helen segir nauðsynlegt að tryggja fjármagn til viðhalds og uppbyggingar.

Hún vill meðal annars sjá nýja og rúmbetri sjúkrahúsdeild þar sem hægt væri að taka á móti fleiri inniliggjandi sjúklingum. Nú er aðeins rými fyrir 17 einstaklinga í sólarhringsvist.

Þá þurfi að bæta aðstöðu þeirra sem dvelja á Reykjalundi um lengri tíma og endurnýja ýmsa hluta húsnæðisins. Endurbætur á sjúkraþjálfunarálmunni séu meðal þeirra verkefna sem nú séu í forgangi.

Svana Helen telur að endurhæfingarstofnanir þurfi að fá tryggt fjármagn til viðhalds húsnæðis, líkt og tíðkast í nágrannalöndunum.

„Endurhæfing á ekki að byggjast á happdrætti.“

Hún segir jafnframt mikilvægt að Reykjalundur þróist í takt við breyttar þarfir samfélagsins. Sjúkdómsmyndir séu að breytast og endurhæfingarþjónustan þurfi að geta brugðist við nýjum og flóknari áskorunum.

Markmiðið sé að byggja áfram á þeim trausta grunni sem lagður var fyrir meira en 80 árum en um leið að hugsa til framtíðar og nýta þau tækifæri sem felast í nýsköpun og samstarfi.

Jóga, prjónaskapur og nýtt ömmuhlutverk

Þótt Svana Helen beri ríka ábyrgð í starfi segist hún hafa mikla starfsorku og vera heilsuhraust. Hún stundaði bæði sund og handbolta á yngri árum en viðurkennir brosandi að íþróttaafrekin hafi ekki verið mörg.

„Ég stundaði keppnisíþróttir sem barn og unglingur, bæði sund og handbolta, en var alltaf með þeim lélegri, vermdi varamannabekkinn og vann aldrei til verðlauna.“

Undanfarna áratugi hefur hún stundað jóga nánast daglega og er einnig jógakennari. Þegar tími gefst til tekur hún að sér að kenna heitt jóga, gjarnan á laugardagsmorgnum á Seltjarnarnesi.

Hún finnur einnig ró í því að prjóna yfir sjónvarpsfréttunum og segir kristna trú skipa mikilvægan sess í lífi sínu.

Fjölskyldan er henni sömuleiðis afar kær og nýja ömmuhlutverkið hefur fært henni mikla gleði.

Björt framtíð Reykjalundar

Þegar Svana Helen horfir fimm ár fram í tímann sér hún fyrir sér Reykjalund sem hefur styrkt rekstrargrundvöll sinn, endurnýjað mikilvæga innviði og aukið þjónustu sína.Hún vill að stofnunin geti tekið á móti fleiri sjúklingum og að Reykjalundarsvæðið verði enn mikilvægari hluti af daglegu lífi Mosfellinga.

Hún hvetur bæjarbúa jafnframt til að láta í sér heyra og koma á framfæri hugmyndum um framtíð svæðisins.

Það er greinilegt að Svana Helen lítur ekki aðeins á Reykjalund sem heilbrigðisstofnun heldur sem stað sem hefur möguleika á að vaxa og dafna í nánu samstarfi við samfélagið í kring.

Og þegar öllu er á botninn hvolft segir hún að það sem veiti henni mesta ánægju í starfinu sé hvorki rekstrarárangur né framkvæmdir heldur fólkið sjálft.

„Ánægjulegast er að upplifa dag hvern framfarir og ánægju sjúklinganna sem koma á Reykjalund til endurhæfingar eftir margs konar veikindi og áföll. Það er mikilvægast af öllu.“

ÞESSI ER EKKI
ÞUNN Í DAG.

Pantaðu pönnupizzu og fáðu hana senda heim.
Það gæti bjargað deginum.



DOMINO'S APPIÐ | DOMINOS.IS

Fyrsti í villibráð!



Fyrstu kvöld villibráðaseðils OAK Restaurant eru um helgina, 5.-8. nóvember

Seðillinn verður í boði í takmarkaðan tíma helgarnar 5.-8. nóv, 12.-15. nóv & 19.-22. nóv

Bjóðum einnig upp á jólaseðil yfir hátíðarnar!
... allt að fyllast!

Tryggðu þér pláss á www.oakrestaurant.is

OAK
RESTAURANT

510 2770

oakrestaurant@oakrestaurant.is

@oakmosfellsbaer

Ertu að skipuleggja viðburð í desember?

Jólaveislurnar okkar henta vel
við öll tilefni, stór og smá!

Skoðaðu úrvalið á heimasíðu okkar og pantaðu
tímanlega á oakrestaurant@oakrestaurant.is

Nenniru ekki að elda?

Pantaðu matinn á netinu
og njóttu hans heima

Allskonar pizzutilboð,
hamborgarar, sushi,
salöt, samlokur, vefjur
& bistró réttir

Allt á einum stað!

Samverustund er gjöf sem gleður

Gjafabréfin okkar eru
fullkomin fyrir
þau sem eiga allt!

*... samverustundir hitta
alltaf í mark!*

Verslaðu núna á
heimasíðu okkar!

Skoða villibráða- og jólaseðil

Aðeins í boði í takmarkaðan tíma!

Borðapantanir á www. oakrestaurant.is

skoða seðla:

Mosfellingurinn Gylfi Þór Þorsteinsson *er sviðsstjóri hjá Rauða krossinum og forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar*

Segi sjaldnast nei ef starfið er spennandi

Gylfi Þór Þorsteinsson hefur átt langan og fjölbreyttan starfsferil, í ferðaþjónustu, fjölmiðlum, markaðssetningu og við stjórnun umfangsmikilla samfélags- og neyðarverkefna.

Hann stýrði rekstri farsóttarhúsa á tímum COVID-19, var aðgerðastjóri vegna komu flóttafólks frá Úkraínu og samhæfði samskipti og upplýsingagjöf til Grindvíkinga í kjölfar jarðhræringa á Reykjanesskaga.

Í dag gegnir hann starfi sviðsstjóra hjá Rauða krossinum og er forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar.



Gylfi Þór fæddist í Reykjavík 11. september 1970. Hann var ættleiddur af hjónunum Sigríði Eggertsdóttur húsmóður og Þorsteini Rínari Guðlaugssyni endurskoðanda. Þau eru bæði látin.

Gylfi Þór á sex hálfsystkini en leiðir þeirra lágu ekki saman á uppvaxtarárunum.

Allt gert til að hafa gaman

„Ég er alinn upp í Fossvoginum og Gerðunum og átti þar yndisleg æskuár. Ég hélt mig mest í Fossvoginum, jafnvel eftir að við fluttum í Espigerði, því þar voru vinirnir sem eru enn mínir bestu menn.

Uppátækin voru ýmiss konar og allt gert til að hafa gaman. Við spiluðum mikið fótbolta og vorum í skátunum. Útilegurnar voru í miklu uppáhaldi, enda vissum við fátt betra en að vera úti í náttúrunni, hvort sem var að sumri eða vetri. Við sóttum félagsmiðstöðina Bústaði af kappi og myndum eflaust gera það enn, ef okkur væri hleypt inn," segir Gylfi Þór og hlær.

Þessi tími mótaði mann

Gylfi Þór gekk í Fossvogsskóla, Réttarholtsskóla og Menntaskólann við Sund. „Ég var alla tíð í skóla til að hafa gaman með vinum mínum, frekar en að læra. Ég fór í gegnum námið án mikillar fyrirhafnar. Þessi ár mótuðu mig því fyrst og fremst félagslega. Þegar ég horfi til baka hefði ég gjarnan viljað læra meira um daglegt líf, hvernig samfélagið virkar, til dæmis hvernig maður telur fram til skatts og les launaseðil, frekar en algebru.

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

Á sumrin dvaldi ég í sumarbústað foreldra minna við Gíslholtsvatn. Þar sló ég grasið á níu holu golfvellinum sem pabbi hafði útbúið og sinnti ýmsum verkum. Eftir gaggó vann ég við gröft í Kirkjugörðum Reykjavíkur. Það var lærdómsríkur tími sem opnaði augu mín fyrir mikilvægi þess að sýna látnum virðingu.

Ég vann líka við múrverk og í félagsmiðstöð á þessum árum."

Gríðarlegt áfall

Gylfi Þór var aðeins 26 ára þegar móðir hans var myrt af bróður sínum í hlaði bóndabæjar bróðurins í Öxnadalshreppi. Hann segir atburðinn óhjákvæmilega hafa mótað lífsviðhorf sitt.

„Þetta var gríðarlegt áfall. Við vorum ungir foreldrar, nýbúin að eignast okkar fyrsta barn og áttum að vera að upplifa einn fallegasta tíma lífsins. Í staðinn þurftum við að takast á við þennan hræðilega atburð sem tók svo mikið frá okkur.



Fjölskyldan, Þorsteinn Alex, Laurence, Gylfi Þór, Stefanía Mjöll og Guðmunda Íris.

Þegar maður missir foreldri með þessum hætti og svona ungur að aldri verður manni ljóst að ekkert er sjálfgefið í lífinu," segir Gylfi Þór alvarlegur í bragði. „Tíminn með fólkinu okkar er dýrmætur, við þurfum að nýta hann vel. Ég hef alltaf haft það að leiðarljósi að skapa minningar og eiga góðar upplifanir með þeim sem mér þykir vænt um."

> ***Ég hef alltaf haft þá trú að ef maður vill hafa áhrif á samfélagið þurfi maður að vera tilbúinn að taka þátt***

Tóku virkan þátt í samfélaginu

Gylfi Þór flutti í Mosfellsbæ árið 2000 ásamt fjölskyldu sinni. Fljótlega voru hann og þáverandi eiginkona hans, Gunný, farin að taka virkan þátt í samfélaginu. Hún gekk til liðs við Mosfellskórinn og hann tók sæti í meistaraflokksráði karla í knattspyrnu hjá Aftureldingu. Gylfi Þór lét einnig til sín taka í starfi Rauða krossins, þar sem hann kynntist mannúðarstarfi og neyðarvörnum. Sú reynsla átti eftir að koma sér vel. Þá sat hann í stjórn Hestamannafélagsins Harðar.

Gylfi Þór og Gunný eiga þrjú börn, Guðmundu Írisi, f. 1996, Þorstein Alex, f. 1997, og Stefaníu Mjöll, f. 2004.

„Ég hef alltaf lagt mikla áherslu á að vera í góðu sambandi við börnin mín og upplifa sem mest með þeim. Við erum einstaklega náin og þannig hefur það alltaf verið. Fyrir það er ég óendanlega þakklátur. Það sama á við um samband þeirra við móður þeirra en við slitum samvistum árið 2013."

Starfsferillinn er köflóttur

„Starfsferill minn er eins köflóttur og skyrturnar í Dressmann," segir Gylfi Þór og brosir. „Eftir menntaskóla hóf ég störf á útvarpsstöðinni Aðalstöðinni og tók síðar þátt í stofnun Viðskiptablaðsins, þar sem ég starfaði lengi sem auglýsinga- og markaðsstjóri. Ég var auglýsingastjóri DV og Morgunblaðsins áður en ég tók við starfi framkvæmdastjóra mbl.is.

Eftir 23 ár í fjölmiðlageiranum skipti ég um gír og tók að mér markaðsmál og daglegan rekstur bílaleigu. Síðar fór ég í ráðgjöf á sviði breytinga- og krísustjórnunar. Þar stýrði ég meðal annars farsóttarhúsum Rauða krossins í COVID-19-faraldrinum og var aðgerðastjóri stjórnvalda vegna komu flóttafólks frá Úkraínu.

Ég færði mig svo yfir til Rauða krossins, þar sem ég starfa sem sviðsstjóri kynningar- og markaðssviðs. Um tíma var ég lánaður til forsætisráðuneytisins til að vinna að aðgerðum vegna hamfaranna í Grindavík og starfaði þar með Grindavíkurnefnd.

Þar fyrir utan hef ég lesið inn á auglýsingar, tölvuleiki og kennslumyndbönd og sinnt markaðsráðgjöf. Ég segi sjaldnast nei ef starfið er spennandi."

Þakklátur fyrir tækifærin

Gylfi Þór er afar þakklátur fyrir tækifærin sem honum hafa gefist. Þótt mörg verkefnanna hafi verið krefjandi hefur hann lagt áherslu á að missa aldrei sjónar á mannlega þættinum.

„Mér hefur alltaf þótt gaman að vinna með fólki og í gegnum tíðina hef ég kynnst ógrynni fólks. Það skiptir máli að eiga góð samskipti, geta hlegið saman og haft gaman af því sem maður er að gera. Það á við hvort sem maður er að vinna við neyðarvarnir, félagsstörf eða annað."

Áhersla á gott samstarf

Gylfi Þór var beðinn um að leiða lista Viðreisnar í Mosfellsbæ fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar. Hann náði kjöri og í kjölfar kosninganna myndaði Viðreisn meirihluta í bæjarstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Gylfi Þór tók þá við embætti forseta bæjarstjórnar.

„Mér þykir afskaplega vænt um Mosfellsbæ og fólkið sem hér býr, þannig að ég lét til leiðast. Ég hef alltaf haft þá trú að ef maður vill hafa áhrif á samfélagið þurfi maður að vera tilbúinn að taka þátt.

Samstarfið hefur verið einkar farsælt og það ríkir mikið traust milli mín og samstarfsfólksins í Sjálfstæðisflokknum, sem skiptir gríðarlega miklu máli. Þá verður bæði auðveldara og skemmtilegra að vinna saman. Ég legg jafnframt áherslu á að eiga gott samstarf við minnihlutann.

Ég upplifi þetta þannig að við sem sitjum í bæjarstjórn viljum íbúum Mosfellsbæjar hið besta. Við erum auðvitað ekki alltaf sammála um leiðirnar, enda værum við þá líklega öll í sama flokknum, en okkur hefur tekist að vinna vel saman. Markmiðið er skýrt: að gera góðan bæ enn betri," segir Gylfi Þór og brosir er við kveðjumst.

HIN HLIÐIN

Uppáhaldsverslun? Boozt, versla þar mánaðarlega og verð alltaf jafn glaður þegar pakkarnir koma.

Best fyrir líkama og sál? Heilbrigður lífsstíll, engar öfgar, lífsgleði og húmor.

Tvennt sem fólk veit ekki um þig? Á blessaða gjöf frá Dalai Lama og var hármódel.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert? Samvera með þeim sem mér þykir vænt um. Hlátur barnanna minna er það skemmtilegasta sem ég heyri.

Hver kom þér síðast á óvart og hvernig? Forsetaritarinn sem tjáði mér í símtali að ég fengi fálkaorðuna 2024 fyrir störf í þágu samfélags og mannúðar.

Fyrstu tónleikarnir? Hér heima Madness 1986. Erlendis U2 1987.



UNGUR AÐ ÁRUM



SÆMDUR FÁLKAORÐUNNI 2024



GYLFI MEÐ FORELDRUM SÍNUM ÁRIÐ 1982



STÚDENT 1991



AÐ STÖRFUM Í COVID

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.

Fjölskyldusmiðja í kertamálun

28. nóvember kl. 13-15

í Bókasafni Mosfellsbæjar

Í smiðjunni málum við aðventukerti og förum því vel undirbúin og upplýst inn í desembermánuðinn. Boðið verður upp á kennslu í beitingu á pensli og meðferð lita.

Smiðjustjórn: Vilborg Bjarkadóttir, myndlistarkona og þjóðfræðingur.

Þátttakendur koma sjálfir með kerti til að mála en málning, tæki og tól verða aðgengileg á staðnum.

Öll velkomin á meðan húsrúm leyfir.



Svakalega sögusmiðjan

í Bókasafni Mosfellsbæjar

Viltu búa til sögur?

Komdu í sögusmiðjuna og lærðu að búa til fyndnar og spennandi sögur. Þemað í sögusmiðjunni er vinátta og hópurinn hittist í tvö skipti.

Eva Rún Þorgeirsdóttir, rithöfundur, og Blær Guðmundsdóttir, teiknari, gáfu út bókina Bestu vinir á dögunum og ætla af því tilefni að halda sögusmiðju þar sem þemað er vinátta.

Smiðjan er fyrir krakka á aldrinum 9 - 12 ára. Skráning fer fram á sumarfrístundarvef Völu: sumar.vala.is

Hópurinn hittist:
föstudaginn 13. nóvember á milli kl 15:30 - 17:30
laugardaginn 14. nóvember milli kl. 12:00 – 14:00



Opið fyrir umsóknir

Listasalur Mosfellsbæjar kallar eftir listamönnum til að taka þátt í Jólasýningu 2026.

Sýningin er ætluð öllum þeim listamönnum sem hafa áhuga á að selja list sína á sameiginlegri sölusýningu sem opnar þann 28. nóvember og stendur til 19. desember.

Áhugasamir eru beðnir um að senda umsókn á **mos.is/jolalist2026**

Skráningu lýkur 6. nóvember kl. 23:59

ATVINNULÍFIÐ Í MOSÓ

FÓLKIÐ - FYRIRTÆKIN - TÆKIFÆRIN - STERKARA SAMFÉLAG



„Íslensk framleiðsla og gæði“

Brynjar Guðmundsson, sölu- og markaðsstjóri, og Hilmar Arnfjörð Sigurðsson framkvæmdastjóri

BORGARPLAST
STOFNAÐ ÁRIÐ 1971

Borgarplast hefur verið hluti af íslenskum iðnaði frá árinu 1971 og starfsemin hefur verið í Mosfellsbæ frá árinu 2008. Í dag starfa 20–22 manns hjá fyrirtækinu að Völuteigi 31a þar sem framleitt er fjölbreytt úrval plastvara, meðal annars fyrir matvælaiðnað, byggingariðnað, verktaka og einstaklinga.

Frá Borgarnesi til Mosó

Saga Borgarplasts hófst í Borgarnesi árið 1971 þegar þar var komið á fót frauðplastverksmiðju til framleiðslu á einangrun fyrir byggingariðnaðinn.

Árið 1983 var hverfimótunardeild fyrirtækisins stofnuð og hófst þá framleiðsla úr pólýetýleni, eða PE-plasti. Með þeirri framleiðslu urðu meðal annars til ker, fráveitubrunnar, rotþrær, geymar og ýmsar aðrar vörur sem hafa fylgt Borgarplasti í gegnum árin.

Starfsemin var síðar á Seltjarnarnesi en árið 2008 flutti Borgarplast að Völuteigi 31a í Mosfellsbæ í tengslum við lóða- og húsaskipti. Þar hefur starfsemin verið síðan.

Rotþrær og heitir pottar

Mosfellingar þekkja Borgarplast líklega best fyrir rotþrær og heita potta en vöruúrval fyrirtækisins er mun fjölbreyttara.

„Það myndi líklega koma mörgum á óvart hversu mikið vöruúrvalið er hjá okkur og hversu stór hluti starfseminnar tengist útflutningi,“ segja forsvarsmenn fyrirtækisins.

Matvæla- og byggingariðnaðurinn eru stærstu markaðir Borgarplasts og fyrirtækið leggur áherslu á íslenska framleiðslu og gæði.

Stolt af kerjunum

Þegar spurt er hverju fyrirtækið sé stoltast af eftir allan þennan tíma er sérstaklega bent á gæði kerjanna sem framleidd eru fyrir matvælaiðnaðinn.

Fyrirtækið hefur þannig byggt upp áratuga reynslu í framleiðslu á vörum sem þurfa að standast miklar kröfur og segir sérstöðu sína fyrst og fremst felast í íslenskri framleiðslu og gæðum.

Áfram uppbygging í Mosó

Núverandi stjórnendur hafa komið að fyrirtækinu síðustu þrjú ár og segja ekkert standa í vegi fyrir því að reka öfluga framleiðslustarfsemi í Mosfellsbæ.

Stefnan fyrir næstu ár er skýr: að halda áfram uppbyggingu, veita góða þjónustu og viðhalda sterkri stöðu á íslenskum markaði með vörur sem eiga sér langa sögu í íslenskri framleiðslu

FYRIRTÆKIÐ Í TÖLUM

Stofnað:
1971

Starfsmenn:
20-22

Helstu viðskiptavinir:
Verktakar, einstaklingar og matvælafyrirtæki

Stærstu markaðir:
Matvæla- og byggingariðnaður

Þekkt fyrir:
Rotþrær, heita potta, ker og fjölbreyttar PE-vörur

Næstu markmið:
Áframhaldandi uppbygging, góð þjónusta og öflug íslensk framleiðsla

HRAÐASPURNINGAR

Hvað þekkja Mosfellingar ykkur helst fyrir?
Rotþrær og heita potta.

Hvað aðgreinir Borgarplast frá öðrum?
Íslensk framleiðsla og gæði.

Af hverju eruð þið stoltust?
Gæðum framleiðslunnar á kerjum fyrir matvælaiðnaðinn.

Hvað kæmi fólki mest á óvart?
Hversu fjölbreytt vöruúrvalið er og hversu mikil útflutningsstarfsemin er.

Hvernig er að vera með starfsemi í Mosó?
Ekkert hefur komið í ljós sem vinnur gegn því að vera með starfsemina hér.

Hvar verður Borgarplast eftir 3–5 ár?
Í áframhaldandi uppbyggingu og með sterka stöðu á íslenskum markaði.









Lionsklúbbur Mosfellsbæjar með árlega snilld

Fjölmenni á Sviðamessu í Harðarbóli



RAGNAR FORMAÐUR TÓK ÞETTA ALLA LEIÐ Í MERKTUM SAMBANDS BOL



ÁKVEÐIN NOSTRALGÍA RÍKTI Á SVIÐAMESSUNNI

Lionsklúbbur Mosfellsbæjar hélt sína árlegu Sviðamessu í Harðarbóli föstudagskvöldið 23. október sl. og var vel mætt. Að þessu sinni var sú nýbreytni að konur voru boðnar sérstaklega velkomnar til messunnar og féllu þær vel inn í hefðina.

Boðið var upp á veglegar veitingar, upplestur og ýmsar hnittnar frásagnir yfir kvöldið. Guðmundur Jónsson, félagi í Lionsklúbbnum, lék á harmonikku og skapaði létta og góða stemningu meðal gesta.

Aðalræðumaður kvöldsins var Daníel Hansen, forstöðumaður Fræðaseturs um forystufé, sem rekið er á Svalbarði í Þistilfirði. Hann sagði frá starfsemi setursins og fjallaði jafnframt um forystuféð sjálft, eiginleika þess, hegðun og skarpskyggni. Inn í erindið fléttaði hann fjölmörgum skemmtilegum sögum af þessu sérstæða afbrigði íslensku sauðkindarinnar.

Veislustjórar voru Magnús Sigsteinsson og Ragnar Þorgeirsson. Barinn var opinn og samkvæmt aðstandendum ríkti mikil ánægja með viðburðinn.

Lions er alþjóðleg þjónustuhreyfing með um 1,5 milljónir félaga víða um heim. Starfið snýst um bæði félagslíf og stuðning við ýmis góð málefni, hvort sem er í nærumhverfi einstakra klúbba eða í alþjóðlegu hjálparstarfi.

Saga Lions á Íslandi nær aftur til ársins 1951 og verður því haldið upp á 75 ára afmæli hreyfingarinnar hér á landi síðar á þessu ári.

Sviðamessan hefur um árabil verið fastur liður í félagsstarfi Lionsklúbbs Mosfellsbæjar og tókst kvöldið að þessu sinni með miklum ágætum.



Litríkir fiskar hjá Nínu í Skúmaskoti

Myndlistarkonan Nína Loftsdóttir, sem einnig er myndlistarkennari við Varmárskóla, hefur opnað myndlistarsýningu í Skúmaskoti að Skólavörðustíg 21a í Reykjavík.

Á sýningunni má meðal annars sjá litríka og skemmtilega fiska sem bera með sér leikgleði, hugmyndaflug og einstakan myndheim Nínu. Verkin einkennast af sterkum litum, óvenjulegum formum og skemmtilegum smáatriðum sem vekja athygli.

Sýningin stendur yfir frá 28. október til 18. nóvember og er opin á almennum opnunartíma gallerísins. Formleg sýningaropnun fór fram laugardaginn 31. október.





Einar töframaður kom færandi hendi

Einar töframaður kíkti í Varmárskóla á dögunum með heldur betur skemmtilega gjöf handa Jónu Benediktsdóttur skólastjóra Varmárskóla. Einar hafði sjálfur útbúið bauk, prýddan styttu af Margréti Þórhildi, hundinum hennar Jónu.

Jóna var að vonum bæði hissa og glöð yfir þessari óvæntu og persónulegu gjöf. Skemmtilegt framtak hjá Einari sem kann svo sannarlega að gleðja aðra!

Pálínuboð og fræðsla hjá Úu

Annað pálínuboð vetrarins fór fram á félagafundi Úu á dögunum þar sem fyrri helmingur félaga í stafrófsröð sá um girnilegar veitingar.

Sólveig Úa kom gestum skemmtilega á óvart með vínberjaklösum úr eigin gróðurhúsi sem notaðir voru til skrauts. Að fundi loknum gátu konur tekið klasa með sér heim gegn framlagi í svínku.

Sína formaður setti fundinn og bauð félaga og einn gest velkomna. Fundargerð síðasta fundar var lesin upp og samþykkt.

Hlöðver Máni skrifar

JÓLIN MEGA EKKI BYRJA SVONA SNEMMA

Já, sko, jólin eru byrjuð.

Það er kominn nóvember.

Sem er auðvitað allt of snemmt.

Ég er mjög fastur á því að jólin eigi ekki að byrja fyrr en í desember, helst ekki fyrr en svona 10. desember, því annars missir þetta alla merkingu.

Ég keypti samt fyrsta jólakonfektið í október en það telst ekki með því það var á tilboði.

Maður verður að geta aðskilið trúarhátíð og hagstæð innkaup.

Verslanirnar voru meira að segja byrjaðar að setja upp jólaseríur, jóladót og jólasveina í október, meðan laufin voru enn á trjánum.

Það er ekki eðlilegt.

Maður á ekki að geta rakað lauf og skreytt jólatré sama daginn. Náttúran verður að fá að klára eitt verkefni áður en verslunin byrjar á því næsta.

Ég er því algjörlega á móti því að jólin byrji svona snemma.

En ég verð samt að viðurkenna að þetta er svolítið notalegt.

Það er erfitt að vera á móti jólunum þegar maður stendur með kaffi, mandarínu og konfekt undir ljósaseríu.

Þá mýkist maður.

En prinsippið stendur.

Svo eru jólalögin farin af stað.

Ég er alfarið á móti jólalögum í nóvember.

Það eru takmörk.

Ég hef reyndar sjálfur hlustað aðeins á þau síðustu daga en eingöngu til að staðfesta hversu ótímabært þetta er.

Maður þarf stundum að hlusta á sama lagið sex sinnum til að geta dæmt það af sanngirni.

Og jólasveinarnir eiga alls ekki að mæta fyrr en í desember.

Þrettán dagar fyrir jól. Þetta er einfalt kerfi og hefur virkað lengi.

Við erum reyndar með jólasveina á Alþingi allan ársins hring en þeir eru í jakkafötum og því telst það ekki með.

Ég vil annars alls ekki blanda pólitík inn í jólin.

Nema hún gefi góðan brandara.

Svo kvartar fólk yfir því að jólin séu orðin of löng.

Það er alveg rétt.

Jólin eiga að vera stutt, falleg og sérstök.

Helst svona einn og hálfan mánuð.

Kannski tvo ef nóvember verður leiðinlegur.

Þannig að ég legg til að við hættum þessari vitleysu og færum jólin aftur á sinn stað.

Í desember.

En fyrst seríurnar eru komnar upp finnst mér auðvitað algjör óþarfi að taka þær niður aftur.

Það væri sóun.

Og ef maður er byrjaður að kaupa konfekt er best að klára það áður en það skemmist.



En jólin eru samt ekki byrjuð.

Það verður að vera einhver regla.

En ég elska samt Mosó mest.

BÍLABORG.IS | NÝIR OG NOTAÐIR BÍLAR | FJÖLBREYTT ÚRVAL | TRAUST ÞJÓNUSTA

Kæru Mosfellingar.

Skráið bílinn í nóvember og við gefum ykkur 30.000 kr. afslátt af sölulaunum.

Það eina sem þið þurfið að segja er:

„Við lásum þetta í Mosfellingi!“



Við getum boðið allt að 100% lán



Hilmar Hólmgeirsson
hilmar@bilaborg.is



Sigurdór Bragason
sb@bilaborg.is

Lykill | ergo | Arion banki | teya | Rapyd | pei | ALÍSA LÁN

Smiðshöfði 17 (Stórhöfðamegin)
110 Reykjavík

517 1111

bilaborg.is

Páll Kristjánsson hefur smíðað hnífa í rúm 40 ár • Hefur fundið friðinn í Álafosskvosinni

„Hnífasmíðin á hug minn allan“





Páll Kristjánsson, betur þekktur sem Palli hnífasmiður, hefur stundað handverk og hnífasmíði í rúm 40 ár. Á vinnustofu sinni í Álafosskvosinni skapar hann einstaka gripi úr fjölbreyttum efniviði, allt frá gömlum trjám og hrútshornum til surtarbrands og mammútstanna. Palli hefur búið í Kvosinni í tæpa þrjá áratugi og segir náttúruna, kyrrðina og fólkið þar hafa haft mikil áhrif á líf sitt. Þegar hann situr ekki við hnífasmíðina er líklegt að hann sé í eldhúsinu að undirbúa matarboð eða gera tilraunir með eitthvað óvenjulegt góðgæti.

Frá kanínurækt til hnífasmíði

Palli hefur alla tíð haft gaman af því að skapa eitthvað með höndunum og áhugamálin hafa verið bæði mörg og óvenjuleg. Áður en hnífasmíðin tók yfir fékkst hann meðal annars við að rækta bonsai úr íslenskum trjám, kanínur til manneldis og ánamaðka fyrir veiðimenn. Hann gaf einnig út matreiðslubæklinga og hefur alltaf verið óhræddur við að prófa eitthvað nýtt.

Það var svo fyrir rúmum 40 árum sem áhuginn á hnífasmíði kviknaði fyrir alvöru.

„Bjarni bróðir minn stóð fyrir eldsmíðanámskeiði með dönskum eldsmið. Ég sótti það og heillaðist algjörlega af þessu handverki,“ segir Palli.

Þar með var ekki aftur snúið. Hnífasmíðin varð að ástríðu sem hefur fylgt honum allar götur síðan.

Palli man enn vel eftir fyrsta hnífnum sem hann smíðaði og hefur varðveitt hann í öll þessi ár. Skaftið er úr kindalegg, hrútshorni og hvalstönn, efnivið sem gefur gripnum sérstakan svip og segir sína sögu.



Fyrsti hnífurinn sem Páll smíðaði.

Fegurðin leynist í gömlum trjám

Það er ekki aðeins smíðin sjálf sem heillar Palla heldur líka leitin að rétta efniviðnum. Hann hefur sérstakt dálæti á íslenskum viði og safnar meðal annars gömlum og veikum trjám sem aðrir myndu ef til vill ekki sjá mikil not fyrir.

„Ég safna gömlum og veikum trjám, til dæmis reyniviði og birki með krabbamein, sem gefa af sér sérstaklega fallega hnífa.“

Það sem kann að virðast ónýtur viður í augum annarra getur því orðið að fallegum og verðmætum grip í höndum Palla. Hann notar einnig ýmis önnur náttúruleg efni, svo sem hestshófa, hrútshorn og hreindýrahorn.

Palli segir vinnuna við að safna efniviðnum og verka hann vera stóran hluta af ánægjunni.

„Fyrir utan að smíða hnífinn og sjá hann að loknu verki hef ég mjög gaman af því að safna að mér efnivið og verka hann til að nota við gerð skaftsins.“



Hnífurinn er gerður úr Surtarbrandur, Mammuth tönn og hvaltönn

Að hans mati þarf góður hnífur að uppfylla nokkur mikilvæg skilyrði. Skaftið verður að falla vel að hendi, blaðið að vera beitt og henta þeim verkefnum sem hnífnum er ætlað að sinna. Svo skemmir auðvitað ekki fyrir að gripurinn sé fallegur á að líta.

Á löngum ferli hefur Palli smíðað fjölda hnífa en segist ekki sjá eftir að hafa selt neinn þeirra. Ástæðan er einföld: hann hefur haldið sínum allra uppáhalds.

Sá hnífur er enginn venjulegur gripur, enda gerður úr íslenskum surtarbrandi, sem er um 12–16 milljóna ára gamall viður, og mammútstönn.



Páll með nokkrum af þeim hnífum sem hann hefur smíðað.

Ástríða sem nær langt út fyrir vinnustofuna

Þótt Palli hafi stundað hnífasmíði í meira en fjóra áratugi hefur áhuginn ekkert dofnað. Þvert á móti virðist handverkið vera orðið órjúfanlegur hluti af lífi hans.

„Ég veit ekki alveg hvort ég geti sagt að persónuleiki minn sé í hnífunum mínum en ég get sagt að hnífasmíði er mín ástríða og hönnun á hníf nær langt út fyrir vinnustofuna mína.“

Hugmyndirnar fylgja honum því ekki aðeins þegar hann situr við vinnuborðið heldur einnig í daglegu lífi.

„Ég get með sanni sagt að hnífasmíðin á hug minn allan.“

Fann friðinn í Álafosskvosinni

Palli hefur búið í Álafosskvosinni í tæpa þrjá áratugi og segir staðinn hafa breytt lífi sínu til hins betra.

„Í Álafosskvosinni hef ég fundið frið og ró, bæði í gegnum náttúruperluna sem umvefur allt og þá ómetanlegu vini sem ég hef eignast hér í Kvosinni.“

Hann segir umhverfið hafa haft góð áhrif á líðan sína og að hann hafi orðið rólegri, glaðari og kátari eftir að hann flutti þangað.

Nálægðin við náttúruna er honum sérstaklega dýrmæt. Frá vinnustólnum sínum og eldhúsglugganum sér hann Álafossinn, sem er aðeins í um tíu metra fjarlægð.

Þegar Palli er spurður hvað sé best við að búa og starfa í Mosfellsbæ þarf hann því ekki að hugsa sig lengi um.

„Kyrrðin og þögnin í Kvosinni og nálægðin við Álafossinn sem ég sé úr vinnustólnum mínum og eldhúsglugganum.“

Hann hefur þó séð miklar breytingar á Mosfellsbæ á þeim árum sem hann hefur búið hér. Fólki hefur fjölgað, umferðin aukist og hraðinn í samfélaginu er orðinn meiri.

Palli telur mikilvægt að hlúa vel að sögu Álafosskvosarinnar og varðveita sérstöðu hennar þegar bærinn heldur áfram að vaxa.

„Mér finnst mikilvægt að hlúa að sögu Kvosarinnar og í uppbyggingu svæðisins að varðveita ásýnd Álafosskvosarinnar eins og hún er.“

Hann er sannfærður um að Kvosin muni áfram skipa sérstakan sess í bæjarlífinu.

„Álafosskvosin á eftir að vera kennileiti Mosfellsbæjar til framtíðar.“

Eldhúsperri með ástríðu fyrir matargerð

Hnífasmíðin er þó ekki eina ástríðan í lífi Palla. Matargerðin er ekki síður fyrirferðarmikil.

Þegar hann er ekki á vinnustofunni er hann gjarnan í eldhúsinu að undirbúa matarboð fyrir börn, barnabörn og vini. Boðin eru ekki af skornum skammti, enda segist hann iðulega halda matarboð tvisvar til fimm sinnum í viku.

Palli hefur sérstakt dálæti á að nýta hráefni úr íslenskri náttúru og er óhræddur við að prófa óvenjulegar aðferðir og uppskriftir.

Hann nefnir meðal annars hreindýrasviðasultu, grafið kjöt og fisk, paté og ýmsar sultur sem hann útbýr úr hráefni sem vinir og vandamenn skilja eftir á pallinum hjá honum til frekari úrvinnslu.

En það er eitt sem fjölskyldan hefur lært í gegnum tíðina: þegar Palli er í eldhúsinu vill hann helst fá að vera þar einn.

„Oft kalla börnin mig eldhúsperra því að það má ekki hjálpa mér við neitt í eldhúsinu, hvort sem um ræðir eldamennsku, uppvask, frágang eða nokkur önnur eldhúsverk.“

Það er því greinilegt að Palli hefur sínar eigin aðferðir, hvort sem hann er að smíða hníf eða að undirbúa veislumat.

Góður afi og lausnamiðaður klikkhaus

Palli tekur sjálfan sig ekki of hátíðlega og þegar hann er beðinn um að lýsa sér í fáeinum orðum kemur svarið um hæl.

„Góður afi og lausnamiðaður klikkhaus.“

Lýsingin segir ef til vill heilmikið um manninn sem hefur í gegnum tíðina ræktað kanínur, ánamaðka og bonsai, smíðað hnífa úr milljóna ára gömlum efniviði og haldið matarboð nokkrum sinnum í viku.

Það er að minnsta kosti ljóst að Palla skortir hvorki hugmyndaflug né áhuga á að skapa eitthvað nýtt.

Eftir meira en 40 ár við handverkið og tæpa þrjá áratugi í Álafosskvosinni er þó eitt sem hann virðist ekki hafa áhyggjur af: óuppfylltir draumar.

Þegar hann er spurður hvað hann eigi enn eftir að gera sem hann hafi lengi dreymt um er svarið stutt og laggott.

„Draumar mínir hafa ræst nú þegar.“

Og það er kannski einmitt það fallegasta við sögu Palla hnífasmiðs, að hafa fundið sér stað þar sem náttúran, handverkið, fjölskyldan og vinirnir mynda þá heild sem gerir lífið gott. Þar situr hann með Álafossinn fyrir utan gluggann, hugmyndirnar í kollinum og næsta hníf eða matarboð í undirbúningi.



Fyrsti hnífurinn sem Páll smíðaði.

HRYLLILEGUR MOSFELLSBÆR Í MYNDUM















































BMX



Nýbúinn í Mosó

SPJALL VIÐ NÝJA ÍBÚA Í MOSFELLSBÆ

Frá bardagabúrinu í fjölskyldulífið í Mosó • Magnús Ingi Ingvarsson hefur fundið sitt heimili í bænum

„Hjartað slær í 270“



Magnús Ingi Ingvarsson er tveggja barna faðir, fyrrverandi keppnismaður í blönduðum bardagaíþróttum, slökkviliðsmaður og frumkvöðull sem hefur komið víða við. Hann ólst upp í Grafarvogi en flutti í Mosfellsbæ ásamt eiginkonu sinni, Thelmu, árið 2018. Hér hefur fjölskyldan fundið sitt heimili og þótt Magnús eigi góðar minningar úr gamla hverfinu er enginn vafi á því hvar hjartað slær í dag.

Sveitin í borginni heillaði

Magnús Ingi ólst upp í Grafarvogi ásamt fjórum bræðrum sínum og segir æskuárin hafa verið einstaklega skemmtileg.

„Að alast upp í Grafarvoginum var frábært og mætti alveg líkja þeim tíma við Mosfellsbæ í dag, mikið af ungu fólki og börnum. Það var aldrei dauð stund á heimilinu enda erum við fimm bræðurnir.“

Árið 2018 keyptu Magnús og Thelma sína fyrstu íbúð í Gerplustræti í Mosfellsbæ. Það var fyrst og fremst nálægðin við náttúruna og tilfinningin fyrir því að búa í sveit í borg sem heillaði þau.

Síðan þá hefur fjölskyldan fest rætur í bænum og í sumar færði hún sig um set innan Mosfellsbæjar. Þau eru nú smám saman að koma sér fyrir á nýja heimilinu.

Magnús segir samfélagið hafa komið sér skemmtilega á óvart, ekki síst hversu náið það sé þrátt fyrir að íbúarnir séu orðnir fjölmargir.

„Samfélagið, hvað það er þétt og allir þekkja alla. Ég á stundum erfitt með að trúa því að við séum í kringum 14.000 manns.“

Það sem honum þykir þó einna vænst um er kyrrðin sem tekur á móti honum þegar hann kemur heim í bæinn.

„Kyrrðin sem kemur yfir mann þegar maður keyrir út af Vesturlandsveginum,“ segir hann þegar hann er spurður hvað sé best við að búa í Mosó.

Og saknar hann einhvers úr Grafarvoginum?

„Nei, í rauninni ekki. Eins góður og Grafarvogurinn var þá er Mosfellsbær einfaldlega betri.“

Hann viðurkennir þó að honum finnist alltaf gaman að heimsækja gamla hverfið en segir engan vafa leika á því hvar hann eigi heima í dag.

„Mér finnst alltaf gaman að kíkja í Grafarvoginn en hjartað slær í 270.“

Bardagabúrið kenndi honum sjálfsaga

Íþróttir hafa alla tíð skipað stóran sess í lífi Magnúsar og hann hefur bæði æft og keppt í fjölmörgum greinum. Það voru þó blandaðar bardagaíþróttir sem fönguðu áhuga hans hvað mest.

„Fjölbreytileikinn heillar mig og blandaðar bardagaíþróttir hentuðu því vel, þar sem ég gat lagt áherslu á mismunandi bardagaíþróttir eftir því hvað vakti áhuga minn hverju sinni.“

Magnús á að baki keppnisferil í bardagabúrum og hefur tekist á við ýmsa harða andstæðinga. Þegar hann er spurður hver hafi reynst honum erfiðastur kemur svarið þó nokkuð á óvart.

„Það er kannski klisja að nefna sjálfan sig sem sinn mesta andstæðing,“ segir hann og útskýrir að hver keppni hafi fyrst og fremst verið prófraun þar sem hann þurfti að sanna fyrir sjálfum sér að hann væri nægilega góður.

Hann segir bardagaíþróttirnar hafa kennt sér margt sem nýtist langt út fyrir keppnisvöllinn, ekki síst virðingu, sjálfsaga og ábyrgð.

„Í bardagaíþróttum er rík áhersla lögð á virðingu fyrir félaganum og sjálfsaga



sem maður tekur með sér út í lífið. En þær kenna manni líka að axla ábyrgð, þar sem þú ert bara einn að keppa og ef þú tapar þá er erfitt að kenna öðrum um.“

Stofnaði fyrirtæki með öryggi að leiðarljósi

Samhliða íþróttaferlinum starfaði Magnús í rúman áratug með börnum og ungmennum með fjölþættan vanda. Sú reynsla varð síðar kveikjan að fyrirtækinu Þitt öryggi, sem hann stofnaði.

Hugmyndin kviknaði þegar hann var beðinn um að halda sjálfsvarnarnámskeið fyrir samstarfsfólk sitt. Þá áttaði hann sig á því hversu oft starfsfólk í umönnun og þjónustu þyrfti að takast á við erfiðar aðstæður án nægilegrar þjálfunar.


„Mér blöskraði einfaldlega þekkingarleysið og hvað starfsfólk í umönnun og þjónustu er sett í krefjandi aðstæður án nokkurs konar þjálfunar.“

Í kjölfarið hóf hann að þróa námskeið þar sem lögð er áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir, öryggisferla og líkamleg inngrip, með öryggi allra í fyrirrúmi.

Í dag býður fyrirtækið upp á fjölbreytta fræðslu og tekur einnig að sér tímabundin verkefni þar sem aðstæður eru sérstaklega krefjandi.

Magnús hefur þó fengist við ýmislegt fleira í gegnum tíðina og nýverið ákvað hann að snúa aftur til starfa hjá slökkviliðinu. Þar segist hann vera á heimavelli.

„Slökkviliðsstarfið. Óvissan og fjölbreytileikinn henta spennufíklinum vel,“ segir hann þegar hann er spurður hvert sé skemmtilegasta starf sem hann hafi gegnt.



Vill meiri afþreyingu fyrir börn og ungmenni

Magnús hefur einnig stigið inn á vettvang stjórnmálanna í Mosfellsbæ. Hann segir áhuga sinn á samfélagsmálum lengi hafa verið til staðar en upphaflega hafi hann ekki séð fyrir sér að taka þátt í stjórnmálastarfi fyrr en börnin væru orðin eldri.

„Við sem erum með ung börn veigrum okkur við þessu sökum tímaleysis en staðan er samt sú að við þurfum einmitt fulltrúa sem talar okkar máli.“

Eftir nokkur samtöl ákvað hann að láta slag standa og segir áhugann aðeins hafa aukist síðan.

Magnús er ánægður með Mosfellsbæ sem fjölskyldubæ og segir samstöðu foreldra í sínu nærumhverfi vera til fyrirmyndar. Hann telur þó mikilvægt að bæjarfélagið haldi áfram að þróast með þarfir barna og ungmenna að leiðarljósi.

Þegar hann er spurður hverju hann myndi breyta í Mosfellsbæ ef hann fengi þrjár óskir stendur ekki á svarinu.

„Ég myndi eyða þremur óskum í að fá fjölbreytta afþreyingu í bæinn.“

Hann vill sjá fleiri möguleika fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur til að verja frítíma sínum í bænum og telur mikilvægt að slíkt verði unnið í góðu samstarfi við íbúana.

„Við þurfum fjölbreytta afþreyingu í bæinn og við þurfum að gera það í samstarfi við alla hópa og þá sérstaklega ungmennin okkar.“

Mosfellsbakarí, fjallgöngur og gott grill

Þótt Magnús hafi nóg fyrir stafni gefur hann sér tíma fyrir fjölskylduna og fjölbreytt áhugamál. Fullkominn laugardagur í Mosó þarf ekki að vera flókinn að hans mati.

„Æfingar fyrir hádegi, Mosfellsbakarí, sund og enda svo daginn á að fá vinafólk í gott grill.“

Náttúran skipar stóran sess í lífi hans og þegar hann er spurður hvert hann myndi fara með gest sem aldrei hefði komið í Mosfellsbæ er svarið einfalt.

„Ég elska fellin okkar. Gestinum yrði skellt í gönguskó og hann rekinn upp á eitt þeirra.“

Magnús viðurkennir að hann eigi líklega fleiri áhugamál en tíminn leyfi honum að sinna. Veiðin sé þar ofarlega á lista en hann hafi einnig uppgötvað nýtt áhugamál sem hann hafi ekki haft sérstaklega hátt um.

„Ég hef nýlega tekið upp á því að baka,“ segir hann.

Og hvernig skyldi fjölskyldan lýsa þessum fjölhæfa heimilisföður í fáeinum orðum?

„Lausnamiðaður, með athyglisbrest og góður kokkur.“

Magnús segist vel geta tekið undir þessa lýsingu. Hann reyni yfirleitt að finna lausnir í stað þess að láta vandamál hafa áhrif á sig, eigi erfitt með að einbeita sér að því sem veki ekki áhuga hans og njóti þess að elda góðan mat.

Næsti kafli skrifaður í Mosó

Þegar Magnús er spurður hvar hann sjái sjálfan sig eftir tíu ár segist hann ekki vilja útiloka neitt. Lífið hafi kennt honum að ný tækifæri og ævintýri geti alltaf verið handan við hornið.

„Ég hef alltaf litið á lífið sem kafla og það gæti vel verið að við verðum í nýjum kafla eftir tíu ár.“



En þótt framtíðin sé óráðin telur hann líklegast að fjölskyldan haldi áfram að byggja upp líf sitt í Mosfellsbæ.

„Ég tel þó að sagan haldi áfram að skrifast á sama stað, hérna í Mosfellsbænum.“

Og miðað við hversu vel Magnús og fjölskylda hans hafa komið sér fyrir virðist ljóst að Grafarvogspilturinn sé orðinn Mosfellingur af lífi og sál, enda slær hjartað í 270.

Ef þú þekkir einhvern sem hefur flutt til bæjarins nýlega máttu endilega senda okkur ábendingu á netfangið hafrun@mosfellingur.is. Við hlökkum til að heyra frá ykkur.

Skipulagsmál

Sunnukriki 5 Aðal- og deiliskipulagsbreyting á vinnslustigi

Mosfellsbær kynnir vinnslutillögur að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar og deiliskipulagi Krikahverfis vegna Sunnukrika 5.

Tillögurnar fela í sér heimild fyrir allt að 40 íbúðum samhliða áframhaldandi þjónustu- og íþróttastarfsemi. Byggingarmagn, byggingarreitur og hámarkshæðir haldast óbreytt.


- Aðalskipulagsbreyting: Mál nr. 573/2026
- Deiliskipulagsbreyting: Mál nr. 574/2026

Tillögurnar eru kynntar á vinnslustigi í fjórar vikur, frá **5. nóvember til og með 3. desember 2026**.

Gögn eru aðgengileg í Skipulagsgátt á skipulagsgatt.is, þar sem hægt er að skila inn ábendingum og athugasemdum rafrænt.

Mosfellsbær mos.is





Sérðu eitthvað sem betur má fara?

Í ábendingakerfi Mosfellsbæjar getur þú meðal annars sent ábendingar um:

- Umhverfi, garðyrkju og opin svæði
- Sorphirðu, sorp í umhverfinu eða brotnar tunnur
- Ljósastaura og lýsingu
- Götur og stíga, t.d. holur
- Snjómokstur og hálkuvarnir
- Lyktarmengun

Notaðu slóðina mos.is/abending eða farðu á mos.is og veldu „Ábendingakerfi“ til að senda inn ábendingu.

Mosfellsbær Þverholti 2 525-6700 www.mos.is

LITLA MOSÓ

NÝIR MOSFELLINGAR, BÖRN, FORELDRAR OG ALLT ÞAR Á MILLI

Litlir Mosfellingar gera stærra samfélag

Aðgangur ókeypis

Fjölskyldutímar í íþróttahúsinu að Varmá

Alla sunnudaga kl.9:30 - 11:00



NÝIR MOSFELLINGAR

Við bjóðum nýja bæjarbúa hjartanlega velkomna!



Árný Sólveig Gunnarsdóttir
Fædd 30. apríl 2026
Foreldrar: Ragnheiður og Gunnar
Systkini: Óðinn Kári og Máney
Hverfi: Helgafellshverfi



Friðriksdóttir
Fædd 30. september 2026
Foreldrar: Þóra Guðrún Johnsdóttir og Friðrik Ingi Óskarsson



Símonardóttir
Fædd 26. september
Foreldrar: Edda Karen og Herbert Símon
Systkyni: Þórdís Lilja

ENDILEGA SENDIÐ OKKUR MYNDIR OG UPPLÝSINGAR UM NÝFÆDDA MOSFELLINGA

mosfellingur@mosfellingur.is



Litla valið

Nokkrar vörur sem Ragnheiði Erlu Magnúsdóttur finnst mikilvægar og gera lífið með litlu krílunum aðeins einfaldara.

Barnavagn
Góður barnavagn með stórum dekkjum og dempurum skiptir máli, því það eru torfærur víða á helstu og skemmtilegustu göngugleiðum í Mosó



Co-Sleeper
Co-sleeper er algjör leikbreytir þegar börn vakna á 1–3 klst. fresti á næturnar. Þá þarf maður ekki að standa upp til að sækja þau eða flytja þau yfir í sín rúm.



Burðarpoki
Burðarpoki er virkilega hentugt fyrir börn sem vilja helst vera í fangi þegar mann vantar svona eins og eina lausa hönd við og við. Svo er æðislega gaman að fara í göngutúra með þau í pokanum og leyfa þeim að skoða heiminn.



Kerrupoki
Kerrupoki gerir vagninn svo kósí og þá þarf maður ekki að kappklæða þau fyrir göngutúr í vagninum þótt það sé kalt úti.



BÖRNIN KENNA OKKUR AÐ ELSKA OG VERA ÞOLINMÓÐ

Emilia Unnur Ólafsdóttir er starfsmaður í leikskóla og hún svarar 13 laufléttum spurningum um börnin og leikskólastarfið.

Hvað er það fyndnasta sem barn hefur sagt við þig í leikskólanum? Það fyndnasta sem barn hefur sagt við mig var þegar ég var að spila tónlist fyrir börnin og spurði hvaða lag með Herra Hnetusmjöri þeim þætti skemmtilegast. Þá svaraði ein stelpan grafalvarleg: „Nei, ég vil bara venjulegt hnetusmjör!“

Hvað halda börnin að þú gerir þegar þú ferð heim úr vinnunni? Þau halda öll að ég eigi mín eigin börn heima sem ég þurfi að passa. Ég hef oft reynt að útskýra fyrir þeim að ég sé ekki orðin mamma.

Hvað geta börn kennt okkur fullorðna fólkinu? Ég myndi segja að þau geti kennt okkur margt, til dæmis að vera forvitin, spyrja spurninga, sýna tilfinningar okkar og vera óhrædd við að vera við sjálf.

Hvaða leikur eða afþreying slær alltaf í gegn hjá börnunum? Þegar við förum með þau í holukubbana fer hugmyndaflugið alveg á flug. Ég hef séð þau byggja allt frá húsum og veitingastöðum til geimflauga og skipa. Það er mjög skemmtilegt að fylgjast með og frábær afþreying fyrir börnin.

Hvað er vinsælasta umræðuefnið hjá börnunum þessa dagana? Ég myndi segja að sjálfstæði sé stórt umræðuefni hjá börnunum þessa dagana. Við erum með skipulag þar sem hvert barn fær ákveðið hlutverk í eina viku. Þau taka þessum verkefnum mjög alvarlega og tala mikið um þau.

Hvað er vanmetnasta leikfangið á leikskólanum? Ég myndi segja að það séu kubbar sem við eigum með tölum og plús- og mínusmerkjum. Þeir geta verið mjög gagnlegir til að hjálpa börnunum að læra stærðfræði í gegnum leik.

Hvað er það besta við að vinna með börnum? Það besta er að fá að fylgjast með þeim vaxa og þroskast, hjálpa þeim þegar þau eiga í erfiðleikum með eitthvað og fagna með þeim þegar þau ná nýjum áföngum. Svo er líka yndislegt að finna að þau treysta manni sem kennaranum sínum.

Ef börnin fengju að ráða leikskólanum í einn dag, hvernig heldurðu að dagurinn yrði? Það yrði örugglega mikið kaos! En ég held að við myndum fara í strætóferð, borða nesti úti og leika okkur allan daginn. Það er eitt sem þau eiga öll sameiginlegt: þeim finnst ótrúlega gaman að fara í ferðir.

Ef þú mættir taka eina reglu úr leikskólanum í einn dag, hvaða regla yrði það? Ef ég á að vera alveg hreinskilin held ég að ég myndi ekki sleppa neinni reglu. Allar reglurnar sem við höfum hjálpa til við að halda góðri rútínu og aga hjá börnunum. Mér finnst reglurnar sem hafa verið settar virka mjög vel fyrir alla.

Hverju ættu foreldrar stundum að hafa minni áhyggjur af? Foreldrar mættu hafa minni áhyggjur af því að börnunum þeirra sé strítt í leikskólanum. Það koma auðvitað stundum upp árekstrar á milli barna en ég hef aldrei orðið vör við að börn séu lögð í einelti eða að þeim sé strítt.

Hver er besta afsökunin sem þú hefur heyrt frá barni? Það er þegar börnin reyna að fara eitthvert og ég spyr hver hafi leyft þeim það. Þá nefna þau annað barn á deildinni, eins og það sé einn af kennurunum.

Hvað er það skrýtnasta sem barn hefur komið með í leikskólann (hlutur eða annað)? Ein stelpa kom einu sinni með úr sem ég er nokkuð viss um að mamma hennar átti.

Hvað er það fallegasta við heim barnsins að þínu mati? Mér finnst fallegast hvað heimur barnsins er fullur af forvitni, gleði og sakleysi. Það þarf svo lítið til að gleðja börnin og þau sjá fegurðina í einföldustu hlutum.



JÓLAMYNDATAKA





ANNA KRISTÍN LJÓSMYNDUN & MYNDÓ

Kjarni Lögmannsstofa

Traust og vönduð lögfræðiþjónusta

Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum faglega lögfræðiráðgjöf og persónulega þjónustu.

Þjónusta

- Almenn lögfræðiráðgjöf
- Skattamál
- Skipti dánarbúa
- Fjölskyldumál
- Opinber mál og stjórnsýsla

Elín Árnadóttir hdl.

841 2118
elin@kls.is
www.kls.is
Þverholt 2, 5. hæð, 270 Mosfellsbær

CFMOTO

CFMOTO 1000
CForce Touring Premium

28" dekk.
Hiti í sæti og handföngum.

LÆKKAÐ VERÐ!
2.299.000,-

CFMOTO 850
CForce Touring Premium

LÆKKAÐ VERÐ!
1.999.000,-

CFMOTO 625
CForce Touring

1.599.000,-

CFMOTO C5
CForce Touring

1.349.000,-

Öll hjólin eru með rafmagnstýri, hita í handföngum, sætisbaki, spili og dráttarkrók. Fjórhjóladrifinn með háu og lágu drifi og læsanlegu mismunadrifi að aftan og framan.Tveggja manna götuskráð T3b. Nánar á nitro.is

Umboðsaðilar: ***Kaupfélag Skagfirðinga,*** *Sauðarkróki.* ***Suður England,*** *Selfossi.* ***Bikevik,*** *Reykjanesbæ,* ***Lyngás 5,*** *Hella,* ***Landstólpi*** *-* ***AB varahlutir,*** *Egilsstöðum.*

Nítró

Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848
Nánari upplýsingar á nitro.is

Frábær dagur sem endaði í Hlégarði

Árgangamót og Ally Pally

Það var líf og fjör hjá Aftureldingu þegar árgangamót félagsins og Mosó All Star-pílukeppni fóru fram með pompi og prakt. Dagurinn hófst með fótboltamóti í Fellinu en um kvöldið færðist stemningin yfir í Hlégarð sem breyttist í sannkallaðan Ally Pally-sal.

Árgangamótið hófst um hádegisbil og tóku þar þátt bæði karlar og konur í eldri og yngri flokkum. Mótið er orðið að skemmtilegri hefð þar sem fyrrverandi og núverandi Aftureldingarfólk hittist, rifjar upp gamla takta og keppir fyrir heiður síns árgangs.

Um kvöldið tók svo við allt önnur tegund keppni þegar Hlégarður fylltist af pílustemningu. Salurinn var settur upp í anda Ally Pally, með píluspjöldum fyrir gesti, veitingum, happdrætti, uppboði og lifandi tónlist.

Hápunktur kvöldsins var Mosó All Star-pílukeppnin á stóra sviðinu þar sem keppendur mættu til leiks við mikinn fögnuð áhorfenda. Stemningin var létt, hávær og skemmtileg og ljóst að gestir tóku virkan þátt í fjörinu.

Viðburðurinn sameinaði þannig íþróttir, félagslíf og skemmtun á þann hátt sem Aftureldingu hefur lengi verið þekkt fyrir. Fjöldi gesta mætti bæði á fótboltann um daginn og í Hlégarð um kvöldið og úr varð sannkölluð Aftureldingarveisla.

Myndir frá viðburðinum sýna vel stemninguna sem ríkti og ljóst er að bæði árgangamótið og Ally Pally-kvöldið eiga góðan möguleika á að festa sig enn frekar í sessi í bæjarlífinu.

















BALDVIN JÓN HALLGRÍMSSON SIGRAÐI MÓTIÐ MEÐ GLÆSIBRAG.

ARISTÓ
HÁRSTOFA

Nú er netverslunin okkar opin!

WWW.ARISTO.IS





Foreldraskólinn

Lestrarþjálfun og félagsfærni við upphaf grunnskólagöngu

Elvar Jónsson leiðtogi farsældar barna og Kristín Edda Guðmundsdóttir kennsluráðgjafi verða með **fyrirlestur fyrir foreldra nemenda 1. bekkja í grunnskólum Mosfellsbæjar**.

- Fimmtudaginn 12. nóvember
- kl. 19:30 – 21:00
- Hlégarður

Á fyrirlestrinum verður fjallað um hlutverk foreldra þegar kemur að lestrarþjálfun og félagsfærni og veittar hagnýtar leiðbeiningar um hvernig styðja má við börnin í þessum efnum.

Markmiðið er að foreldrar fari heim með hagnýt verkfæri til að styðja við þroska og skólagöngu barna sinna.

Mosfellsbær Þverholti 2 525-6700 www.mos.is

Öflugt starf hjá karatedeild Aftureldingar



frá Íslandsmeistaramóti barna og unglinga



Raul Emilio með tvö silfur á Miami Open

Starfið hjá karatedeild Aftureldingar er komið á fullt á ný eftir sumarfrí og fjöldi iðkenda hefur snúið aftur auk þess sem ný andlit bættust í hópinn í haust. Deildin hefur á undanförnum árum skipað sér meðal öflugustu karatefélaga landsins og náð góðum árangri á mótum hér heima og erlendis.

Hjá deildinni starfar reynt þjálfarateymi en allir þjálfarar eru með svart belti, hafa lokið viðurkenndu skyndihjálparnámskeiði og eru með þjálfararéttindi ÍSÍ.

Afturelding á nú sex iðkendur í afrekshópi félagsins sem hafa reglulega barist um efstu sæti á mótum. Afrek síðasta vors standa sérstaklega upp úr.

Á Íslandsmeistaramóti barna og unglinga í kata átti Afturelding níu keppendur í hvorum aldursflokki og kom heim með glæsilegan verðlaunafeng. Alls unnu keppendur félagsins til fimm gullverðlauna, tveggja silfurverðlauna og fimm bronsverðlauna.

Keppendur stóðu sig vel og söfnuðu jafnframt dýrmætri reynslu sem mun nýtast þeim í áframhaldandi æfingum og keppni.

Tvenn silfurverðlaun á Miami Open

Raul Emilio náði einnig eftirtektarverðum árangri á alþjóðlega mótinu Miami Open sem fram fór dagana 16. og 17. maí í Florida Memorial-háskóla í Bandaríkjunum.

Mótið var haldið í 20. sinn og þar keppti sterkt alþjóðlegt karatefólk. Raul tók þátt bæði í einstaklingskata og kumite og gerði sér lítið fyrir og vann silfurverðlaun í báðum greinum.

Árangurinn var einstaklega góður og sýnir vel þá sterku stöðu sem karatedeild Aftureldingar hefur byggt upp á síðustu árum.

Nú þegar hauststarfið er komið á fullt er áfram mikill kraftur í deildinni og ljóst að spennandi keppnistímabil er fram undan hjá iðkendum Aftureldingar.

Blakdeild Aftureldingar er í blóma • Stelpurnar okkar slá í gegn

Gull, brons og sæti á EM hjá okkar blakkonum



Gullið í höfn og komnar á lokamót EM U20 kvenna



U17 landsliðið með brons á NEVZA

Ungir leikmenn og þjálfarar Aftureldingar létu verulega að sér kveða með yngri landsliðum Íslands í haust. U20 landslið kvenna vann gull í San Marínó og tryggði sér sæti á lokamóti EM 2027 og U17 landsliðið kom heim með brons frá Norðurlandamóti NEVZA í Danmörku.

Afturelding átti fulltrúa í báðum liðunum og einnig í þjálfarateymunum.

Í september og október tók U20 landslið kvenna þátt í smáþjóðamóti í San Marínó sem jafnframt var hluti af undankeppni Evrópumótsins. Íslenska liðið stóð uppi sem sigurvegari og tryggði sér um leið sæti á lokamóti EM árið 2027 þar sem liðið mun mæta sterkustu þjóðum álfunnar.

Afturelding átti tvo leikmenn í U20 hópnum, þær Alexöndru Björgu Andradóttur, 17 ára, og Emilíu Dís Júlíusdóttur, 16 ára. Þá var Daníela Grétarsdóttir, leikmaður meistaraflokks kvenna hjá Aftureldingu, aðstoðarþjálfari liðsins.

Stuttu síðar var komið að U17 landsliði kvenna sem tók þátt í Norðurlandamóti NEVZA í Danmörku. Þar náði Ísland einnig góðum árangri og tryggði sér bronsverðlaun.

Afturelding átti aftur tvo fulltrúa í leikmannahópnum. Emilía Dís Júlíusdóttir fór þar í sína aðra landsliðsferð á rúmri viku og með henni var Lilly Marije Verwijnen.

Tengsl Aftureldingar við liðið náðu einnig inn í þjálfarateymið. Atli Fannar Pétursson, yfirþjálfari BUR hjá Aftureldingu, var aðalþjálfari U17 liðsins og Amelía Ýr Sigurðardóttir, leikmaður meistaraflokks kvenna, var aðstoðarþjálfari.

Árangurinn undirstrikar sterka stöðu ungra kvenna í blakinu hjá Aftureldingu og gefur góð fyrirheit um framhaldið.



Aftureldingarfólkið í U17 með brons á NEVZA



U20 Aftureldingarstúlkur í gullliðinu.

Frábær árangur kraftlyftingafólks



Guðrún Ásgeirsdóttir Norðurlandameistari á pallinum.

Kraftlyftingafólk úr Mosfellsbæ hefur náð glæsilegum árangri á mótum síðustu vikur, bæði hér heima og erlendis. Meðal þess sem ber hæst er Norðurlandameistaratitill, fjöldi Íslandsmeta og sterk frammistaða á Íslandsmóti unglinga.

Guðrún Ásgeirsdóttir varð Norðurlandameistari á móti sem fram fór í Finnlandi í september síðastliðnum. Hún var jafnframt önnur stigahæst í sínum flokki og skilaði þar með frábærum árangri á sterkum alþjóðlegum vettvangi.



Guðrún Ásgeirsdóttir.

Á Íslandsmóti unglinga á Akureyri stóð Helgi Kristberg upp úr. Hann sigraði í -105 kg flokki, setti alls ellefu Íslandsmet og varð annar stigahæsti keppandi mótsins. Árangurinn undirstrikar miklar framfarir hjá Helga og lofar góðu fyrir framhaldið.


Guðmundur Logi Ólafsson átti sömuleiðis gott mót á Akureyri og hafnaði í öðru sæti í -83 kg flokki. Hann bætti sinn besta árangur í öllum greinum og hélt þannig áfram góðri þróun.

Þá tekur Guðný Björk Stefánsdóttir þessa dagana þátt í heimsmeistaramóti í Kína, stærsta sviði kraftlyftinganna.

Árangurinn sýnir vel þá öflugu starfsemi sem byggst hefur upp í kringum kraftlyftingar í Mosfellsbæ og þann metnað sem er til staðar hjá iðkendum.

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar stendur þó frammi fyrir þeirri áskorun að finna hentugt húsnæði í Mosfellsbæ fyrir starfsemina. Leitað er nú að aðstöðu sem rúmar æfingar og áframhaldandi uppbyggingu félagsins.

Það er því ljóst að þótt árangurinn sé þegar glæsilegur er metnaðurinn áfram mikill, bæði á keppnispallinum og í uppbyggingu starfsins hér í Mosó.



Guðný Björk Stefánsdóttir.



Bræðurnir Helgi Kristberg og Guðmundur Logi Ólafssynir.

KÖRFUKNATTLEIKSDEILD
AFTURELDINGAR

Fyrsta tapið kom gegn Reyni

Körfuknattleikslið Aftureldingar þurfti að sætta sig við fyrsta tapið í 2. deild karla þegar Reynir Sandgerði vann 81–78 í Myntkaupahöllinni að Varmá. Mosfellingar höfðu unnið fyrstu þrjá leiki sína í deildinni og komu því taplausir inn í leikinn.

Afturelding hafði síðast unnið ævintýralegan 104–103 útisigur á Mána á Höfn þar sem sigurþristur á lokasekúndunum réð úrslitum. Að þessu sinni féll leikurinn hins vegar ekki með Mosfellingum.

Reynir vann fyrsta leikhlutann 26–14 en Afturelding svaraði vel og staðan var 36–37 í hálfleik. Heimamenn unnu þriðja leikhlutann 24–16 og fóru með sjö stiga forskot, 60–53, inn í lokaleikhlutann.

Reynir sneri þó stöðunni við á síðustu tíu mínútunum, vann fjórða leikhlutann 28–18 og tryggði sér þriggja stiga sigur.

Ólafur Snær Eyjólfsson var stigahæstur Aftureldingar með 34 stig og gaf fimm stoðsendingar. El Hadji Malick Khouma, sem hafði misst af leiknum gegn Mána vegna meiðsla, var kominn aftur og tók 17 fráköst.

Afturelding er því með þrjá sigra og eitt tap eftir fyrstu fjóra leiki tímabilsins.

jakosport.is

JAKO
SPORT ÍSLANDI

AFTURELDINGAR-
VÖRURNAR
FÁST HJÁ OKKUR

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

Bergrún Fönn valin akstursíþróttakona ársins 2026



Mosfellingurinn Bergrún Fönn Alexandersdóttir hefur verið valin akstursíþróttakona ársins 2026 eftir glæsilegan árangur á keppnistímabilinu. Bergrún varð Íslandsmeistari í bæði rallycrossi og snowcrossi á árinu og hefur svo sannarlega sýnt hvað í henni býr.

Bergrún hóf að keppa í rallycrossi aðeins 15 ára gömul og keppti í unglingaflokki í þrjú ár, þar sem hún var jafnan í harðri baráttu um efstu sætin. Á þessu ári tók hún svo næsta skref á keppnisferlinum og færði sig upp í 1400-flokkinn.

Keppnin í flokknum var afar hörð og spennan hélst allt fram á síðustu umferð Íslandsmótsins. Þar tryggði Bergrún sér Íslandsmeistaratitilinn eftir frábæra frammistöðu.

En það var ekki eini titillinn sem Bergrún nældi sér í á árinu, því hún varð einnig Íslandsmeistari í snowcrossi.

Bergrún hefur vakið athygli fyrir metnað sinn og framkomu og þykir ávallt til fyrirmyndar, jafnt á keppnisbrautinni sem utan hennar.

Það er því óhætt að segja að árið 2026 hafi verið einstaklega farsælt hjá þessari öflugu akstursíþróttakonu úr Mosfellsbæ.



BERGRÚN FÖNN FAGNAR VERÐSKULDUÐUM ÁRANGRI

Handboltinn

Mosfellingar í topp-baráttu þrátt fyrir tap

Strákarnir okkar í Aftureldingu áttu eftirminnilega viku í Olís-deild karla. Þriðjudaginn 27. október unnu þeir glæsilegan sigur á Þór frá Akureyri, 38–34, fyrir fullu húsi í Mosfellsbæ. Heimavöllurinn hefur verið virkur á tímabilinu og það sást aftur þetta kvöld: Afturelding var sex mörkum yfir í hálfleik, 23–17, og hélt öruggri forystu þótt gestirnir næðu að þjarma að heimamönnum í seinni hálfleik. Daninn Oscar Lykke fór á kostum með átta mörk og Árni Bragi Eyjólfsson skoraði sjö. Einar Baldvin Baldvinsson átti einnig góðan leik í markinu og varði 11 skot.

Laugardaginn 31. október héldu okkar menn svo á Hlíðarenda og gáfu Val verðugan leik. Staðan í hálfleik var aðeins 19–18 fyrir Val og Afturelding barðist allt til loka þótt 40–37 sigur heimamanna yrði niðurstaðan. Árni Bragi skoraði aftur sjö mörk og þeir Oscar Lykke og Leó Halldórsson fimm hvor. Stuðningsmennirnir létu líka í sér heyra enda stjórnaði Listaskrímslið taktinum fyrir okkar fólk í stúkunni.

Afturelding er í fjórða sæti með 11 stig, jafnt FH, og aðeins þremur stigum á eftir toppliði Hauka. Tímabilið er rétt hálfnað og Mosfellingar hafa fulla ástæðu til bjartsýni.

1	Haukar	9	9	0	0	323-247	18
2	Valur	9	7	0	2	339-310	14
3	FH	9	6	1	2	320-290	13
4	KA	9	6	0	3	295-278	12
5	Afturelding	9	5	1	3	315-284	11
6	ÍBV	9	5	0	4	277-283	10
7	Víkingur	9	3	0	6	283-297	6
8	Þór	9	3	0	6	303-320	6
9	Fram	9	3	0	6	282-326	6
10	HK	9	3	0	6	269-298	6
11	Stjarnan	9	2	1	6	291-311	5
12	Selfoss	9	0	1	8	257-310	1

L leikir · U unnir · J jafntefli · T töpuð

MOSFELLINGUR



Aðventukvöld

Samfylkingin í Mosfellsbæ býður til samveru á aðventunni fimmtudaginn 26. nóvember kl. 20:00 í Þverholti 3.



Kristrún Frostadóttir, formaður Samfylkingar og forsætisráðherra verður gestur fundarins.

Öll hjartanlega velkomin í skemmtilegt spjall, veitingar og ljúfa jólatóna.

Samfylkingin í Mosfellsbæ

JÓLAMARKAÐUR

Hamrahlíð

Vinna og virkni

26 nóvember kl 16-20

Fallegt handverk þar sem nýjir og gamlir hlutir
fá annan tilgang.
Einstakar gjafir, skraut og ýmislegt fleira til sölu.

Búðin okkar
Skálahlíð 9
270 Mosfellsbæ
(Skálatún)

Endurnýting-sköpun-jólastemmning

Hlökkum til að taka á móti ykkur

Félagsmiðstöðvarvika í Bólinu

Bólið

Dagana 9.-11. nóvember verður félagsmiðstöðvarvika í Bólinu!
Af því tilefni bjóðum við foreldrum og forráðamönnum að mæta með unglingunum sínum á kvöldopnanir og kynnast starfseminni, starfsfólkinu og þeirri frábæru stemningu sem einkennir Bólið.
Þetta er kjörið tækifæri til að sjá hvar unglingarnir verja frítíma sínum, hitta aðra unglinga og fá innsýn í félagsmiðstöðvarstarfið.
Að sjálfsögðu verður boðið upp á köku og kaffi!

Hvar og hvenær?
9. nóvember: Bólið í Helgó
10. nóvember: Bólið í Lágó
11. nóvember: Bólið við Varmá

Unglingar fá 5 aukastig fyrir hvern forráðamann sem þeir bjóða með sér, að hámarki 10 stig samtals.
Við hvetjum alla foreldra og forráðamenn til að kíkja við, upplifa stemninguna og kynnast þeim stað þar sem unglingarnir þeirra eyða frítímanum.

Hlökkum til að sjá ykkur í Bólinu!

www.instagram.com/bolid270

Hverjum þjónar bæjarstjórn Mosfellsbæjar?

Ég mætti á bæjarstjórnarfund í Mosfellsbæ með áhyggjur af framtíð leikskólans Hlaðhamra og spurningar sem ég taldi að bæjarfulltrúar skulduðu íbúum svör við. En ég fékk ekki að tjá mig á fundinum.

Rétt fyrir bæjarstjórnarfundinn hafði forseti bæjarstjórnar upplýst mig á Facebook um að einungis kjörnir bæjarfulltrúar hefðu heimild til að tjá sig á fundinum – *„Fólk getur komið og hlustað en ekki tekið þátt með öðru móti.“*

Mér þykir ámælisvert að forseti bæjarstjórnar hafi tjáð mér með svo afdráttarlausum hætti að íbúar megi ekki taka þátt með öðrum hætti en að hlusta, þegar það er einfaldlega ekki rétt. Í 12. gr. samþykktar nr. 1225/2022 um stjórn Mosfellsbæjar kemur nefnilega fram að bæjarstjórn geti heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundi.

Í þeirri veiku von að áhyggjur mínar fengju áheyrn á fundinum rétti ég bæjarfulltrúa Vina Mosfellsbæjar ræðuna sem ég hafði undirbúið og bað hana að flytja ræðuna fyrir mína hönd. En hún gerði það ekki.

Þorir bæjarstjórn einfaldlega ekki að hlusta á málefnalega gagnrýni frá foreldri?

Þegar íbúar mæta á bæjarstjórnarfund til að koma á framfæri áhyggjum sínum af ákvörðunum sem varða framtíð barna þeirra og nærsamfélagsins ætti það að vera bæjarfulltrúum kappsmál að hlusta á sjónarmið þeirra, fremur en að láta íbúa sitja þögla í salnum á meðan bæjarfulltrúar halda einræður um ágæti eigin ákvörðunar.

Samráðið á að koma á undan ákvörðuninni

Það er enginn að mótmæla því að húsnæði Hlaðhamra þurfi að víkja; það er ónýtt. En af hverju leikskólinn eigi að víkja af þessari einstöku lóð er óskiljanlegt, því í framlögðum gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að sameining leikskólanna sé betri fyrir börnin, nærsamfélagið eða fjárhag sveitarfélagsins.

Mosfellsbær hefur ítrekað sagt að starfsfólk og aðrir hlutaðeigandi verði höfð með í ráðum við útfærslu nýja leikskólans en ekki var leitað með raunverulegum hætti eftir sjónarmiðum þeirra áður en grunnákvörðunin um staðsetningu og sameiningu var tekin.

Það er nefnilega grundvallarmunur á því að hafa áhrif á hvaða leið er valin og því að fá að útfæra leið sem hefur þegar verið ákveðin. Bæjarfulltrúar starfa í umboði íbúa. Því umboði fylgir sú ábyrgð að hlusta, gefa haldbærar skýringar á ákvörðunum og vera tilbúin að endurskoða þær þegar málefnaleg rök koma fram gegn þeim. Sem íbúi ætlast ég til gagnsæis, faglegs rökstuðnings og raunverulegs samtals áður en umdeildar og óafturkræfar ákvarðanir eru teknar.

Að hlusta krefst hugrekkis

Að veita bæjarstjórninni aðhald skiptir máli. En aðhaldið er lítils virði ef bæjarfulltrúar eru ekki tilbúnir að hlusta á málefnalega gagnrýni og hafa ekki hugrekki til að endurskoða ákvarðanir sínar.

Við höfum öll hagsmuna að gæta þegar kemur að gagnsæi og trausti á bæjarstjórninni. Ólíkir kostir eiga að vera metnir af sanngirni og taka á raunverulegt tillit til sjónarmiða þeirra sem þurfa að búa við afleiðingarnar.

Ég skora á bæjarfulltrúa Mosfellsbæjar að endurskoða ákvörðun sína um staðsetningu Hlaðhamra og hlusta á áhyggjur íbúa áður en óafturkræf skref eru tekin.

Byggjum nýja Hlaðhamra á Hlaðhamralóðinni.

Brynja Liv Bragadóttir
Höfundur er foreldri barns á leikskólanum Hlaðhömrum og íbúi í Mosfellsbæ.


MOSFELLINGUR

RAUNVERULEGUR SAMFÉLAGSMIÐILL – SÍÐAN 2002

Nýr vefur lítur brátt dagsins ljós.

Fylgstu með.

mosfellingur.is



Barnafjölskyldur hafa alltaf verið mér hugleiknar



Ég var 24 ára gömul og nýorðin móðir þegar ég tók mín fyrstu skref í stjórnmálum hér í Mosfellsbæ. Eins og margir ungir foreldrar var ég að reyna að samræma fjölskyldulíf, vinnu og allt það sem fylgir því að eignast barn. Ég kynntist því af eigin raun hversu miklu máli það skiptir að samfélagið styðji við ungar fjölskyldur.

Eitt af mínum fyrstu verkum var að beita mér fyrir því að Mosfellsbær tæki þátt í kostnaði foreldra vegna þjónustu dagforeldra. Á þeim tíma voru slíkar niðurgreiðslur ekki í boði hér í bænum, þótt nágrannasveitarfélög hefðu þegar tekið skref í þá átt. Mér fannst það ósanngjarnt og vildi breyta því.

Síðan eru liðin 25 ár og margt hefur breyst til hins betra. Ég er stolt af því að hafa fengið að leggja mitt af mörkum til þess að gera Mosfellsbæ að enn fjölskylduvænna sveitarfélagi. Hér býr fjöldi barnafjölskyldna og góð þjónusta við börn og foreldra er án efa ein af ástæðum þess að fólk velur að setjast hér að. Í dag er meðal annars komið til móts við foreldra með niðurgreiðslum vegna dagforeldra og leitast við að jafna kostnað foreldra vegna ólíkra dagvistunarúrræða.

Frá dagforeldrum til fæðingarorlofs

Málefni barna og fjölskyldna hafa fylgt mér allan minn stjórnmálaferil. Á Alþingi hef ég meðal annars tekið þátt í að lengja fæðingarorlofið og hækka þak greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Þetta hafa verið mikilvæg skref í þá átt að auðvelda foreldrum að samræma fjölskyldulíf og atvinnuþátttöku.

En betur má ef duga skal.

Nú hef ég, ásamt þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, lagt fram frumvarp um breytingar á fæðingarorlofslögum sem ég tel löngu tímabærar.

Í dag getur það gerst að foreldrar sem eignast annað barn skömmu eftir það fyrra fái lægri greiðslur í fæðingarorlofi. Ástæðan er sú að fyrra fæðingarorlofið getur haft áhrif á þær tekjur sem lagðar eru til grundvallar greiðslum vegna næsta barns.

Þetta finnst mér einfaldlega ekki sanngjarnt. Við leggjum því til að foreldrar sem eignast annað barn innan 30 mánaða frá fyrri fæðingu geti haldið sömu greiðslum og áður, að teknu tilliti til launaþróunar.

Ungt fólk á ekki að þurfa að bíða

Við viljum einnig bæta stöðu þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði að loknu námi. Í dag þarf almennt að hafa unnið samfellt í sex mánuði til að öðlast rétt til launatengdra greiðslna í fæðingarorlofi. Við leggjum til að þeir sem hafa nýlokið námi geti öðlast þann rétt eftir þriggja mánaða starf. Þá viljum við einnig bæta stöðu þeirra sem hafa verið atvinnulausir en eru komnir aftur út á vinnumarkaðinn.

Þetta eru breytingar sem geta skipt ungar fjölskyldur verulegu máli.

Fjölskylduvænt samfélag verður ekki til af sjálfu sér

Nú þegar ég er sjálf orðin amma horfi ég á þessi mál frá enn einu sjónarhorninu. Ég sé hjá næstu kynslóð hversu mikilvægt það er að geta skipulagt fjölskyldulífið án þess að þurfa sífellt að hafa áhyggjur af fjárhagslegum afleiðingum ákvarðana um barneignir.

Við höfum áhyggjur af lækkandi fæðingartíðni á Íslandi og tölum gjarnan um mikilvægi þess að fleiri börn fæðist. En þá verðum við líka að skoða hvort lögin okkar styðji raunverulega við ungar fjölskyldur eða setji þeim óþarfa hindranir.

Fyrir 25 árum vildi ég breyta kerfi sem mér fannst ósanngjarnt gagnvart ungum foreldrum í Mosfellsbæ. Í dag vinn ég enn að sömu hugsjón, að gera samfélagið fjölskylduvænna og auðvelda fólki að eignast börn.

Það á nefnilega að vera gleðiefni að eignast barn, ekki fjárhagsleg áhætta.

Bryndís Haraldsdóttir,
alþingismaður



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

EKKI ALLT ... SEM GLÓIR: Námurekstur í Mosfellsbæ?



Gullið í gamla Miðdalslandi (nú Þormóðsdal) í Mosó er til komið í fornum háhitasvæðum og finnst í kvartsæðum og grannbergi þeirra. Þau gosberglög og innskotsberg eru hluti af 1,5 til 2 milljóna ára megineldstöð (Stardalseldstöðinni) ásamt eldstöðvakerfi, löngu óvirku. Rofleifar eldstöðvarinnar sjást t.d. í Móskarðahnjúkum, í lágum fellum nálægt Stardal og í Grímannsfelli. Austan við fellið eru dalir og gil og lindar-/dragá kennd við Seljadal.

Á allstóru landsvæði nálægt dalnum fannst kvartsæð upp úr 1920 sem var seinna brotin, m.a. til að steina byggingar, t.d. Þjóðleikhúsið og fjölda annarra húsa. Í harðri steintegundinni (samband kísils og súrefnis) reynast vera snefilefnaagnir. Þau málmsambönd eru hluti af kvartsútfellingunum, ættuðum úr kvikugösum háhitasvæðanna. Í bland við málmsamböndin er hreint gull í allháu hlutfalli, mælt í grömmum á hvert tonn af kvartsi. Nú hefur kanadískt námufyrirtæki ákveðið að sinna frekari rannsóknum á svæðinu. Bora á misdjúpar holur til að kanna útbreiðslu kvartsæða og mögulegt vinnslusvæði og taka fleiri grjótsýni til að greina. Það er þáttur í að áætla vinnsluhæfni gullnámu.

Gullnámurekstur er dýr og væntanlega stýrir hagnaðarvon af honum framhaldinu af hálfu fyrirtækisins, eins og saga nútímagullvinnslu sýnir. Algengur gullgröftur (*e. open pit mining*) er mjög vatnskræfur, landfrekur og skilar miklu af mulningi, menguðu vatni og leðju út í umhverfið. Frekari hefðbundin vinnsla gulls fer svo fram með efnafræðilegum útdrætti þar sem m.a. kalk, sýaníð, natríum- eða kalsíumsýaníð, kolefni og vítissódi koma við sögu á fyrra stigi og svo rafgreining og/eða aðrar aðferðir á því seinna. Nýrri og dýrari aðferðir á fyrra stigi, með öðrum efnasamböndum og tækni, eru kunnar og sums staðar notaðar.

Um framtíðarvinnsluaðferðir fyrirtækisins vitum við ekkert, verði ákveðið að opna námu þarna, þ.e. ef leyfi fást. Aðferðir gull- og silfurvinnslu þess ættu að vera uppi á borðum nú þegar. Ég tel meira en vafasamt að leyfa málmvinnslu austan Grímannsfells, hvað sem líður innanlandstekjum, mönnun vinnustöðva eða mögulegum áætlunum um varnir gegn mengun og röskun víðerna. Verndum og nýtum land og vatn til annarra þarfa en umfangsmikils námugraftar og málmvinnslu nálægt þéttbýlinu á vatnasvæði Seljadalsár og Úlfarsár/Korpu.

Ari Trausti Guðmundsson

Framkvæmdir sem bæta bæinn okkar





Fyrr á árinu skrifuðum við grein hér í Mosfelling þar sem við fórum yfir fjölmargar framkvæmdir sem þá voru fram undan í bænum. Nú þegar haustið er gengið í garð er ánægjulegt að sjá hversu mörg þessara verkefna hafa orðið að veruleika. Nýir leikvellir, bætt íþróttaaðstaða og fjölbreyttari möguleikar til hreyfingar og samveru eru mikilvæg skref í uppbyggingu Mosfellsbæjar.

Flest þessara verkefna voru undirbúin á síðasta kjörtímabili þegar við í Framsókn vorum í meirihluta bæjarstjórnar og voru á fjárhagsáætlun fyrir árið 2026. Þau endurspegla þá sýn okkar að Mosfellsbær eigi að vera fjölskylduvænt samfélag þar sem íbúar á öllum aldri hafi góða möguleika til hreyfingar, útivistar og félagslegrar þátttöku.

Fjölbreyttari aðstaða fyrir alla aldurshópa

Nýir leikvellir, á borð við leikvöllinn við Asparlund í Reykjahverfi, eru gott dæmi um framkvæmd sem skilar miklu til nærumhverfisins. Við Kvíslarskóla hefur glæsilegur útikörfuboltavöllur verið tekinn í notkun og í Ævintýragarðinum hefur bæst við ný fjallahjólabraut. Þá hefur verið unnið að endurbótum á skólalóðum, meðal annars við Lágafellsskóla og Varmárskóla, sem bæta aðstöðu barna til leiks og hreyfingar.

Á Varmársvæðinu hefur verið unnið að mikilvægum framkvæmdum. Þar ber helst að nefna nýjan frjálsíþróttavöll með upphitaðri hlaupabraut, bætta styrktaraðstöðu og félagsaðstöðu fyrir íþróttastarf Aftureldingar. Þá er ánægjulegt að lengri helgaropnun Lágafellslaugar sé komin til að vera, enda var það breyting sem margir íbúar höfðu kallað eftir.

Mikill ávinningur fyrir samfélagið

Þessar framkvæmdir sýna vel hversu miklu markvissar fjárfestingar geta skilað. Leikvellir, útivistarsvæði og minni íþróttamannvirki eru oft tiltölulega hóflegar fjárfestingar miðað við samfélagslegan ávinning. Þau skapa tækifæri til hreyfingar, félagslegra samskipta og samveru og gegna mikilvægu hlutverki í forvörnum og heilsueflingu.

Við teljum jafnframt mikilvægt að nýta betur þær fasteignir sem Mosfellsbær á nú þegar. Þar viljum við sérstaklega horfa til annarrar hæðar Hlégarðs og þess að ljúka við þriðju hæð Brúarlands. Með betri nýtingu þessara bygginga má skapa aukin tækifæri fyrir menningar- og félagsstarf án þess að ráðast þurfi í kostnaðarsamar nýbyggingar.

Áframhaldandi uppbygging

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027 munum við í Framsókn leggja ríka áherslu á að áfram verði fjárfest í verkefnum sem bæta daglegt líf Mosfellinga. Þar horfum við sérstaklega til leiksvæða, íþrótta- og útivistaraðstöðu, forvarna og betri nýtingar á mannvirkjum bæjarins.

Það þarf ekki alltaf stórar og kostnaðarsamar framkvæmdir til að hafa mikil áhrif á lífsgæði fólks. Oft eru það einmitt minni verkefnin, sem snerta daglegt líf íbúanna, sem skila mestum ávinningi.

Þannig viljum við halda áfram að byggja upp Mosfellsbæ – með skynsamlegum fjárfestingum sem gera góðan bæ enn betri.

Sævar Birgisson og
Halla Karen Kristjánsdóttir,
bæjarfulltrúar Framsóknar í Mosfellsbæ

Árangur LEB er ótvíræður – en fátækt eldri borgara er þjóðarskömm



Landssamband eldri borgara (LEB) hefur á síðustu fimm árum náð mikilvægum árangri í réttinda- og kjarabaráttu eldra fólks. Það er ástæða til að fagna þeim sigrum sem unnist hafa. Þeir eru ekki sjálfsagðir og komu ekki af sjálfu sér. Þeir eru afrakstur þrotlausrar baráttu, samstöðu og skýrrar kröfugerðar gagnvart stjórnvöldum. Núverandi stjórnvöld hafa sýnt okkur velvilja og það ber að þakka. En við megum ekki láta árangurinn blinda okkur. Þrátt fyrir batnandi lífskjör stórra hópa þjóðarinnar búa þúsundir eldri borgara enn við kjör sem við eigum ekki að sætta okkur við í einu ríkasta samfélagi heims.

Sigrar sem skipta máli

Einn stærsti sigur LEB er samþykkt Alþingis um að grunnlífeyrir almannatrygginga hækki í samræmi við launavísitölu frá 1. janúar 2027. Þetta er grundvallarbreyting sem sambandið hefur lengi barist fyrir. Hún felur í sér mikilvæga viðurkenningu á því að eldri borgarar eigi að njóta þeirrar kjaraþróunar sem verður í samfélaginu.

Annar mikilvægur sigur náðist á árinu 2026 þegar Alþingi samþykkti breytingar á reglum um endurnýjun ökuskírteina eldri borgara. Þar var loksins brugðist við áralangri baráttu gegn óþarfa kostnaði og íþyngjandi kröfum. Þetta snýst ekki bara um peninga heldur einnig um sjálfstæði, ferðafrelsi og mannlega reisn.

LEB hefur orðið öflugra og sýnilegra í þjóðfélagsumræðunni. Á síðasta starfsári heimsóttum við öll aðildarfélög sambandsins, sem eru 61 talsins. Þar fundum við fyrir miklum krafti og samstöðu.

Við höfum eflt samstarf við verkalýðshreyfinguna og önnur hagsmunasamtök og komið málefnum eldri borgara af meiri þunga inn í stjórnmálaumræðuna. Það er árangur sem við eigum að vera stolt af og þakklát fyrir.

Þúsundir eldri borgara sitja eftir

En það er önnur hlið á íslenska velferðarsamfélaginu sem stjórnvöld verða að horfast í augu við. Samkvæmt þeim tölum sem LEB hefur undir höndum hafa um 1.200 eldri borgarar heildartekjur undir 400 þúsund krónum á mánuði og um 8.000 hafa tekjur undir lægstu launatöxtum á almennum vinnumarkaði.

Hvernig getur þjóð sem státar af mikilli velmegun réttlætt slíka stöðu? Hvernig getur það talist ásættanlegt að fólk sem hefur unnið alla sína starfsævi, greitt skatta og byggt upp samfélagið þurfi á efri árum að velja á milli matar, lyfja og húsaleigu? Við skulum kalla hlutina réttum nöfnum. Þetta er fátækt og hún er óásættanleg.

Það er auðvelt fyrir stjórnmálamenn að tala um góðæri, hagvöxt og aukinn kaupmátt. En þær yfirlýsingar eru lítils virði fyrir þann eldri borgara sem á ekki fyrir nauðsynjum þegar líður á mánuðinn. Eldri borgarar sem hafa lægstu tekjurnar eiga sjaldnast raunhæfan möguleika á að bæta stöðu sína með aukinni atvinnuþátttöku. Þeir eru algjörlega háðir lífeyrisgreiðslum og ákvörðunum Alþingis um afkomu sína. Þess vegna er ábyrgð stjórnvalda ótvíræð.

Fimm kröfur sem þola enga bið

LEB hefur sett fram skýrar áherslur fyrir starfsárið 2026–2027. Þar eru fimm verkefni sem verða að njóta forgangs:

1. Sérstök mánaðarleg uppbót til þeirra tekjulægstu.

Þetta er brýnasta krafan. Tekjulægstu eldri borgararnir þurfa sérstaka mánaðarlega uppbót með sambærilegum hætti og aldursuppbót öryrkja. Það er engin réttlæting fyrir því að þeir sem minnst hafa þurfi að bíða árum saman eftir raunverulegum kjarabótum. Hér geta stjórnvöld gripið til markvissra aðgerða strax.

2. Almenna frítekjumarkið verði að minnsta kosti 100.000 krónur á mánuði.

Núverandi frítekjumark er allt of lágt. Það er fráleitt að skerða lífeyri fólks svo harkalega vegna hóflegra viðbótartekna. Eldri borgarar eiga að geta bætt afkomu sína án þess að stór hluti viðbótarteknanna hverfi í skerðingar. Hér geta stjórnvöld jafnframt gripið til aðgerða strax, eins og þau gerðu í málefnum öryrkja.

3. Sérstakt frítekjumark fjármagnstekna verði að veruleika.

Það er skýrt fyrirheit í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að setja sérstakt frítekjumark á fjármagnstekjur. Við það verður að standa. Fólki sem hefur sýnt ráðdeild og lagt fyrir til efri áranna á ekki að refsa með skerðingum á lífeyri. Sparnaður á að skapa öryggi og það er lágmarkskrafa að fólk megi eiga fyrir útför sinni.

4. Bilinu milli grunnlífeyris og lægstu launa verði lokað.

Tenging grunnlífeyris við launavísitölu er stór sigur en hún eyðir ekki því bili sem þegar hefur myndast. Það þarf sérstakar aðgerðir til að tryggja að eldri borgarar með lægstu tekjurnar haldi ekki áfram að dragast aftur úr öðrum þjóðfélagshópum. Við eigum ekki að sætta okkur við að grunnlífeyrir tryggi ekki mannsæmandi afkomu.

5. Húsnæðisöryggi verði tryggt.

Enginn eldri borgari á að þurfa að verja meirihluta ráðstöfunartekna sinna í húsaleigu. LEB hefur lagt áherslu á að húsnæðiskostnaður verði ekki meiri en 25% ráðstöfunartekna. Það þarf að fjölga hagkvæmum leiguíbúðum og tryggja óhagnaðardrifnum húsnæðisfélögum aðgang að lóðum. Öruggt húsnæði er ekki munaður heldur grundvallarforsenda mannsæmandi lífs.

Nú verða stjórnvöld að sýna viljann í verki

Það er afar jákvætt að núverandi stjórnvöld hafi tekið undir ýmsar kröfur LEB og að mikilvægar breytingar hafi náð fram að ganga. Fyrir það ber að þakka. LEB hefur sýnt að samtökin geta náð árangri, ekki síst þegar stjórnvöld eru okkur hliðholl. Við höfum haft áhrif á lagasetningu, knúið fram réttarbætur og gert rödd eldri borgara sterkari. Það er mikilvægt veganesti fyrir næstu verkefni.

En stærsti sigurinn er enn ónunninn. Hann verður ekki unninn fyrr en þeir eldri borgarar sem minnst hafa geta lifað með reisn, án stöðugra fjárhagsáhyggna og ótta við næstu mánaðamót. Það er ekki skortur á fjármunum sem kemur í veg fyrir að við bætum hag þeirra verst settu. Það er fyrst og fremst spurning um pólitíska forgangsröðun.

Við sem störfum innan LEB ætlum að halda áfram að berjast af fullum krafti. Við fögnum þeim sigrum sem náðst hafa en við ætlum ekki að sætta okkur við að þúsundir eldri borgara séu skildir eftir. Það er ekki ölmusa sem eldri borgarar fara fram á. Það eru réttlæti, virðing og mannsæmandi lífskjör.

Björn Snæbjörnsson,
formaður Landssambands eldri borgara

BÍLAVIÐGERÐIR
BÍLHÚSIÐ
www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

CONSENSA

FHS
Hjálmar Guðmundsson
Löggildur húsasmíðameistari
s:6959922
fhsverk@gmail.com

B&T
RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070
Skemmuvegi 44m - Kópavogi
www.bilarogtjon.is

FÓTAAÐGERÐASTOFA
MOSFELLSBÆJAR
Þverholti 3 - Sími: 566-6612

SÚKKULAÐI.IS
10% afsláttur með kóðanum MOSFELL
Gildir til 30. nóvember

B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690
www.bmarkan.is

Rafís ehf.
Raflagnir og þjónusta
Raflagnir í nýbyggingum
Endurbætur og viðhald
Iðnaðarraflagnir
rafisehf.is

BestPrent.is
prentum og merkjum
661 5054
Límmiðar · Bílamerkingar · Skilti
Ljósmyndaprentun · Gluggafilmur

KRUMMATAK
ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA
Hrafn Darri Guðjónsson
Sími: 6960530
Netfang: krummatak@gmail.com
Staðsetning: Mosfellsbær

Dalsgarður
– við gerum rósir

LÍKAMI OG SÁL
Fótaaðgerðastofa og verslun
Þverholt 11, sími 5666307, noona.is/likamiogsal

GLERTÆKNI ehf
Völuteigi 21
- gler í alla glugga -
S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

MALBIKSTÖÐIN

Útfararstofa Íslands
www.utforin.is • Mosfellsbæ

Sverrir Einarsson S: 896 8242 | Jóhanna Eiríksdóttir | Jón G. Bjarnason S: 793 4455
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

AFLTAK EHF.
S: 660 0770 - www.afltak.is

VIÐ SÆKJUM BÍLA FRÍTT TIL FÖRGUNAR!
...og þú færð greitt 30.000 Kr. skilagjald

KRAFT FLUTNINGAR
BÍLA- & TÆKJAFLUTNINGAR
551-2280


BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Frí Tjónaskoðun
GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI
Auðbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is
554 2510

Fébætur
Innheimta slysa- og skaðabóta

GARÐMENN
...gerum garðinn frægan!
Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.
Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.
Sími 893 5788

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu
Útvega allt jarðefni
VÖRUBÍLL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142


OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA

Lágafellslaug
Virkir dagar: 6:30 - 22:00
Helgar: 08:00 - 19:00
Varmárlaug
Virkir dagar: 6:30-08:00 og 15:00-21:30
Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00


VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1968
896-9443 896-2279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF

BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM

TIMBURGRINDARHÚS
KROSSLÍMDAR EININGAR
SVALALOKANIR
GLUGGAR OG HURÐIR
EININGAR EHF
WWW.EININGAR.IS
Sími: 565 1560 einingar@einingar.is

Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS

HEYRST HEFUR ...

...að Magnús Már segi: „Ég er samningsbundinn Aftureldingu og er mjög ánægður þar. Þar er ég bara að undirbúa næsta tímabil.“

...að Bergrún Alexandersdóttir hafi verið valin Akstursíþróttakona ársins 2026.

...að Mosfellingar séu ekki forvitnir. Þeir vilja bara vita hver keypti húsið, hvað það kostaði, hvað fólkið gerir og hvort þau eigi börn.

...að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsaki enn innbrot sem framið var í Dalsbú í Mosfellsdal í lok júlí. Enginn er grunaður en vonir standa til að málið verði leyst fljótlega.

...að ÍA muni mögulega spila alla sína heimaleiki í Bestu deildinni í Mosfellsbæ. Þeir eru víst ekki með löglegan völl á Skaganum.

...að reynt hafi verið við Óla í IKEA og hann eltur út í bíl af dömu sem hefur augljóslega lært mikið um seiglu.

...að Sólveig Anna Jónsdóttir verði ekki hluti af dagskrá bæjarhátíðarinnar Í túninu heima 2027.

...að veðurspáin fyrir Mosó sé björt, með möguleika á roki, rigningu, sól, slyddu og einhverju sem ekki hefur verið skilgreint enn.

...að leikarahjónin Arnór Björnsson og Kolbrún María Másdóttir hafi nýverið haldið brúðkaupið sitt í Hlégarði.

...að Andrea Dagbjört hafi eignast dreng á dögunum.

...að margir hafi fengið nikótínsjokk þegar þeir sáu útganginn á Nikulási í Bjarkarholti 12.

...að Helga Dögg hafi fagnað afmælinu sínu í góðra vinahóp á Salt í vikunni.

...að opnunargleði VERU wellness verður haldin á laugardaginn

...að enn sé deilt um hvað teljist „gamli Mosó“. Þeir sem fluttu hingað fyrst telja almennt að mörkin liggi rétt eftir að þeir sjálfir komu.

...að Baldvin Jón Hallgrímsson sé að skoða húsnæði á Englandi og leitar af kostendum til að styrkja sig í því að verða atvinnumaður í Pílu eftir sigurinn í Allý Pallý Mosó All star.

...að það sé enn hægt að komast á milli hverfa í Mosó án þess að fara í gegnum hringtorg. Enginn hefur þó viljað upplýsa hvaða leið það er.

...að Mosfellingar vilji meiri uppbyggingu í bænum, svo lengi sem hún er ekki alveg hjá þeim.

Sendið okkur skemmtilega „Heyrst hefur“ mola á mosfellingur@mosfellingur.is

SETNINGAR Í SAMBÖNDUM

1	„Gerðu bara það sem þú vilt.“	Þú mátt alls ekki gera það sem þú vilt.
2	„Ég er ekki pirruð/pirraður.“	Málið hefur verið skráð og verður tekið fyrir síðar.
3	„Mér er alveg sama hvar við borðum.“	Það eru samt að minnsta kosti sjö staðir sem koma ekki til greina.
4	„Ég verð tilbúin/n eftir fimm mínútur.“	Fimm mínútur eru hér hugtak, ekki tímasetning.
5	„Þú þarft ekki að kaupa neitt fyrir mig.“	Þú þarft að kaupa eitthvað mjög vel valið.
6	„Það er ekkert að.“	Það er eitthvað. Og þú átt líklega að vita hvað.
7	„Við skulum ekki gera mikið úr þessu.“	Þetta verður rætt í að minnsta kosti þrjá daga.
8	„Ég hlusta alveg á þig.“	Viðkomandi heyrði síðustu þrjú orðin og er nú að reyna að endurbyggja samtalið.
9	„Ég ætla bara aðeins að kíkja.“	Við erum ekki að fara heim næsta klukkutímann.
10	„Nei nei, þetta er allt í lagi.“	Það er alls ekki í lagi. Þetta er líklega verst.

Einhleyp/ur mánaðarins

Hvernig myndir þú lýsa draumamakanum þínum í þremur orðum? Jákvæð, fyndin og skilningsrík.
Hvað má draumamakinn þinn aldrei segja á fyrsta deiti? „Ég gæti aldrei búið í Mosfellsbæ.“ Þá er þetta bara orðið kveðjukaffi.
Hvort skiptir meira máli: húmor eða gáfur? Húmor. Hún þarf samt að vera nógu gáfuð til að velja mig.
Hvernig myndi fullkomið deit líta út? Fjallganga, svo heim að gera sig klár fyrir kvöldið. Hittast aftur og fara í lúguna á KFC: Zinger Tower-máltíð, appelsínusafi í staðinn fyrir gos og kokteilsósa með. Svo kaupa í eðlu, svartan Doritos og fara heim að horfa á Harry Potter.
Hvort er meira aðlaðandi: sjálfstraust eða góðmennska? Góðmennska. Það er fátt meira aðlaðandi en að koma vel fram við aðra og setja sig í þeirra spor.
Hvaða raunveruleikasjónvarpsþátt myndi draumamakinn þinn aldrei neyða þig til að horfa á? Keeping Up with the Kardashians. Ég er alveg til í að kynnast hennar fjölskyldu en þarf ekki að fylgjast með þessari líka.
Hvaða sameiginlega áhugamál væri skemmtilegast að eiga? Að fara saman á fótboltamót hjá krökkunum. Standa á hliðarlínunni á N1-mótinu og vera bæði sannfærð um að við sjáum þetta betur en dómarinn.


ARON VALUR

Myndir þú frekar velja rómantíska einstakling eða fyndinn einstakling? Fyndinn. Ef hún nær að láta mig hlæja er hún komin ansi langt.
Hvað er „rauða flaggið“ sem þú myndir líklega hunsa? Að hún segist ekki vera svöng en borði svo helminginn af frönskunum mínum. Ég myndi samt alltaf trúa henni næst.
Ef draumamakinn þinn væri heimilistæki, hvaða tæki væri það og af hverju? Vöfflujárn. Hlý, gerir venjulegan sunnudag betri og á vísan stað í hjartanu mínu.

Ábendingar sendar á mosfellingur@mosfellingur.is

EINKA MÁLA AUGLÝS INGAR

Leita að einhverri sem nennir þessu

Karlmaður í Mosó, 49 ára, sæmilega vel farinn og enn með upprunaleg hné, leitar að konu með húmor og hóflegar væntingar.
Ég kann að elda þrjá rétti, skipta um ljósaperu án YouTube og veit hvenær ég á að segja „já, elskan“ þótt ég skilji ekki alveg spurninguna.
Leita að konu sem kann að hlæja, hefur ekki áhyggjur af því að ég sofni yfir sjónvarpinu og samþykkir að stundum sé kvöldmatur bara brauðrist og bjartsýni.
Reyklaus. Skuldlaus. Smá þrjóskur.
Fyrsta stefnumót: kaffi. Annað: ef hvorugt okkar blokkar hitt.

Góður maður óskast – fullbúinn

Kona, 44 ára, sjálfbær að mestu og með eigin Netflix-aðgang, leitar að manni sem er tilbúinn í samband og þarf ekki sex mánuði til að „finna sjálfan sig“.
Æskilegt er að þú getir svarað skilaboðum innan sama sólarhrings, eigir að minnsta kosti eitt lak sem passar á rúmið og vitir að orðið „fín“ getur haft margar merkingar.
Ég hef gaman af góðum mat, hlátri, ferðalögum og fólki sem kemur þegar það segist ætla að koma.
Engin krafa um sexpakka.
Stór kostur ef þú átt verkfærakassa og veist hvar hann er.
Prufutími hefst með einum kaffibolla.

Nærvera
BJARKARHOLT 2 · MOSFELLSBÆR · 766 3333

Snyrting og vellíðan

Litun og plokkun
Augnháralengingar
Lash lift
Brow lift
Andlitsmeðferðir
Vaxmeðferðir
Fótsnyrting
Brúnkusprautun
Förðun
Varanleg förðun
Hárlengingar
Nudd

BÓKAÐU TÍMA Á
www.naervera.is eða í Noona appinu

Vefverslun með snyrtivörur
Heildsala með vörur fyrir augnháralengingar

Námskeið í augnháralengingum
Nærvera er samþykktur fræðsluaðili hjá Starfsmenntasjóði

KYNNINGARAFSLÁTTUR
20%
af brúnkusprautun
gildir til 15.nóvember 2026
tan studio



NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT

26. NÓVEMBER

Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

WWW.MOSFELLINGUR.IS


GIRÐIR

ÖRYGGISGIRÐINGAR - VERKTAKA - JARÐVEGSSKRÚFUR
BUGÐUFLJÓT 15J - 270 MOSFELLSBÆR
SÍMI 546-6667 - GIRDIR@GIRDIR.IS
WWW.GIRDIR.IS

GÓÐIR MENN EHF
Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki





Öll almenn véru- og kranabílaþjónusta

- Grabbi, grjótkló, mannkarfa.
- Vatnstankur með dælu.
- Trjáfellingar og förgun.
- Útvega öll jarðefni.

BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042

Sjúkraþjálfun & Sjúkranudd
HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR

Urðarholt 4 Mosfellsbær Sími 578 5080

Ökukennsla HREIÐARS
8201616
ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~
BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR
Flugumýri 2 - Sími 566-6216

Bílapartar ehf
Notaðir **TOYOTA** varahlutir
Sími: 587 7659
Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

MALBIKSTÖÐIN

MG LÖGMENN
Öll almenn lögfræðiþjónusta
Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

www.arioddsson.is
ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI
MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI
Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

Ökukennsla Lárusar
Gsm 7775200 akamos@simnet.is

BílaGlerið
Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510
Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla
Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvaða app notar þú mest í símanum þínum?



SVAVA SIGURJÓNS
Duolingo er klárlega mest notað.



BIRGIR BJÖRN
Ég held að ég noti langmest Spotify.



ÞÓRUNN ALDA
Instagram, verð ég að viðurkenna.



ARNÞÓR BJÖRN
Duolingo nota ég mest í símanum mínum.



JENS GÍSLI
Leikur sem heitir Geometry Dash, hann er mjög skemmtilegur.

Fylgdu okkur á Instagram...



HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is


Sigur hjá Hvíta riddaranum


Kennarar voru fangar í Kvíslaskóla


Snædís og Andri með börnin


Arnór Gauti með BS gráðu í hús


Bergrós hélt Halloween partý erlendis


Heiðrún, Kristófer og fjölskylda




Brúðkaupsfín

FALLEGT FÓLK

REYNIR OG REBEKKA Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP

EKKI ANNAÐ AÐ SJÁ EN AÐ HÓPURINN HAFI SKEMMT SÉR KONUNGLEGA

TVÍFARAR


Einar Örn


Valtteri Bottas



PIZZAN

MOSFELLS TILBOÐ

STÓR PIZZA AF MATSEÐLI

2.590KR



BRAUÐSTANGIR

690KR

SÆKTU PIZZA APPIÐ!

DOWNLOAD ON THE App Store

GET IT ON Google Play

*GILDIR AÐEINS Í HÁHOLTI

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
fastmos.is

MOSFELLINGUR
WWW.MOSFELLINGUR.IS - MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

AUGLÝSA Í BLAÐINU?
mosfellingur@mosfellingur.is

ÁLAFOSSKVOS OPNAR INNAN SKAMMS

Bræðurnir og eigendurnir Lárus Guðbjartsson t.v. og Hafsteinn Guðbjartsson t.h., á milli þeirra er verslunarstjórinn Sarah Emma O'Neill

Mynd/Simmi Vill







Bókaðu tíma á nesdekk.is

Nesdekk er loksins komið í Mosfellsbæ.

Verslum í heimabæ!





Bókaðu tíma í dekkjaskipti og skoðaðu úrval dekkja á nesdekk.is

Völuteig 29
270 Mosfellsbæ
590 2097

Þjónustur: Dekk, Bremsur, Demparar

NESDEKK